


skoðun 14

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




Betra brauð í saumaklúbbinn!
HATTING





# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
5. apríl 2011
79. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA
2001-2011




## Litrík orgelflóra

*Haukur Guðlaugsson heldur útgáfutónleika í tilefni áttræðisafmælis síns.*

tímamót 18

## Hasarmynd í bígerð

*Auðunn Blöndal og félagar gera bíómynd upp úr Leynilöggreglustiklunni.*

fólk 30



## Oddaleikur

*Keflavík vann KR öðru sinni í framlengdum leik. Liðin þurfa að mætast í hreinum úrslitaleik.*

sport 26

### veðrið í dag




**KÖFLÓTT** Í dag verða suðvestan 3-8 m/s. Dálítil væta með köflum en þurrt að mestu N-til. Hiti 2-8 stig.

VEÐUR 4

# Taldir hafa misnotað lítinn dreng gróflega

**Faðir átta ára drengs og vinur föðurins sitja í varðhaldi grunaðir um að hafa beitt drenginn mjög grófri misnotkun um nokkurt skeið. Heima hjá mönnunum fundust fíkniefni. Leita á að myndum af drengnum í tölvum þeirra beggja.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn sitja nú í gæsluvarðhaldi, grunaðir um kynferðislega misnotkun á ungum dreng. Þetta staðfestir Björgvin Björgvinsson, yfirmaður ofbeldisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hann kvaðst ekki vilja tjá sig um efnisatriði málsins þegar eftir því var leitað að öðru leyti en því að mennirnir hefðu verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 6. apríl næstkomandi.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst barst málið til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá Barnaverndarnefnd Kópavogs. Mennirnir, sem eru á fertugsaldri og um fimmtugt, voru handteknir síðastliðinn fimmtudag. Húsleitir voru gerðar heima hjá þeim báðum að fengnum úrskurði dómara. Á báðum heimilunum fundust fíkniefni, bæði marijúana og hvítt efni sem talið er vera kókaín. Þá var lagt hald á tölvur beggja mannanna vegna gruns um að í þeim sé að finna myndir sem sýna börn, þar á meðal unga drenginn, á klámfenginn og kynferðislegan hátt. Mennirnir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald skömmu eftir að þeir voru handteknir.

> **8** ár er aldur drengsins sem mennirnir tveir eru grunaðir um að hafa misnotað kynferðislega.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leikur grunur á að drengurinn, sem er átta ára gamall, hafi sætt kynferðislegri misnotkun af hálfu mannanna í einhvern tíma og að brotin hafi verið mjög gróf. Annar mannanna, sá um fimmtugt, er faðir drengsins en hinn maðurinn er vinur föðurins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

- jss




FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**BJÖRG Í BÚ** Sigurður H. Guðfinnsson grásleppukarl var ánægður með aflann sem hann dró úr sjó og landaði í Reykjavíkurhöfn í gær. Þau 600 kíló af grásleppu sem voru í karinu gefa um 280 kíló af hrognum. Áður fyrr hentu Íslendingar sjálfum fisknum en eru nú í auknum mæli farnir að hirða hann, sérstaklega til útflutnings.

Útlendingastofnun endurskoðar umsókn Priyönku Thapa um dvalarleyfi:

# Æpti upp yfir mig af gleði

**FÓLK** „Ég æpti upp yfir mig af gleði. Þetta er mikill léttir, það er von," segir Priyanka Thapa sem fékk að vita það seinni partinn í gær að Útlendingastofnun ætlar að endurskoða umsókn hennar um dvalarleyfi hér á landi.

Priyanka sótti sem kunnugt er um dvalarleyfi af mannúðarástæðum hér á landi þar sem fjölskylda hennar í Nepal hefur gefið hana manni til að komast hjá örbirgð. Það hugnast Priyönku ekki. Hún hefur aldrei hitt manninn og vill heldur vera hér og ná sér í frekari menntun.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra fagnar ákvörðun Útlendingastofnunar. Hann átti fund með stjórnendum stofnunarinnar í gær og boðar breytingar á stefnu hennar og regluverki.

- kh / sjá síðu 2

Íslenskt sjónvarpsefni í útrás:

## Finnar kaupa óséða þætti

**SJÓNVARP** Finnska ríkissjónvarpið YLE hefur keypt sýningarréttinn á sjónvarpsþáttunum Heimsendi. Tökur á þáttunum hefjast þó ekki fyrr en í júní, en leikstjórinn Ragnar Bragason vinnur nú að handriti ásamt Pétri Jóhanni Sigfússyni, Jörundi Ragnarssyni og Jóhanni Ævari Grímssyni.



RAGNAR BRAGASON

„Það er kominn góður fílingur eftir sýningar á Vaktaseríunum," segir Ragnar, en þáttaraðirnar hafa allar verið sýndar á YLE við góðan orðstír. „Þetta er sami hópurinn og sama fyrirtæki á bak við Heimsendi og þeir treysta því."

- afb / sjá síðu 30



**ENDURLÍFGUN** Íslendingar eru vel upplýstir um fyrstu hjálp.

Góður árangur endurlífgana:

## Fjórðungur lifir

**HEILSA** Hlutfall þeirra sem útskrifast af Landspítala eftir hjartaendurlífgun er með því hæsta sem gerist í heiminum. Frá þessu var greint á Vísindaþingi skurð-, svæfinga- og gjörgæslulækna um síðustu helgi.

„Af þeim sjúklingum sem komust lifandi á Landspítala eftir endurlífgun vegna hjartaáfalls útskrifaðist fjórðungur lifandi," segir Brynjólfur Mogensen, yfirlæknir á bráðasviði Landspítala, en árangurinn í öðrum löndum er yfirleitt 10-15 prósent. Meðal þess sem útskýrir góðan árangur er hátt hlutfall grunnendurlífgunar, en í 62 prósentum tilvika var endurlífgun reynd fyrir komu neyðarbíls.

- sg / sjá Allt í miðju blaðsins

GILDIR ÞRIÐJUDAG & MIÐVIKUDAG
48 TÍMA OFURTILBOÐ
40%
AFSLÁTTUR AF BRAUÐRISTUM OG HRAÐSUÐUKÖNNUM
19 GERÐIR
Rafha ehf.
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500 www.rafha.is



FERMINGARBÆKLINGUR FYLGIR BLAÐINU Í DAG
SEX VERSLANIR
ALLTAF BETRA VERÐ
TÖLVULISTINN TL.IS
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

SKÓLA OSTUR
Hollt og gott veganesti
ms.is



Óvissa ríkir um framhald máls Geirs Haarde eftir að saksóknari Alþingis var skipaður ríkissaksóknari í gær:

# Segir þrjá kosti í stöðunni eftir skipunina

**STJÓRNSÝSLA** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra skipaði í gær Sigríði J. Friðjónsdóttur, saksóknara Alþingis, í embætti ríkissaksóknara. Sigríður hefur undanfarið verið í leyfi frá starfi sínu sem vararíkissaksóknari.

Sigríður segir að nú séu þrír kostir í stöðunni. Sá fyrsti sé að hún segi sig frá máli Alþingis á hendur Geir H. Haarde. „En það er nú kannski ekkert einfalt því ég er kosin í þetta starf. Það er talað um það í lögunum að það skuli kosinn varasaksóknari og hann á að taka við ef maður forfallast, en það er ekki hægt að segja að maður forfallist ef maður fær nýtt starf,“ útskýrir Sigríður. Auk þess sé hún komin á kaf í málið og því sé kannski ekki gott að yfirgefa það núna.

Annar kosturinn sé að setja annan ríkissaksóknara tímabundið þangað til málarekstrinum fyrir landsdómi sé lokið. „En auðvitað vil ég sjálf koma að þessu sem allra fyrst. Það er margt sem þarf að gera.“

Þriðji kosturinn sé að hún sinni störfunum einfaldlega samhliða. Málið gegn Geir sé bara eitt mál sem hún hafi tekið að sér og það sé algengt að fólk sinni aukaverkum með aðalstarfi. „Það er spurning hvort það horfir eitthvað öðruvísi við með þetta mál. Ég þarf að fara yfir það með fleirum en sjálfri mér,“ segir hún.



Auðvitað vil ég sjálf koma að þessu sem allra fyrst. Það er margt sem þarf að gera.

SIGRÍÐUR FRIÐJÓNSDÓTTIR
RÍKISSAKSÓKNARI

Sigríður ræddi í gær við Atla Gíslason, formann þingmannanefndarinnar, sem er henni til halds og trausts, og hann bjóst við að kalla nefndina saman og fá Sigríði á fundinn til að ræða stöðuna.

Sigríður segir að málareksturinn fyrir landsdómi þurfi ekki að taka nema nokkrar vikur eftir að ákæran verði gefin út, sem verði vonandi fyrir páska. - sh

## SPURNING DAGSINS



*Hjörtur, hvor ykkar feðganna er aðalspaðinn á heimilinu?*

„Guð minn góður, það er auðvitað sonurinn. Það er miklu meira efni í honum.“

Fríkirkjupresturinn Hjörtur Magni Jóhannsson vann um helgina Íslandsmeistaratitil í sínum flokki í borðtennis, eins og Magnús Jóhann sonur hans. Þeir æfa sig reglulega í kjallaranum.

# Mál Priyönku tekið til skoðunar að nýju

**Ráðherra ætlar að breyta stefnu og regluverki Útlendingastofnunar í kjölfar máls Priyönku Thapa. Ráðherra fundaði með stjórnendum stofnunarinnar í gær og í kjölfarið var ákveðið að taka umsókn Priyönku til endurskoðunar.**

**FÓLK** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra boðar breytingar á stefnu og regluverki Útlendingastofnunar í kjölfar þess að Priyönku Thapa, 23 ára stúlku frá Nepal, var synjað um dvalarleyfi af mannúðarsjónarmiðum hér á landi. Ögmundur átti fund með stjórnendum Útlendingastofnunar í gærmorgun og í kjölfarið fékk Priyanka tilkynningu um að umsókn hennar yrði endurskoðuð.

Mál Priyönku Thapa hefur verið mikið í umræðunni síðustu daga. Hún sagði sögu sína upphaflega í Fréttablaðinu síðasta aðfangadag þar sem kom fram að ef hún fengi ekki dvalarleyfi á Íslandi biði hennar þrældómur í heimalandinu. Móðir hennar, sem er einstæð, á orðið erfitt með að framfleyta sér og fötluðum syni sínum. Hún tók því til þess ráðs að gefa Priyönku fertugum manni sem hefur lofað að sjá fyrir fjölskyldunni. Priyanka hefur aldrei hitt manninn. Hún vill heldur búa hér á landi og afla sér frekari menntunar.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Útlendingastofnun synjaði umsókn Priyönku, taldi ekki nægar sannanir fyrir því að hún yrði neydd í hjónaband eða að hennar biði ómannúðleg eða vanvirðandi meðferð í heimalandi sínu.

Innanríkisráðherra átti fund með stjórnendum Útlendingastofnunar í gærmorgun þar sem farið var yfir stefnu og verklag stofnunarinnar. Síðar um daginn fékk Priyanka þær upplýsingar að umsókn hennar yrði tekin upp að nýju.



**PRIYANKA THAPA** Útlendingastofnun synjaði umsókn Priyönku þar sem hún taldi ekki nægar sannanir fyrir því að hún yrði neydd í hjónaband eða að hennar biði ómannúðleg eða vanvirðandi meðferð í Nepal. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELMI

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra fagnar ákvörðun Útlendingastofnunar. „Ég átti fund með Útlendingastofnun í gær þar sem við förum yfir stefnu og regluverk stofnunarinnar þegar kemur að því að veita fólki dvalarleyfi eða hafna. Þar eru augljóslega margar brotalamir sem verður að laga.“

Ögmundur segir að þeir sem gagnrýni störf Útlendingastofnunar verði að hafa það í huga að starfsmenn hennar vinni eftir þeim reglum og þeirri stefnu sem stjórnvöld setji. „Ef sú stefna er röng verða stjórnvöld að breyta henni og það ætla ég að gera,“ segir innanríkisráðherra.

Sigurður Örn Hilmarsson, lögfræðingur Priyönku, segir að nú verði unnið í umsókninni og frekari gögn lögð fram. „Það er ánægjulegt að sjá að Útlendingastofnun hafi séð að sér með þetta mál,“ segir Sigurður Örn. Hann segir óvíst hvenær niðurstaða fáist í málið. „Það tók þrjá mánuði að afgreiða síðustu umsókn hennar svo stofnunin þekkir málið vel. Ég reikna því ekki með að þetta taki jafn langan tíma núna.“

Ekki náðist í Kristínu Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, í gær. kristjan@frettabladid.is



**FRAMKVÆMDIR Á LÆKJARGÖTU** Undirbúningur fyrir göngugötu í Austurstræti er hafinn og ætlað er að þeim ljúki um miðjan maí næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framkvæmdir hafnar:

## Austurstræti fyrir gangandi

**SKIPULAGSMÁL** Framkvæmdir eru hafnar við að breyta Austurstræti milli Lækjargötu og Pósthússtrætis í göngugötu. Grænu stálpollarnir sem liggja eftir endilöngu strætinu við núverandi bílastæði verða fjarlægðir en trén í götunni verða áfram.

Við Lækjargötu verður lokað fyrir umferð inn í Austurstræti og járnhliðið sem trónt hefur þar yfir verður fjarlægt. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Reykjavíkurborg. Hellulögn verður endurnýjuð og snjóbræðslu verður komið fyrir. Áætluð verklok eru 16. maí. - sv

Lögreglan skoðar hótunarbréf:

## Já-boðberar fái sér strax lífverði

**LÖGREGLUMÁL Stefán Eiríksson, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, mætti sjálfur á ritstjórnarskrifstofur DV í gær vegna hótunarbréfs sem þangað barst.**

**Í bréfinu eru nafngreindir tuttugu fyrrverandi ráðherrar úr ýmsum stjórnmálaflokkum sem eiga það sameiginlegt að mæla með því að fólk segi já í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave. Bréfritarinn segir að þetta fólk ætti „nú þegar að fá sér lífverði eða sem allra fyrst“. Lögreglan telur bréfið ekki trúverðugt.** - gar

Obama gefur kost á sér:

## Ætlar að safna milljarði dala

**BANDARÍKIN, AP Barack Obama og Joe Biden tilkynntu í gær að þeir ætluðu að gefa kost á sér til annars kjörtímabils sem forseti og varaforseti Bandaríkjanna.**



BARACK OBAMA

**„Við höfum alltaf vitað að varanlegar breytingar koma hvorki hratt né auðveldlega,“ sagði Obama í gær. Í kosningabaráttu sinni fyrir þremur árum hafði hann lofað að gera gagngerar breytingar á bandarískum stjórnmálum.**

**Næstu kosningar verða haldnar í nóvember árið 2012. Þeir Obama og Biden eru snemma á ferðinni að þessu sinni vegna þess að þeir þurfa að safna einum milljarði dala, eða nærri 115 milljörðum króna, í kosningasjóð.** - gb

Risavaxið gjaldþrot Milestone:

## Níutíu milljarða gat í bókunum

**VIÐSKIPTI** Að óbreyttu mun aðeins eitt til þrjú prósent fást upp í kröfur í þrotabú Milestone, að sögn Gríms Sigurðssonar skiptastjóra. Þá tapast um níutíu milljarðar króna. Skilanefnd Glitnis á stærstu kröfuna, 46 milljarða króna.

Grímur segir stöðuna geta breyst ef þrotabúið vinnur tíu riftunarmál gegn fyrri eigendum og stjórnendum. Flest málin snúa að bræðrunum Karli og Steingrími Wernerssonum og Guðmundi Ólasyni, fyrrverandi forstjóra, meðal annars vegna ítrekaðra lánveitinga til bræðranna. Grímur telur að frá miðju ári 2007 hafi Milestone nánast eingöngu verið rekið með lánum frá Glitni. - þþ






Viðræðum haldið áfram þótt snurða hafi hlaupið á þráðinn hjá ASÍ og SA í gær:

# Þokast áleiðis í kjaraviðræðum

**KJARAMÁL** „Við erum að tala okkur nær hver öðrum. Það er enginn búinn að hafna neinu eða samþykkja neitt,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, um ganginn í kjaraviðræðum SA og ASÍ.

„Það hefur hvesst stundum en þetta þokast áfram,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. „Það hefur verið tekist á um launaliðinn. Það endaði með því að SA kom með útspil sem kom til móts við áherslur okkar að þessu leyti.“

Bæði Vilhjálmur og Gylfi segja enn standa upp á ríkisstjórnina til að ná megi samningi til þriggja ára.

„Þetta er háð því að stjórnvöld beiti sér og taki ákvarðanir sem duga til þess að auka hér verulega innspýtingu og fjárfestingar og að hér hefjist hagvaxtarskeið,“ segir Gylfi. „Stjórnvöld verða að taka ákvarðanir, bæði um rammaáætlanir og virkjanir, það gerist ekkert öðruvísi. Það er sjálfsblekking að halda að við getum aukið hagvöxt á óbreyttum umsvifum.“



**VILHJÁLMUR EGILSSON OG GYLFI ARNBJÖRNSSON** ASÍ og SA halda áfram að þrýsta á ríkisstjórnina varðandi fjárfestingar og önnur málefni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Vilhjálmur segir mikið velta á því að menn sjái til lands í málum sem snúi að ríkisstjórninni. Meðal annars varðandi stórframkvæmdir og lækkun tryggingargjalds sem skipti afgerandi máli varðandi launahækkanir. Enn sé óvissa um sjávarútveginn. „Við lítum svo á að það sé nauðsynlegt að sjávarútvegurinn sé með í samfélaginu,“ segir framkvæmdastjóri SA. - gar

Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

CHEVROLET

# Uppseldur!




Nýr Captiva 2011

## Glænýr Captiva kemur um mánaðamótin maí - júní

Ár slaufunnar er í algleymingi. Chevrolet fagnar 100 ára afmæli sínu með heilum flota af nýjungum. Ein af mest spennandi slaufum afmælisársins er nýr Captiva. Nú geta kröfuharðir ökumenn byrjað að hlakka til **- hér er á ferðinni gegnheill glæsileiki frá Chevrolet,-sjá benni.is.** Við eigum von á fyrstu Captiva bílunum um mánaðamótin maí - júní, en tökum við pöntunum strax.

Frábært verð - Dæmi:
Captiva LT - 7 sæta - Tau - 2.4L bensín - 167 hestöfl
5 gíra beinskiptur - Tausæti - Hlaðinn staðalbúnaði.

**Verð aðeins kr. 4.990 þús.**

Captiva LT - 7 sæta - Leður - 2.4L bensín - 167 hestöfl
6 gíra sjálfskipting - Leðursæti - Hlaðinn staðalbúnaði, sjá benni.is.

**Verð aðeins kr. 5.590 þús.**

Bíll á mynd: Captiva LTZ með 19 tommu álflegum. Verð eru háð gengi hverju sinni og geta breyst án fyrirvara.




Floti af nýjungum frá Chevrolet

www.benni.is

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.benni.is
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**GENGIÐ 04.04.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,73 | 114,27 |
| Sterlingspund | 183,74 | 184,64 |
| Evra | 161,69 | 162,59 |
| Dönsk króna | 21,682 | 21,808 |
| Norsk króna | 20,642 | 20,764 |
| Sænsk króna | 17,994 | 18,100 |
| Japanskt jen | 1,3514 | 1,3594 |
| SDR | 180,13 | 181,21 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,0842

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þingvallanefnd kaupir átján salerni og sjálfvirk gjaldhlið til að setja á Hakið:

# Reikna með 30 þúsund á klósettið

**FERÐAMÁL** Tvö ný snyrtihús með átján salernum verða í sumar tekin í notkun á Hakinu á Þingvöllum. Átján ára og eldri þurfa að greiða tvö hundruð krónur fyrir afnot af salernunum.

Til þess að innheimta salernisgjaldið verða sett upp sérstök gjaldtökuhlið sem Þingvallanefnd hefur ákveðið að kaupa af fyrirtækinu Icelux. Hliðin eru sjálfvirk og munu taka við 50 króna og hundrað króna mynt. Þrátt fyrir að Þingvallanefnd hafi samþykkt gjaldtökuna á Hakinu mun áfram verða hægt að komast frítt á önnur salerni í þjóðgarðinum.

Hliðin frá Icelux kosta þrjár milljónir króna með uppsetningu á staðnum. Þingvallanefnd gerir ráð fyrir því að tekjur af þeim verði sex milljónir króna á ári miðað við að 30 þúsund manns greiði þjónustugjaldið.

„Þessi aðstaða uppfyllir ströngustu kröfur um umhverfisvernd og hreinsun fráveituvatns innan þjóðgarðsins og stórbætir þjónustu við gesti en eykur um leið rekstrarkostnað,“ segir Þingvallanefnd um þetta mál. - gar



**ÞINGVELLIR** Sjálfvirkum gjaldhliðum verður komið fyrir við salerni á Hakinu á Þingvöllum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Átök á Fílabeinsströndinni:

# Lokasóknin inn í Abidjan hafin

**FÍLABEINSSTRÖNDIN, AP Stuðningsmenn Alassanes Ouattara, réttkjörins forseta Fílabeinsstrandarinnar, hófu í gær sókn inn í Abidjan, stærstu borg landsins.**

**Þeir gerðu sér vonir um þetta yrði lokasóknin í átökum við herlið Laurents Gbagbo forseta, sem hefur neitað að láta af völdum þrátt fyrir að hafa tapað forsetakosningum í nóvember.**

**Bæði Sameinuðu þjóðirnar og Afríkubandalagið viðurkenna sigur Ouattaras í kosningunum. - gb**

Hjálparsími Rauða krossins:

# Átaksvika fyrir karla hjá RKÍ

**FÓLK Hjálparsími Rauða krossins stendur fyrir átaki næstu vikuna undir yfirskriftinni Geta pabbar ekki grátið?**

**Rauði krossinn segir að margir finni fyrir fjárhagsáhyggjum um þessar mundir. Karlar eigi stundum erfitt með að ræða um vandamál sín opinskátt, jafnvel við sína nánustu. Þá geti verið lausn að hringja í Hjálparsímann, 1717. Starfsfólk Hjálparsímans undirbjó átaksvikuna í samstarfi við umboðsmann skuldara, sem veitti upplýsingar um úrræði vegna efnahagsþrenginga. - þeb**



**EINN ÞOTUHREYFLANNA** Myndir af flakinu voru sýndar á blaðamannafundi í Frakklandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Þotan fundin á hafsbotni:

# Reynt að ná flakinu upp

**FRAKKLAND, AP** Allt að mánuður getur liðið þangað til hægt verður að hefja vinnu við að ná flaki fransks Airbus-farþegaþotu af botni Atlantshafsins, þar sem það hefur legið á 3.900 metra dýpi síðan vélin hrapaði í júní 2009.

Um borð voru 228 manns, sem allir létu lífið. Vélin var á leiðinni frá Rio de Janeiro til Parísar þegar hún lenti í þrumuveðri í háloftunum. Orsakir slyssins eru enn ekki þekktar og „svarti kassinn“ með flugrita vélarinnar hefur enn ekki fundist. Mikil áhersla er lögð á að finna flugritann. - gb

# Ríkið á 400 bújarðir

**Bújörðum í eigu íslenska ríkisins fækkaði um tvö hundruð á fyrsta áratug aldarinnar. Sala ríkisjarða hefur nánast stöðvast frá hruni. Árið 2009 var mörkuð sú almenna stefna að auglýsa ekki bújarðir til sölu á frjálsum markaði.**

**LANDBÚNAÐUR** Íslenska ríkið seldi um tvö hundruð bújarðir í sinni eigu á árabilinu 2000 til 2010. Þorri jarðanna var seldur fram til ársins 2007 en frá og með hrunárinu 2008 hafa samtals tuttugu jarðir verið seldar.

Kaupendur ríkisjarða voru framan af áratugnum af ýmsu tagi; ábúendur, sveitarfélög, félagasamtök og einstaklingar sem ekki stunda búskap. Eftir hrun hafa ábúendur keypt svo til allar seldar ríkisjarðir.

Samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu var nokkuð um að ábúendur sem áttu lögvarinn kauprétt að jörðum og höfðu lýst áhuga á kaupum hættu við eða ákvæðu að bíða eftir hruninu. Sömu sögu er að segja af sveitarfélögum, sem fram að þeim tíma höfðu keypt allnokkrar jarðir.

Heildarfjöldi bújarða í landinu er 6.562. Af þeim eru 4.290 í ábúð og 2.272 í eyði. Skilgreiningin er tæknileg og snýr fyrst og fremst að lögheimilisskráningu bónda. Eru mörg dæmi þess að jörð sem skráð er í eyði sé nýtt til landbúnaðarnota.

Ríkið á nú, samkvæmt nýjustu upplýsingum, 400 bújarðir. Af þeim eru 350 á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og 50 á forræði annarra ráðuneyta. Af þessum 400 eru 239 í ábúð og 161 í eyði. Á ríkið um sex prósent allra jarða en um aldamótin átti ríkið um níu prósent jarða í landinu.

Samkvæmt upplýsingum frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu var sú stefna tekin upp í ráðuneytinu árið 2009 að auglýsa ekki ríkisjarðir til sölu á frjálsum markaði, nema sérstakar ástæður mæltu með slíku. Vegna ástandsins á markaði hefur lítið reynt á þá stefnubreytingu.

Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, boðaði við upphaf nýafstaðins búnaðarþings frumvarp til breytinga á jarðalögum. Markmið breytinganna er að formfesta skynsamlega landnýtingu með tilliti til fæðuöryggis þjóðarinnar, eins og hann orðaði það í ávarpi sínu. Frumvarpið var ekki lagt fram á Alþingi áður en tilskilinn frestur til að leggja fram þingmál rann út á föstudag. bjorn@frettabladid.is



**Í SVEITINNI** Ríkið á um sex prósent allra jarða í landinu. Hlutfallið var níu prósent um aldamót. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Sala ríkisjarða 2005-2010**

Jarðir á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins






**SVANIR Á FLUGI** Ólagengt er að stórir fuglar verði fyrir flugvélum hér á landi.

Svanur féll særð til jarðar:

# Svanur flaug á Dash-8 flugvél

**ÍSAFJÖRÐUR** Dash-8 flugvél Flugfélags Íslands flaug á svan við flugtak frá Ísafjarðarflugvelli á sunnudagsmorgun. Svanurinn féll særður til jarðar, að því er fram kemur á fréttavef Bæjarins besta, en var dauður þegar starfsmenn flugvallarins komu að honum.

Flugvélin skemmdist ekki og hélt áfram ferð sinni til Reykjavíkur. Að sögn starfsmanns Flugfélags Íslands á Ísafirði er það afar fátítt að stórir fuglar sem þessir rekist á flugvélar. Svanurinn er stærsti fugl landsins, með allt að 2,4 metra vænghaf. - sv

Fundur á Grand hóteli:

# Hvers vegna flýja fyrirtæki?

**VIÐSKIPTI** **Reynt verður að svara spurningunni um það hvers vegna stór fyrirtæki íhugi að flýja land á hádegisverðarfundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga í dag.**

**„Er það vegna gjaldeyrishafta, skattahækkana eða erfiðleika við að nálgast fjármagn? Eða er rótin annars staðar?“ er spurt í tilkynningu frá félaginu. Meðal ræðumanna á fundinum eru Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis. Fundurinn er á Grand hótel. - þeb**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**DÁLÍTIL VÆTA**
Næstu dagar verða svipaðir en suðvestanátt verður ríkjandi með vætu einkum sunnan og vestan til. Á fimmtudag lítur út fyrir heldur hlýnandi veður en þá megum við búast við stífum vindi og blautu veðri.



**Á MORGUN**
8-13 m/s, hvassast við S-ströndina.

**FIMMTUDAGUR**
Stíf suðvestanátt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 9° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 14° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 15° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 6° |
| París | 17° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


Notaðu snjallsímann í útlöndum
Við tryggjum að netnotkun fari ekki yfir 50 evrur
Hjá Vodafone getur þú notað snjallsímann þinn áhyggjulaus hvar í heiminum sem er. Ef þú þarft meira gagnamagn geturðu stillt notkunina eftir þörfum á Mínum síðum á vodafone.is eða með einu símtali í 1414.
power to you
vodafone.is

## KJÖRKASSINN




*Hljópstu apríl?*

| | |
|---|---|
| Já | 10,6% |
| Nei | 89,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að halda ríkisstjórnarfundi oftar utan höfuðborgarsvæðisins?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Vísir

Þingmenn úr öllum flokkum flytja frumvarp um að leggja af skilanefndir gömlu bankanna næsta haust:

# Vilja afnema tvöfalt kerfi slitastjórna og -nefnda

**STJÓRNMÁL** Sex þingmenn úr öllum flokkum hafa lagt fram frumvarp um afnán skilanefnda fyrir viðskiptabankana sem fóru í þrot við hrunið. Verkefni skilanefndanna færist til slitastjórna 1. september verði frumvarpið samþykkt.

Fjármálaeftirlitið skipaði skilanefndir fyrir föllnu bankana þrjá eftir setningu neyðarlaganna í október 2008. Samhliða tóku til starfa slitastjórnir skipaðar af héraðsdómara. Þingmennirnir segja nokkuð hafa verið rætt á Alþingi um það fyrirkomulag að hafa skilanefndir og slitastjórnir starfandi samhliða. Viðskiptanefnd Alþingis hafi talið eðlilegt að svo væri ekki því „tvöfalt kerfi væri ekki heillavænlegt til framtíðar“ eins og segir í greinagerð sexmenninganna. Ekki hafi þó verið sett tímamörk á hvenær þetta fyrirkomulag tæki enda.

„Séu í hópi skilanefndarmanna einstaklingar sem hafa víðtæka þekkingu og góð persónuleg sambönd við kröfuhafa ætti að vera mögulegt að ráða viðkomandi einstaklinga til starfa fyrir slitastjórnina,“ segja sexmenningarnir og svara þannig helstu rökum sem færð hafa verið fyrir því að hafa bæði skilanefndir og slitastjórnir starfandi fyrir hvert og eitt þrotabú gömlu bankanna þriggja. **- gar**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ALÞINGI** Skilanefndir föllnu bankanna munu hafa starfað í nærri þrjú ár þegar þær verða lagðar niður í haust, hljóti frumvarp þess efnis brautargengi.


Aumir og stífir vöðvar?




Voltaren
NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í mjóbaki, öxlum og vöðvum

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren Gel® (Díklófenaktvíetýlamín 11,6 mg/g) er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist eingöngu útvortis og má aldrei taka inn. Þegar lyfið er notað án ávísunar læknis skal hafa samband við lækni ef einkenni batna ekki eða versna innan viku. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Voltaren Gel® er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.




**ÁLVER Í BYGGINGU** Áætlað hefur verið að á framkvæmdatíma byggingar álvers í Helguvík yrðu til um 3.200 ársverk auk afleiddra starfa. Framkvæmdir hafa verið stöðvaðar að mestu meðan óvissa ríkir um það hvort orka fáist til álversins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Century varar við óvissu í Helguvík

**Í ársskýrslu Century Aluminum er varað við fjárhagslegum skakkaföllum félagsins verði ekki af álveri í Helguvík. Geti HS Orka og OR ekki útvegað orku er verkefnið fyrir bí. Niðurstaða gerðardóms segir til um framhald málsins.**

**IÐNAÐUR** Erfitt eða ógjörlegt gæti orðið að afla orku til álvers Norðuráls í Helguvík fáist ekki orka samkvæmt fyrirliggjandi samningum við HS Orku og Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta kemur fram í ársskýrslu Century Aluminum Co. þar sem fjallað er um áhættuþætti í rekstri. Norðurál Helguvík sem reisir álverið er að fullu í eigu Norðuráls, sem á og rekur álverið á Grundartanga og er aftur að fullu í eigu Century Aluminum.

Verði hætt við álverið, eða það tefst verulega, er það sagt munu hafa verulega neikvæð áhrif á fjármögnun, afkomu og lausafjárstöðu Century Aluminum.

Áréttað er að félagið hafi engin tök á að stjórna, hafa áhrif á eða spá fyrir um þætti sem tafið gætu eða hindrað framleiðslu og afhendingu orku til álversins. „Þar með er talin geta orkufyrirtækjanna til að fjármagna þróun nýrra jarðvarmavirkjana og tengda uppbyggingu mannvirkja til afhendingar orkunnar.“ Framkvæmdir við byggingu álversins í Helguvík hafa verið stöðvaðar að mestu á meðan ekki hefur verið leyst úr vandamálum við að afla því orku. Í ársskýrslu Century Aluminum er tekið fram að óvissa ríki um hvort eða hvenær framkvæmdum verði haldið áfram, hvort lokið verði við smíði álversins eða hvort rekstur álversins verði arðbær.



> En auðvitað vonumst við til þess að menn klátri samningaleið.
>
> **RAGNAR GUÐMUNDSSON**
> FORSTJÓRI NORÐURÁLS

Í umfjöllun um áhættuþætti í ársskýrslu Century Aluminum eru einnig slegnir margvíslegir aðrir varnaglar varðandi afkomu félagsins. Fjallað er um sveiflur í álverði, óstöðugleika á mörkuðum með hráefni, hækkandi raforkuverð og fleiri þætti.

Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls, segir framsetninguna í ársreikningnum kunna að vera Íslendingum framandi, en vestra sé sá háttur hafður á að velta upp með þessum hætti margvíslegum áhættuþáttum. „Þetta er eiginlega upptalning á margvíslegum þáttum sem einhvern tímann gætu komið upp við einhverjar aðstæður,“ segir hann.

Ragnar segir gerðardómsmál vegna samninga félagsins við HS Orku verða tekið fyrir í maí og niðurstaða eigi að liggja fyrir í sumar. „Og það er svo sem ákvörðunarpunktur í því. En auðvitað vonumst við til þess að menn klári samningaleið áður en til þess kemur og teljum vel tækifæri til þess, hafi menn áhuga á því.“

**olikr@frettabladid.is**


AÐALFUNDUR HÚSEIGENDAFÉLAGSINS

Aðalfundur Húseigendafélagsins 2011 verður haldinn fimmtudaginn 14. apríl nk. salur Ásatrúarfélagsins, Síðumúla 15, Reykjavík og hefst hann kl. 16.00

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

***Stjórnin.***

Húseigendafélagið
STOFNAÐ - 1923
Síðumúla 29 • 108 Rvk • Sími 588 9567 • postur@huso.is







Flugmálastjórn ákvarðar að farþegum skuli greiddar bætur vegna seinkana:

# Á þriðja tug kvartana sendar út

**NEYTENDUR** Flugmálastjórn hefur sent frá sér á þriðja tug ákvarðana á þessu ári vegna kvartana neytenda. Kvartanirnar snúast flestar um ágreining flugfarþega við flugfélög um skaðabótaskyldu vegna seinkunar eða aflýsingar, glataðs eða skemmds farangurs og upplýsingaskyldu flugrekanda til farþega. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Neytendasamtökunum.

Lögum um loftferðir var breytt síðasta sumar, meðal annars til að efla neytendavernd laganna. Flugmálastjórn var veitt heimild til að úrskurða um ágreining á milli neytenda og flugrekenda. Stofnunin gefur út bindandi úrskurð sem flugrekanda er skylt að fara eftir. Þó er hægt að kæra ákvörðunina til innanríkisráðuneytisins innan þriggja mánaða.

Nokkrar ákvarðanir byggja á úrskurði Evrópudómstólsins frá árinu 2009, þar sem niðurstaðan var að ef flugi seinkaði um meira en þrjár klukkustundir ættu farþegar rétt á sömu skaðabótum og ef fluginu hefði verið aflýst.

Flugmálastjórn hefur ákvarðað kvartendum 400 evrur í skaðabætur í nokkrum málum þar sem þriggja tíma seinkun hefur orðið. Skaðabætur verða hærri eftir því sem flugtími er lengri. **- sv**



**SEINKUN Á KASTRUP** Farþegar eiga rétt á skaðabótum ef flugi seinkar um þrjár klukkustundir eða meira.



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

# Forritunar- og Tækninám NTV



## NTV opnar nýjar leiðir út á vinnumarkaðinn

### Kerfisstjóri - 365 stundir - Verð: 539.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisstjórar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Nemendur öðlast víðtækan skilning á uppsetningu netkerfa, viðgerðum og bilanagreiningu á vélbúnaði og uppsetningu stýrikerfa. Námið samanstendur af 3 námskeiðum: Tölvuviðgerðir, MCTS & Netvork+ ásamt MCITP Netstjórnun og er gefinn 10% afsláttur af öllum pakkanum.

3 alþjóðleg próf innifalin: „Micrsoft Certified Server Administrator"

**Haustönn** | Morgunnámskeið byrjar 30. ágúst. | Kvöld- og helgarnámskeið 29. ágúst. |

### Kerfisumsjón - 180 stundir - Verð: 272.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl sem kerfisumsjónarmenn hjá minni fyrirtækjum og stofnunum. Allar kennslugreinar eru kenndar frá grunni og er rétt að gera ráð fyrir nokkurri heimavinnu.

**Haustönn** | Morgunnámskeið byrjar 30. ágúst | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 29. ágúst |

### Tölvuviðgerðir - 72 stundir - Verð: 119.000.-

Nám fyrir þá sem vilja hasla sér völl á viðgerðarsviðinu. Verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá Comptia. Eftir námið eiga nemendur að vera í stakk búnir til að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað, ásamt því að setja upp viðeigandi stýrikerfi og koma tölvum í netsamband. Kennt í sérútbúinni tölvuviðgerðarstofu.

**Haustönn** | Morgunnámskeið byrjar 30. ágúst. | Kvöld- og helgarnámskeið 29. ágúst. |

### MCITP kerfisstjórnun (áður MCSA) - 185 stundir - Verð: 329.000.-

MCITP námið er fyrir þá sem vilja starfa sem sérfræðingar við umsjón Microsoft netkerfa. Markmiðið með náminu er að nemendur læri undirstöðuatriði við rekstur og hönnun netkerfa byggðum á Windows stýrikerfinu og geti að náminu loknu tekið þau þrjú alþjóðlegu próf sem þarf til að verða: Microsoft Sertified Server Administrator.

**Vorönn** | Morgunnámskeið byrjar 29. apríl |
**Haustönn** | Morgunnámskeið byrjar 5. sept. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 5. sept. |

### MCTS og Network+ - 108 stundir - Verð: 153.000.-

Markmiðið með þessu námskeiði er að nemendur öðlist færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows stýrikerfinu. Nemendur öðlast einnig viðtækan skilning á netkerfum og geta leyst vandamál sem að þeim snúa. Auk þess er kynntur fyrir nemendum Windows 2008 Server. Að námskeiði loknu á nemandi að geta séð um rekstur minni eða meðalstórra tölvuneta.

**Vorönn** | Morgunnámskeið byrjar 3. maí | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 11. maí. |
**Haustönn** | Morgunnámskeið byrjar 29. sept. | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 26. sept. |

### Fornám í forritun - 108 stundir - Verð: 149.000.-

Forritun er fjölbreytt, skapandi, alþjóðleg og skemmtileg starfsgrein sem stöðugt virðist vanta nýja starfskrafta. Markmiðið með þessu námskeiði er að undirbúa nemendur fyrir Diplomanám í forritun og einnig að gera nemendum betur kleift að meta hvort þeir hafi áhuga og getu til að halda áfram á þessari braut. Til þess að komast áfram í diplomanámið þurfa nemendur að ná lágmarkseinkunn í þeim prófum sem lögð eru fyrir.

Þeir sem hafa stúdentspróf eða hliðstæða menntun geta valið að fara beint í Diplomanámið.

**Vorönn** | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 26. apríl |

### Diplomanám í Forritun - 282 stundir - Verð: 399.000.-

Öflugt starfsnám þar sem leitast er við að leggja traustan þekkingargrunn og byggja ofan á hann með skriflegum og verklegum æfingum. Að námi loknu eiga nemendur að hafa góða undirstöðuþekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð og vera í stakk búnir að sækja um starf á þessu sviði.

Námið byggir á stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og að námi loknu eiga nemendur að vera færir að taka 3 alþjóðleg próf.

**Haustönn** | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 6. september |

### Leikjaforritun - 204 stundir - Verð: 289.000.-

Þeir sem ætla að fara í þetta nám þurfa að hafa lokið „Diplomanámi í forritun" hjá NTV eða hafa tilsvarandi menntun. Námskeiðið miðar að því að gefa innsýn í almenna leikjaþróun og forritun og er unnið í Microsoft XNA þróunar umhverfinu.

Farið er yfir helstu atriði leikjaforritunar með það að markmiði að gefa góða grunnþekkingu á hinum ýmsu sviðum leikjaþróunar. Áhersla verður lögð á verklegar æfingar og mun nemendum m.a. gefast kostur á að vinna að eigin leikjaverkefnum..

**Haustönn** | Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 13. september |

### Cisco CCNA - 84 stundir - Verð: 289.000.-

CCNA gráðan er talin ein öflugasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á.

Ef þú hefur áhuga á að verða sérfræðingur í uppbyggingu á tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum í netheiminum í dag, þá er þetta námskeið fyrir þig. Námið er undirbúningur fyrir prófið 640-802 sem er CCNA prófið frá Cisco og er það innifalið í verði.

Þetta er nám sem gerir talsverðar kröfur til nemenda, en styrkir án efa stöðu þeirra á vinnumarkaðinum.

**Haustönn** | Kvöldnámskeið byrjar 11. október |

Microsoft Certified Partner | Learning Solutions
OPIN KERFI
PEARSON VUE Authorized Test Center
PROMETRIC

MIKIL AÐSÓKN - SKRÁÐU ÞIG STRAX!

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

Bentu í austur

Viðtals- tímar sendiherra Íslands í Moskvu

miðvikudaginn 6. apríl

**Benedikt Ásgeirsson, sendiherra Íslands í Moskvu, verður til viðtals miðvikudaginn 6. apríl.**

Fundirnir eru ætlaðir þeim sem vilja ræða viðskiptamöguleika, menningartengd verkefni og önnur hagsmunamál í umdæmi sendiráðsins þar sem utanríkisþjónustan getur orðið að liði.

Auk Rússlands eru umdæmislönd sendiráðsins: **Armenía, Aserbaídsjan, Hvíta-Rússland, Kasakstan, Kirgisía, Moldóva, Tadsjikistan, Túrkmenistan og Úsbekistan.**

Fundirnir verða haldnir á skrifstofu Íslandsstofu, **Borgartúni 35**, og má bóka þá í síma **511 4000** eða með tölvupósti, **islandsstofa @islandsstofa.is.**

Nánari upplýsingar veita Andri Marteinsson, **andri@ islandsstofa.is** og Hermann Ottósson, **hermann@ islandsstofa.is.**

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ www.utn.stjr.is

ÍSLANDSSTOFA PROMOTE ICELAND

Borgartún 35 | 105 Reykjavík

islandsstofa.is

Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki



**HÓLMSHEIÐI Í BLÓMA** Um 35 þúsund fermetrar eru áætlaðir undir fangelsið á Hólmsheiði, sem liggur 55 kílómetra utan Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aukakostnaður við fangelsi 584 milljónir

**Áætlaður aukakostnaður vegna staðsetningar fangelsis á Hólmsheiði er 26,2 milljónir á ári, sé miðað við fjarlægð frá Reykjavík. Ólíklegt að fangelsi muni rísa lengra frá höfuðborgarsvæðinu þó að útboð verði ekki bundið við Hólmsheiði.**

**FANGELSISMÁL** Áætlaður aukakostnaður við staðsetningu nýs fangelsis á Hólmsheiði er 26,2 milljónir króna á ári. Sú fjárhæð samsvarar 584 milljónum króna yfir nýtingartíma fangelsisins, fjörutíu ár, núvirt. Sú fjárhæð hækkar eftir því sem staðsetning fangelsisins fjarlægist höfuðborgarsvæðinu.

Deloitte FAS reiknaði út kostnaðarauka tengdan staðsetningu hins nýja fangelsis sem áætlað hefur verið að reisa á Hólmsheiði fyrir innanríkisráðuneytið í október á síðasta ári. Í skýrslu Deloitte kemur fram að áhersla hafi verið lögð á að greina hvaða liðir hefðu kostnaðartengd áhrif í för með sér. Ákveðið var að reikna með kostnaði vegna yfirheyrslna, túlkaþjónustu, flutnings fanga í dómsal og ferðakostnaðar lögfræðinga.

Kostnaðaraukinn er metinn miðað við að fangelsið verði byggt í 55 kílómetra fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og er þar miðað við Hólmsheiði. Kostnaðurinn eykst eftir því sem fjarlægðin verður meiri frá Reykjavík. Því er talið ólíklegt að nýtt fangelsi muni rísa annars staðar á landinu en á Hólmsheiði, en ekki verður gert ráð fyrir þeirri staðsetningu í útboðsgögnunum.

Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu er ástæða þess að útboðsgögnin liggja ekki fyrir sú að Reykjavíkurborg hefur átt í viðræðum við Mosfellsbæ og eigendur Vilborgarkots á Hólmsheiði varðandi lóðamál.

Ágúst Jónsson, hjá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, segir að nú hafi komið fram frá Mosfellsbæ að lóðin sé á svæði Reykjavíkur, en jörðin Vilborgarkot liggur að hluta inni á svæði áætlaðs fangelsis.

„Við erum í viðræðum við eigendur lóðarinnar og ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að þetta fari mjög vel,“ segir Ágúst. „Þetta er smá skiki sem við erum að tala um, einungis lítil prósenta af jörðinni, sem Reykjavíkurborg mun líklega kaupa af eigendum.“

Jón G. Briem er einn af tíu skráðum lóðareigendum Vilborgarkots og segir hann að viðræður við Reykjavíkurborg gangi vel. Ekki hefur þó verið gengið frá samningum að fullu.

Stefnt er að því að bjóða verkið út síðar í mánuðinum. Um 35.000 fermetrar fara undir lóðina.

sunna@frettabladid.is

### Kostnaður á ári
**- miðað við 55 km frá Hólmsheiði**

| Atriði | Milljónir króna |
|---|---|
| Yfirheyrslur | 13,4 |
| Túlkar | 3,6 |
| Flutningur | 4,5 |
| Lögmenn | 4,7 |
| Alls | 26,2 |

Miðað við gefnar forsendur er heildarkostnaðaraukinn við að byggja fangelsið á sambærilegum stað og í sambærilegri fjarlægð og Litla-Hraun er frá höfuðborgarsvæðinu 26,2 milljónir króna á ári. Það samsvarar 584 milljónum króna yfir nýtingartíma fangelsisins sem er 40 ár.

„Ég held að maður verði bara að byrja einhvers staðar, byrja á þúsundkallinum.“

**Reglubundinn sparnaður** er ein besta leiðin til að spara. Þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega. **Byrjaðu að spara strax í dag.**

Komdu við í næsta útibú, hringdu í 410 4000 eða stofnaðu til reglubundins sparnaðar í Einkabankanum á landsbankinn.is.



# 10 góðar ástæður til að segja NEI

### 1. Engin lagaskylda að verða við kröfum Breta og Hollendinga

Athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA hafa verið kyrfilega hraktar af innlendum og erlendum lögfræðingum. Segjum NEI og krefjumst þess að ríkisstjórn Íslands taki til varna gegn óréttmætum ásökunum ESA.

### 2. Það er ólíðandi að skuldum einkabanka sé velt á almenning

Það er ófært að eigendur banka hirði hagnað en almenningur taki á sig tap. Ef við mótmælum þessu ekki núna, skapast fordæmi til framtíðar.

### 3. Þeir fengu ekki leyfi okkar

Bresk og hollensk stjórnvöld ákváðu einhliða að greiða innistæðueigendum Icesave að fullu og með vöxtum. Tilgangurinn var að halda uppi trausti á þarlenda banka. Við vorum ekki spurð en nú á að senda okkur allan reikninginn með vöxtum.

### 4. Þeir vilja frekar beita hótunum en að fara dómstólaleiðina

Þegar íslenskir ráðamenn létu ekki undan þrýstingi beittu Bretar hryðjuverkalögum, bökuðu okkur gríðarlegt tjón og dýpkuðu viljandi okkar erfiðleika. Þeir hafa reynt að torvelda aðgang okkar að fjármagni. Það er okkar réttur að leita til dómstóla með þetta ágreiningsmál.

### 5. Bretar og Hollendingar fá 1175 milljarða þótt við segjum Nei

Með neyðarlögunum eru hagsmunir innistæðueigenda í Bretlandi og Hollandi tryggðir mun betur en tilskipun ESB um innistæðutryggingar fer fram á: Í stað 674 milljarða munu þeir fá 1175 milljarða. En þeir vilja enn meira: Að við berum ábyrgð á endurheimtum úr þrotabúinu og borgum líka vexti. Okkur ber engin skylda til að verða við því, hvorki lagaleg né siðferðileg.

### 6. Samningurinn felur í sér of mikla áhættu fyrir þjóðina

Enginn veit endanlegan kostnað af samningnum. Í besta falli er hann 32 milljarðar en gæti líka orðið 233 milljarðar (m.v. 2% veikingu krónu á ársfjórðungi og 10% lækkun eignasafnsins). Ef neyðarlögunum yrði hnekkt myndi kostnaður við samningsleiðina hækka um hundruði milljarða í viðbót - og við gætum aldrei staðið undir því.

### 7. Samningurinn breytir krónuáhættu í gjaldeyrisáhættu

Þótt við töpuðum dómsmáli yrðu bætur og vextir greiddir í krónum. Samningsgreiðslur eru hins vegar allar í gjaldeyri. Hvernig sem fer er alltaf miklu auðveldara fyrir okkur að greiða í krónum en gjaldeyri. Jafnvel versta útkoma úr dómsmáli yrði viðráðanleg, en meðalslæm útkoma úr samningi gæti endað með greiðsluþroti ríkisins.

### 8. Málstaður Íslands nýtur stuðnings erlendis

Meðal íbúa erlendra ríkja er mikil og vaxandi andstaða gegn því að velta skuldum gjaldþrota fjármálafyrirtækja yfir á almenning. Ritstjórar Financial Times og Wall Street Journal hafa fordæmt framkomu breskra og hollenskra stjórnvalda í garð Íslendinga.

### 9. Já – leysir ekki vanda atvinnulífsins

Það er ekki Icesave sem heftir atvinnulífið um þessar mundir. Fjárfestar hafa meiri áhyggjur af gjaldeyrishöftum, skattaóvissu og óvæntum lagabreytingum.

### 10. Það er ekkert að óttast

Það eru mörg hundruð milliríkjamál í gangi innan Evrópusambandsins á hverjum tíma. Þjóðir verða sér ekki til minnkunar með því að leggja ágreining fyrir dómstóla. Að láta undan hótunum, yfirgangi og löglausum kröfum annarra þjóða er hins vegar ávísun á mannorðsmissi.

## Taktu upplýsta ákvörðun.
## Fellum Icesave 9. apríl!

ADVICE www.advice.is

ADVICE hópurinn telur hagsmunum Íslands best borgið með því að fella Icesave-lögin þann 9. apríl.
Auglýsingar og annað starf hópsins er greitt með frjálsum framlögum og vinnuframlagi sjálfboðaliða. Tölvupóstur: advice@advice.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu stórt hlutfall pilta yfir átján ára hefur reykt marijúana?
2. Hvað heitir stúlkan sem um helgina varð sú fyrsta til að sigra í Gettu betur?
3. Hvaða prestur varð Íslandsmeistari í einliðaleik í borðtennis um helgina?

**SVÖR**

1. Þriðjungur 2. Laufey Haraldsdóttir 3. Hjörtur Magni Jóhannsson

Mikill munur á ánægju með störf Ólafs Ragnars eftir stuðningi við flokka:

# Helmingur ánægður með forsetann

**KÖNNUN** Helmingur þeirra sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun MMR segist frekar eða mjög ánægður með störf Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands.

Alls sögðust sautján prósent mjög ánægð og 33 prósent frekar ánægð með störf forsetans. Ríflega þrjátíu prósent sögðust hvorki ánægð né óánægð. Tæplega tólf prósent sögðust frekar óánægð með frammistöðu Ólafs og um átta prósent sögðust mjög óánægð.

Mikill munur var á afstöðu fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk það myndi kjósa í þingkosningum. Þannig voru 75 prósent stuðningsmanna Framsóknarflokksins ánægð með störf forsetans og 51 prósent stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins. Um 39 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna sögðust ánægð með Ólaf Ragnar, og 24 prósent stuðningsmanna Samfylkingarinnar.

Ánægja með störf forsetans var almennt meiri hjá yngra fólki en hjá eldri aldurshópum.

Könnunin var gerð 8. til 11. mars á netinu og í síma. Þátttakendur voru 902 og tóku 97 prósent afstöðu til spurningarinnar. **- bj**

### Afstaða til starfa forsetans

**Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með störf Ólafs Ragnars Grímssonar sem forseta Íslands?**




Slagsmál í heimahúsi:

# Sparkaði í höfuð lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Einn maður var handtekinn eftir að tveir menn lentu í átökum í heimahúsi í Hveragerði aðfaranótt sunnudags.

Mennirnir voru að slást þegar lögreglan var kölluð á staðinn. Þegar lögreglumenn reyndu að handtaka annan þeirra streittist sá á móti og sparkaði í höfuð lögreglumanns. Þrátt fyrir ofsafengna framkomu mannsins tókst lögreglunni að handtaka hann. Hann var fluttur á lögreglustöðina á Selfossi og yfirheyrður. **- jss**







Dæmdur vegna tveggja af fimm umdeildum fullyrðingum í Morgunblaðinu:

# Skal þola ummæli um að skara eld að eigin köku og hygla ættmennum

**DÓMSMÁL** Gunnar I. Birgisson, fyrrverandi bæjarstjóri í Kópavogi, á ekki að sæta því að hafa verið kallaður „holdgervingur spillingar og valdhroka“ segir Héraðsdómur Reykjaness, sem dæmir Gunnari 300 þúsund króna bætur vegna tveggja ummæla Þórarins Hjartar Ævarssonar, íbúa á Kársnesi.

Ummæli Þórarins um Gunnar birtust í grein Þórarins í Morgunblaðinu 14. júní 2009. Gunnar bað Þórarin að draga þau til baka og stefndi honum síðan þegar því var ekki svarað. Alls var stefnt vegna fimm ummæla. Dómurinn taldi þrjú þeirra ekki meiðandi fyrir Gunnar. Hin ummælin sem dæmt var fyrir voru „nú eða kenna embættismönnum, sem n.b. hafa verið handvaldir af þér, um ástand mála“.

Ummælin þrjú sem ekki var dæmt fyrir voru: „sem er fylgifiskur nýjasta hneykslisins sem þú hefur náð að draga flokkinn inn í“, „þú hefur skarað eld að eigin köku og hyglað ættmennum með eignarhlut þínum í Klæðningu og með óafsakanlegum viðskiptum við fyrirtæki dóttur þinnar“ og „beitt þér fyrir hönd þröngs hóps verktaka og lóðareigenda sem ætluðu að græða ótæpilega á lóðabraski“.

Um þessi þrjú ummæli segir dómurinn að ekki verði talið „að þessi ummæli séu með öllu staðlaus“. Gunnar verði að þola gagnrýna umfjöllun á opinberum vettvangi, „jafnvel þótt hvassyrt sé“. Ummæli Þórarins hafi verið „hluti af pólitískri umræðu“ í aðdraganda sídustu bæjarstjórnarkosninga í Kópavogi. **- gar**



**GUNNAR I. BIRGISSON** Fær bætur fyrir meiðyrði sem dæmd voru dauð og ómerk en er jafnframt sagður þurfa að þola „hvassyrta“ umfjöllun.



# Já er fljótvirkara

Málinu lýkur með sátt á laugardaginn.

# auðveldara

Viðskipti og samskipti við umheiminn færast í eðlilegt horf.

# skemmtilegra

Við getum hafið uppbyggingu og hætt að tala um Icesave.

# og ódýrara.

Kostar 32 milljarða að bestu manna yfirsýn.

# Nei er langdregið

Dómsmálin munu taka nokkur ár.

# erfitt

Við verðum í deilu við umheiminn allan þann tíma.

# leiðinlegt

Stöðnun og atvinnuleysi dregur þrótt úr þjóðinni.

# og dýrt.

Tafir kosta tugi milljarða og tapið gæti orðið stórt.

*Áfram-hópurinn eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirliggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfboðavinnu fjölda fólks.*

***Viljir þú leggja baráttunni fjárhagslegt lið eru b.nr: 0111-26-100244 og kt. 640311-0530. Það munar um allt.***

***Já er leiðin áfram!***

**Facebook | www.afram.is**

FRÉTTASKÝRING: Hvað felur „dómstólaleiðin“ í sér? 6. hluti icesave

# ESA telur skyldur Íslendinga skýrar

**Líkur verða að teljast á að Ísland myndi tapa máli sem rekið yrði fyrir EFTA-dómstólnum vegna Icesave-deilunnar. Skiptar skoðanir eru um málið meðal lögmanna. Álit ESA er að með afstöðu sinni brjóti Ísland í bága við EES-samninginn. Fyrstu skrefin í málarekstri ESA hafa þegar verið tekin. Næstu skref verða tekin felli þjóðin nýjan Icesave-samning í atkvæðagreiðslunni næsta laugardag.**

Dómsmál ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, á hendur Íslendingum vegna Icesave er þegar í farvegi. Málareksturinn er hins vegar í biðstöðu fram yfir niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave. Verði staðfest lögin um ríkisábyrgð skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda (TIF) vegna Icesave er sjálfhætt við málareksturinn.

Í áminningarbréfi ESA frá því í maí í fyrra kemur fram að stofnunin telji ótvíræða skyldu íslenskra stjórnvalda til að ábyrgjast innstæður breskra og hollenskra sparifjáreigenda á Icesave-reikningum Landsbankans að því ríflega tuttugu þúsund evra lágmarki sem reglur um innstæðutryggingar kváðu á um.

Fari hins vegar svo að nýjum Icesave-samningi verði hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu þurfa stjórnvöld hér að svara áminningarbréfi ESA og taka til varna í málarekstrinum á hendur ríkinu. Í framhaldinu kæmi svo frá ESA svokallað rökstutt álit og málinu kynni að verða vísað til EFTA-dómstólsins. Þar færu fram vitnaleiðslur, kallað yrði eftir gögnum og Evrópulönd og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fengju að leggja fram athugasemdir sínar.

Ferlið er þó ekki jafntímafrekt og það hljómar. Samkvæmt heimildum blaðsins er ekki ólíklegt að ár gæti liðið milli þjóðaratkvæðagreiðslunnar og dóms hjá EFTA-dómstólnum. Skúli Magnússon, ritari dómstólsins, segir að þar hafi alla jafna verið skorið úr og réttað í málum á mjög skömmum tíma. „Um leið og mál er komið hingað er það rekið eins hratt og mögulegt er. Það á við um öll mál,“ segir hann.

**Flókið að spá fyrir um framvinduna**

Í viðtali við Fréttablaðið í byrjun síðasta mánaðar áréttaði Skúli að mögulegur dómur EFTA-dómstólsins næði ekki til skaðabótaskyldu íslenska ríkisins, hvort heldur sem það væri vegna brots gegn tilskipun um innstæðutryggingar eða gegn grunnreglunni um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis. Mál sem ESA höfði snúist um hvort íslenska ríkið hafi fullnægt skyldum sínum gagnvart EES-samningnum. „Liggi síðan fyrir að íslenska ríkið hafi gerst brotlegt kemur upp spurningin um hvort stofnast hafi til skaðabótaskyldu,“ sagði hann. Þá tæki að öllum líkindum við málarekstur fyrir íslenskum dómstólum, sem aftur þyrftu að leita álits EFTA-dómstólsins um vafaatriði í túlkun á EES-samningnum.

Íslenska lögmenn greinir á um líkur þess að dómur falli Íslendingum í óhag, en bent hefur verið á að ESA hefur eingöngu tapað tveimur af 29 samningsbrotamálum sem stofnunin hefur farið með.

Verði íslenska ríkið talið brotlegt þarf að sögn Skúla að fullnægja frekari skilyrðum til þess að stofnist til skaðabótaskyldu. „Þau eru einkum skilyrði um að brot sé nægjanlega alvarlegt.“

Sömuleiðis segir Skúli að færi svo að íslenskir dómstólar dæmdu málið með þeim hætti að væri talið samræmast EES-samningnum og skuldbindingum Íslands samkvæmt honum væri hægt að sjá fyrir sér alls konar framhald á málinu. „Milliríkjadeilunni lýkur ekki endilega við niðurstöðu íslenskra dómstóla,“ segir hann.

Þannig gæti niðurstaða dómsmáls hér kallað á viðbrögð frá Evrópusambandinu og meint brot íslenskra dómstóla gegn EES-reglum lent aftur á borði ESA. „Þetta er býsna flókið mat og erfitt að sjá fyrir sér framvinduna.“

Í grein Margrétar Einarsdóttur, kennara í Evrópurétti við Háskólann í Reykjavík og forstöðumanns Evrópuréttarstofnunar, í Fréttablaðinu 17. mars segist hún hallast að því að verulegar líkur séu á því að íslenska ríkið myndi bíða lægri hlut í máli fyrir EFTA-dómstólnum. „Við fall bankanna í október 2008 voru innistæður í innlendum útibúum tryggðar að fullu á meðan innistæður í erlendum útibúum nutu engrar tryggingar. Í þessu felst óbein mismunun á grundvelli þjóðernis,“ segir hún og telur því að öllum líkindum um skýrt brot að ræða gegn fjórðu grein EES-samningsins. Þá sé á því byggt í áminningarbréfi ESA að íslenska ríkið hafi gerst brotlegt við tilskipun 94/19 um innistæðutryggingar þar sem íslenska ríkið hafi ekki séð til þess að hér á landi væri komið á fót innistæðutryggingakerfi sem virkaði.



**PER SANDERUD, FORSETI ESA** Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur unnið 27 af 29 málum sem höfðuð hafa verið á hendur ríkjum fyrir EFTA-dómstólnum vegna brota á Samningnum um evrópska efnahagssvæðið (EES). FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Bótaábyrgð gæti náð til heildarinnstæðna**

„Dómur EFTA-dómstólsins þess efnis að íslenska ríkið hafi brotið gegn samningsskuldbindingum sínum á grundvelli EES-samningsins myndi setja aukinn pólitískan þrýsting á Íslendinga að greiða skuldina. Ef íslenska ríkið yrði ekki við því kynnu samningsaðilar EES-samningsins að grípa til refsiaðgerða gegn okkur á grundvelli samningsins,“ segir Margrét í grein sinni. Hún telur vafa leika á því hvort brot landsins á því að innleiða tilskipunin um innstæðutryggingar sé nægilega alvarlegt til þess að varða bótaábyrgð.

„Hins vegar má telja verulegar líkur á því að brot íslenska ríkisins gegn banni við mismunun á grundvelli þjóðernis, sem er algjör grundvallarregla EES-réttarins, yrði talið nægjanlega alvarlegt,“ segir hún og kveður íslenska ríkið því að minnsta kosti talið bótaskylt á þeim grundvelli. „Þá er það áhyggjuefni að Bretar og Hollendingar gætu fyrir íslenskum dómstólum byggt á því að vegna brota á fjórðu grein EES-samningsins bæri íslenska ríkið bótaábyrgð á heildarinnstæðum innstæðueiganda í Bretlandi og Hollandi en ekki einungis þeirri fjárhæð sem samsvarar innistæðutryggingu að 20.000 evrum. Skuld Íslendinga við Breta og Hollendinga yrði þá um tvöfalt hærri en hún er samkvæmt því samkomulagi sem nú hefur náðst. Þá myndi skuldin væntanlega öll falla í gjalddaga við uppkvaðningu dóms Hæstaréttar.“




Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is


## Met í málafjölda

Í nýlegri ársskýrslu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) kemur fram að álag á stofnunina hafi fremur aukist á síðasta ári. Þá hafi verið tekin upp 370 ný mál, en 362 málum hafi verið lokið. Aukin umsvif megi að stórum hluta rekja til fjármálakreppunnar. Sér í lagi eigi það við um Ísland, þar sem komið hafi upp mál sem tengist bæði ríkisaðstoð og reglum innri markaðar Evrópska efnahagssvæðisins.



Sömuleiðis kemur fram að það hafi aukist að málum væri skotið til EFTA-dómstólsins, en hann tók við átján málum í fyrra. Það er sagt vera met í sögu dómstólsins.






## Nýtt mál þolir ekki sama stríðskostnað

Lárus Blöndal, hæstaréttarlögmaður og fulltrúi stjórnarandstöðunnar í Icesave-samninganefndinni, bendir á að lægri vextir í nýjum samningi hafi fengist með því að halda á lofti óvissu um lagaskyldu Íslendinga til að gangast við ábyrgð á Icesave-reikningum Landsbankans. Íslendingar, Bretar og Hollendingar hafi því skipt með sér kostnaði. Tapist málið fyrir EFTA-dómstólnum sé sú vörn úr sögunni. „Þá munu Bretar og Hollendingar ekki sætta sig við að fá vexti sem eru langt undir því sem gerist og gengur á alþjóðavettvangi,“ segir hann og kveður Breta og Hollendinga hafa lýst því yfir að verði dómstólaleið ofan á taki þeir upp ýtrustu kröfur.



LÁRUS BLÖNDAL

„Niðurstaða dómstóla getur verið með þrennum hætti. Við getum unnið málið. Við getum tapað málinu á þann hátt að við berum ábyrgð á því að fjármunir hefðu átt að vera til fyrir lágmarksgreiðslum innstæðutrygginga. Og í þriðja lagi getum við tapað því þannig að við höfum mismunað innstæðueigendum eftir því í hvaða útibúum þeir áttu peninga,“ segir Lárus og kveður blasa við vaxtakostnað upp á hundruð milljarða verði síðasti kosturinn ofan á, enda myndu Bretar og Hollendingar þá gera okkur ábyrg fyrir öllum innistæðunum sem þeir greiddu en ekki eingöngu lágmarksinnistæðum. „Og tal um að ef við töpum málinu fyrir EFTA-dómstólnum endi þetta fyrir íslenskum dómstólum og að leiða megi það til lykta með heimadómurum og litlum tilkostnaði er fásinna. Menn þurfa í einu og öllu að fara eftir þeim samningum og reglum sem við höfum undirgengist með EES-samningnum.“

Lárus veltir einnig fyrir sér hver sé viðunandi herkostnaður við Icesave-deiluna. Áætlaður kostnaður ríkisins við fyrirliggjandi samning sé ekki nema einn tuttugasti af kostnaði við samninginn sem hafnað var í fyrra. „Óbeini kostnaðurinn við að standa í svona málarekstri gagnvart viðskipta- og vinaþjóðum okkar skipti kannski ekki máli þegar um var að tefla hagsmuni upp á 500 milljarða króna, en hann skiptir máli þegar kostnaðurinn er 20 til 30 milljarðar,“ segir hann og bendir á nýja útreikninga Tryggva Þórs Herbertssonar, hagfræðings og þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um að kostnaður af hærra vaxtaálagi með óleysta deilu kunni á einu ári að vera hærri en öll upphæðin sem ríkið þurfi að greiða vegna Icesave.

## Óþarfi að óttast dómstólaleiðina

„Ísland hefur ekki tekið formlega til varna,“ segir Sigríður Á. Andersen héraðsdómslögmaður og telur því enga sérstaka áhættu af svonefndri dómstólaleið í Icesave-deilunni við Breta og Hollendinga. Hún furðar sig á stjórnsýslu ESA að lýsa því yfir að málið fari fyrir dóm jafnvel þótt áminningarbréfi stofnunarinnar frá í maí í fyrra hafi ekki enn verið svarað.

Endi deilan hins vegar fyrir EFTA-dómstólnum segist Sigríður telja alveg ljóst að aldrei kæmi til álita að dæma Ísland til að ábyrgjast innstæðurnar að fullu. Hún vísar til þess að í áminningarbréfi ESA sé bara fjallað um lágmarksinnstæðutryggingarfjárhæðina. „ESA er bundið af þeim málsástæðum sem þar koma fram,“ segir hún og telur fráleitt að ESA kynni að senda inn nýtt áminningarbréf. „Ég þekki ekki dæmi um slíkt í Evrópurétti og það myndi í raun jafnast á við stríðsyfirlýsingu.“



SIGRÍÐUR Á. ANDERSEN

Jafnvel þótt EFTA-dómstóllinn kæmist að þeirri niðurstöðu að Ísland hefði ekki innleitt tilskipun um innstæðutryggingar með tilhlýðilegum hætti bendir Sigríður á að huga þurfi að ýmsu áður en meint tjón Breta og Hollendinga liggi fyrir. Til dæmis þurfi að meta hvort þeir hefðu með einhverjum hætti getað takmarkað tjón sitt. Þannig hafi um helgina komið fram hjá Lee Buchheit, formanni samninganefndar Íslands, að Bretar hafi greitt innstæðueigendum út með áföllnum Icesave-vöxtum. Þar hefði mátt láta nægja að greiða út höfuðstólinn einan eða miða við aðra og lægri vexti. Þá þurfi líka að líta til mögulegs ábata sem löndin hafi haft af einhliða ákvörðun um að greiða út inneignir Icesave. „Væntanlega voru þeir að vernda eigið fjármálakerfi og það þarf að meta til einhverrar fjárhæðar,“ segir hún og telur því ekkert borðleggjandi um fjárhæð bóta Íslands í málinu.

Eins segir Sigríður rök hníga til þess að Íslandi hafi verið heimilt að gera upp á milli innstæðna hér á landi og erlendis í aðgerðum sínum. „Það er vel hægt að halda því fram að þetta hafi verið annars konar hópur, en verði niðurstaðan sú að talið sé að um mismunun hafi verið að ræða er einsýnt að mismununin byggði á neyðarrétti. Og þetta sjónarmið hefur ESA meira að segja fallist á,“ segir hún. Telji menn á annað borð að neyðarlögin haldi eigi sömu sjónarmið við um ólíka meðhöndlun á innlendum og erlendum innstæðum Landsbankans.

# Ódýr gleraugu í Eyeslandi



Nú þarft þú ekki lengur að fara út í lönd til að kaupa ódýr gleraugu



## Há dú jú læk Eyesland?

Sjóntækjafræðingur sér um sjónmælingu og ráðleggur m.a. varðandi

☑ Gleraugu ☑ Stækkunargler ☑ Linsur



**Kr. 7.337**

235318
Plastumgjörð sem hentar vel margskiptu gleri.
Einnig sem sólgleraugu með styrk.



**Kr. 8.790**

434924
Plastumgjörð sem hentar venjulegu gleri.
Einnig sem sólgleraugu með styrk.



**Kr. 3.690**

228421
Plastumgjörð sem hentar vel margskiptu gleri.
Einnig sem sólgleraugu með styrk.



**Kr. 3.690**

730712
Meðalstór umgjörð úr ryðfríu stáli með plastörmum.
Einnig sem sólgleraugu með styrk.



**Kr. 3.690**

236025
Pilot/Aviator plastumgjörð.
Hentar vel margskiptu gleri.
Einnig sem sólgleraugu með styrk.



**frá kr. 0**

**Ótrúlegt úrval af barnaumgjörðum**
Börnum og unglingum til 18 ára aldurs stendur til boða að eignast gleraugu frá krónum 0 vegna framlags Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar. Leitið upplýsinga í verslun okkar á 5. hæð í Glæsibæ.

**FRÍTT**



Gleraugnahulstur og hreinsiklútur fylgir öllum gleraugum í apríl.

**sjáðu skýrt og sparaðu!**

E YES LAND

Gleraugnaverslun | Glæsibæ, 5. hæð | Sími 577 1015 | www.eyesland.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Breytingar á upplýsingalögum eru til bóta, en þrenging á rétti almennings þarf betri umræðu.

## Lagzt á fréttir?

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur mælt fyrir frumvarpi til nýrra upplýsingalaga á Alþingi. Í frumvarpinu er meðal annars tekið mið af reynslunni af fyrri upplýsingalögum, sem voru mikil réttarbót þegar þau tóku gildi í ársbyrjun 1997, en fram að því höfðu stjórnvöld í raun getað haft sína hentisemi um það hvort þau veittu til dæmis fjölmiðlum aðgang að gögnum mála, sem voru til meðferðar í stjórnsýslunni. Lögin hafa stórbætt aðgang almennings að upplýsingum og um leið aukið aðhald að störfum stjórnmála- og embættismanna.

Í hinu nýja frumvarpi er margt til bóta. Þannig er kveðið á um rýmkun á gildissviði laganna, þannig að þau nái einnig til fyrirtækja, sem ekki teljast ríkisfyrirtæki eða -stofnanir en eru í meirihlutaeigu opinberra aðila, til dæmis Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur. Að minnsta kosti hvað síðarnefnda fyrirtækið varðar geta líklega margir tekið undir að meiri aðgangur almennings að upplýsingum um starfsemina og þar af leiðandi meira aðhald með störfum stjórnenda hefði verið til bóta. Sömuleiðis er kveðið á um að forsætisráðherra geti sett reglur um hvaða upplýsingum opinberum aðilum beri að birta á vefsíðum sínum. Þar er klárlega um breytingu til hins betra að ræða, þótt færa megi rök fyrir að ganga eigi enn lengra en í frumvarpinu.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Blaðamannafélag Íslands hefur fagnað mörgum atriðum frumvarpsins, en bendir á að það skjóti skökku við að um leið og verið sé að rýmka rétt almennings til upplýsinga, sé undanþágum frá þeim rétti fjölgað.

Blaðamannafélagið bendir á veikan rökstuðning í greinargerð með frumvarpinu fyrir því að undanskilja sérfræðiálit, sem ráðherrar afla sér við undirbúning lagafrumvarpa, frá aðgangi almennings. Í greinargerðinni er í raun færð rök fyrir því gagnstæða, en svo klykkt út með því að „engu að síður" hafi verið ákveðið að gera tillögu um undanþáguna. Hver eru rökin fyrir því?

Blaðamannafélagið telur sömuleiðis að ákvæði frumvarpsins um hvað skuli teljast vinnugögn í málum sem stjórnvöld hafa til meðferðar veiti alltof víðtæka heimild til að synja almenningi um aðgang að gögnum. Félagið tekur dæmi af Árbótarmálinu svokallaða, þar sem Fréttablaðið sagði, meðal annars á grundvelli tölvupóstsamskipta sem aflað var með vísan til upplýsingalaga, frá óeðlilegum afskiptum fjármálaráðherra af máli sem var til umfjöllunar í ráðuneyti annars ráðherra og grímulausu kjördæmapoti.

Forsvarsmenn BÍ telja að með ákvæðum frumvarpsins sé lokað á afhendingu slíkra gagna. Sé það rétt mat, hefði Árbótarmálið líklega aldrei komizt í hámæli ef búið hefði verið að breyta upplýsingalögum, Ríkisendurskoðun hefði aldrei tekið það til umræðu og ráðherrarnir aldrei verið snupraðir.

Við meðferð frumvarpsins á Alþingi hlýtur meðal annars að þurfa að leggja á það mat, hvort lögfesting þess í óbreyttri mynd hefði í för með sér að stjórnsýslan geti lagzt á slíkar fréttir í skjóli þess að hún vilji ekki afhenda vinnugögn. Eins og BÍ bendir á, hefur of mikið upplýsingastreymi ekki staðið vandaðri stjórnsýslu hér á landi fyrir þrifum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Bestun Birtingahús

SpinningFit
Ketilbjöllur
CrossFit

World Class Iceland

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Níu líf

Ríkisstjórnin hefur átt í talsverðum vandræðum með sjálfa sig, svo að segja frá fyrsta degi. Ótalmörg mál hafa skekið hana og dauða hennar verið spáð oftar en tölu verður á komið. Hingað til hefur ríkisstjórnin staðið stormana af sér en ekki er fullvíst að hún komist standandi frá þeim sem nú geisar. Loftárásirnar á Líbíu og afstaða, eða afstöðuleysi, ríkisstjórnarinnar til þeirra eru nefnilega meira en margir í VG geta þolað.

### En tíu?

Í VG er fólk sem er um margt öðruvísi en fólk í öðrum flokkum. VG var enda öðruvísi flokkur. Hann var til dæmis á móti loftárásum. Og er svo sem enn, eftir því sem næst verður komist. En nú er skotið á Líbíu og það með samþykki ríkisstjórnar Íslands – ríkisstjórnar VG. Það er meira en sumir þola og munu nú vísir menn innan VG hvísla um að nú fyrst þurfi stjórnin að óttast um líf sitt.

### Munið Líbíu

En það skyldi þó aldrei vera að forystumenn VG séu bara nokkuð ánægðir þessa dagana og líti á þennan nýja ásteytingarstein í stjórnarsamstarfinu sem pólitískan bjarghring. VG hefur mátt kyngja mörgum af grundvallarmálum sínum og sumir flokksmenn þekkja ekki lengur gamla flokkinn sinn. Forystan getur því a) sagt við Samfylkinguna að fyrst hún teymdi VG svona langt í þessu máli þurfi hún að fallast á að minnsta kosti sjö kröfur VG, eða b) kvatt og hjólað í næstu kosningabaráttu undir kjörorðinu: „Við stöndum við sannfæringu okkar. Munið Líbíu."



bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Moody's og lánshæfismat Íslands

Icesave



Kári Sigurðsson
lektor við Háskólann í Reykjavík

Moody's hefur gefið út umfjöllun um líkleg áhrif niðurstöðu úr Icesave-þjóðaratkvæðagreiðslu á lánshæfismat íslenska ríkisins og er til hennar vitnað í fréttum af fjármögnun Landsvirkjunar. Úttektin er tvær blaðsíður. Fyrirtækið telur líklegt að lánshæfismat fari úr neikvæðu í stöðugt við samþykkt en verði fært niður ef lögum er hafnað. Hér verða rök fyrirtækisins ásamt mótrökum rakin í stuttu máli með það að markmiði að halda upplýstri umræðu.

Fyrirtækið telur samþykkt samnings draga úr óvissu samanborið við dómstólaleið. Ekki er gerð grein fyrir óvissu í þessari úttekt. Þá er ekki fjallað um gjaldeyrisáhættu sem felst í núverandi samningum. Samkvæmt mati Seðlabanka Íslands mun Icesave-skuldbinding þrefaldast ef gengi krónunnar fellur um 25%. Sé gengi krónunnar skoðað í sögulegu samhengi er þess háttar veiking vel möguleg.

Í úttektinni er talið að samþykkt samnings skapi grundvöll fyrir afnámi gjaldeyrishafta. Ekki er bent á að gengisáhætta í núverandi samningum gerir það að verkum að gengið þarf helst að vera í spennitreyju (þetta er skrifað fyrir tilkynningu um afnám hafta á föstudag).

Núverandi Icesave-samningur er talinn vera betri en upprunalegur samningur. Ekki eru færð rök fyrir því af hverju upprunalegur samningur er viðeigandi viðmið.

Talið er að samþykkt samnings opni dyr að alþjóðlegum lánsfjármörkuðum án frekari skýringa. Aðgangur Íslands að alþjóðlegu fjármagni er ekki settur í sögulegt samhengi né í samhengi við alþjóðlegan lánsfjárvanda ríkja. Ef frá er talið tímabil óeðlilegrar lánsfjárbólu og stóriðjuframkvæmdir með sértækri lagasetningu þá hefur ekki verið mikið um erlenda fjárfesting á Íslandi. Ekki er ljóst hvort samþykkt samnings muni gjörbreyta þessari sögulegu stöðu.

Fyrirtækið telur að ef samningi verður hafnað muni Norðurlönd og Alþjóðlegi gjaldeyrissjóðurinn (AGS) draga tilbaka vilyrði fyrir lánum. Þessi fullyrðing stangast á við fyrri reynslu. Lán frá AGS hafa þegar verið afgreidd óháð samþykkt Icesave.

Moody's tekur fram að það séu margir aðrir þættir sem hafa áhrif á lánshæfismat Íslands. Líklegt verður að teljast að langtíma lánshæfismat Íslands byggist á vönduðum vinnubrögðum og hóflegri skuldsetningu. Það er því mikilvægt að vandað sé til verka við samþykkt hvers konar skuldbindingar og gengið úr skugga um að óvissuþættir eins og gengi krónunnar geti ekki leitt til þess að Icesave fari úr því að verða viðráðanlegur baggi yfir í kynslóðarskuldbindingu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Icesave-atriðin 10

Icesave

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
þingmaður og formaður Framsóknarflokksins



1. Við borgum allt: Samkvæmt nýjustu samningsdrögum taka Íslendingar að sér að bæta Bretum og Hollendingum allt tjón þeirra vegna Icesave með vöxtum. Þeir fá 20.000 evrur á reikning, ætla að nota helming af þrotabúinu til að fjármagna það sem þeir ákváðu sjálfir að greiða til viðbótar og fá fjármögnunarkostnaðinn ofan á það sem þeir ætla Íslendingum að borga. Þetta hefði e.t.v. verið eðlilegt fyrsta tilboð á fyrsta fundi.

2. „Dómstólaleiðin“: Ólíklegt er að B&H vilji fara í mál vegna þess að það hentar þeim hvorki að vinna né tapa. Það væri afleitt fyrir Evrópulönd sem þegar eru í ríkisskuldakreppu að fá dæmda á sig ábyrgð á allt of stórum og löskuðum bankakerfum sínum. Ef farið yrði í mál getur aðeins íslenskur dómstóll dæmt íslenska ríkið til greiðslu skaðabóta. Það hefur EFTA-dómstóllinn staðfest. Hvergi er að finna ríkisábyrgð á innistæðutryggingum en jafnvel þótt hinn íslenski dómstóll liti framhjá því er óhugsandi að B&H yrði dæmt meira en algjört skaðleysi í málinu (þ.e. sama og núverandi drög gera ráð fyrir)

3. Neyðarlögin og mismunun: Samningarnir breyta engu um dómsmál vegna mismununar. Þegar liggur fyrir krafa um slíkt, m.a. frá hollenskum innistæðueigendum sem ekki fengu allt sitt greitt (Hollendingar mismunuðu sínu fólki samanborið við Breta). Eftirlitsstofnun EFTA hefur sagt að hún skoði líklega málið óháð samningum. Samþykkt samningsins breytir því engu um þann hræðsluáróður að neyðarlögunum kunni að verða blandað í málið.

4. Hverjum var mismunað?: Ef borinn er saman afrakstur innistæðueigenda á Íslandi annars vegar og í B&H hins vegar kemur í ljós að mismunun bitnaði frekar á þeim sem áttu innistæður hér á landi en öfugt. Bretar fengu öll sín verðmæti tryggð en þeir sem áttu innistæður á Íslandi fengu þær aðeins tryggðar í krónum sem fallið höfðu í verði um tugi prósenta. Breska og hollenska ríkið hagnast gífurlega á neyðarlögunum enda færðu þau kröfur þeirra í forgang.

5. Upphæðin: Ljóst er að 26 milljarðar í uppsafnaða vexti koma til greiðslu strax og samningarnir verða samþykktir (sama upphæð og heildarkostnaður við Búðarhálsvirkjun nema hvað sá kostnaður fellur til innanlands og eflir hagkerfið). Ath.: Ekki er hægt að nota þá tæpu 20 milljarða sem eru í innistæðutryggingasjóðnum í vaxtagreiðslur. Það veltur svo á því hvernig verðmæti þrotabúsins sveiflast, og hvenær farið verður að greiða út, hver endanleg upphæð verður. Þar getur munað tugum og hundruðum milljarða.

6. Gengisáhættan: Gengi krónunnar má ekki breytast mikið til þess að upphæðin sem lendir á ríkinu hækki verulega. Þar var hins vegar miðað við opinbert gengi Seðlabankans. Raunverulegt gengi er miklu veikara og því eru tölurnar um áætlað tjón ríkisins blekking. Reynt hefur verið að gera lítið úr gengisáhættunni með því að halda því fram að krónan sé lágt skráð og muni líklega styrkjast. Teldu menn slíkar upplýsingar öruggar gætu þeir orðið óendanlega ríkir á að veðja rétt á þróun gjaldmiðils. Aðalatriðið er þó það að verið er að reikna matið út frá opinberu gengi Seðlabankans sem hefur ekkert með raunverulegt gengi að gera.

> Vilja Íslendingar lögfesta á sig áhættusamar kröfur í erlendri mynt rétt áður en þau mál koma öll upp á yfirborðið og í ljós kemur aðrar þjóðir munu ekki taka á sig kröfur sem Íslendingum er ætlað að samþykkja án dóms og laga?

7. Gjaldeyrishöft: Allir sem gáfu fjárlaganefnd mat á áhrifum samninganna á gjaldeyrishöftin, nema Seðlabankinn, töldu að með þeim væri verið að festa gjaldeyrishöft í sessi og að áframhaldandi höft væru í raun forsenda samninganna. Nú hefur Seðlabankinn viðurkennt að til standi að viðhalda höftunum út árið 2015. Varla þarf að taka fram að gjaldeyrishöft eru mun skaðlegri erlendri fjárfestingu en deila embættismanna um Evrópureglur.

8. Lánstraust og fjármögnun: Aukin skuldsetning bætir ekki skuldatryggingaálag heldur gerir það lakara. Þetta mátti öllum vera ljóst fyrir síðustu þjóðaratkvæðagreiðslu en samt leyfðu Icesave-menn sér að halda hinu gagnstæða fram. Þegar Íslendingar höfnuðu Icesave II fór lánstraust landsins að batna jafnt og þétt en hafði verið afleitt fram að því. Það hefur hins vegar fjarað undan öðrum ríkjum á sama tíma. Það er fráleitt að halda því fram að „alþjóðasamfélagið“ myndi samsæri um að setja lönd í fjármögnunarbann bara af því þau vilja standa á rétti sínum gagnvart ólögvörðum kröfum í afmörkuðu máli. Fólk og fyrirtæki fjárfesta þar sem er hagnaðarvon eins og hefur komið á daginn.

9. Ímynd þjóðarinnar: Haldi einhver að Íslendingar geti bætt ímynd sína með því að taka á sig skuldir einkabanka hefur sá hinn sami ekki verið að fylgjast með erlendum fjölmiðlum. Þar fagna menn framgöngu Íslendinga í að bjóða fjármálageiranum birginn og líta á baráttu Íslendinga sem fyrirmynd í þeirri baráttu sem nú er hafin í Evrópu vegna skuldakrísunnar. Meira að segja virtustu fjármálablöð heims, Financial Times og Wall Street Journal, verja málstað Íslendinga.

10. Þeir sem höfðu rangt fyrir sér um allt: Málflutningur þeirra sem vilja að almenningur taki á sig Icesave-kröfurnar er ekki aðeins ótrúverðugur heldur líka óskammfeilinn því að sama fólk hélt fram nákvæmlega sama hræðsluáróðri fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna síðast og hafði rangt fyrir sér um allt. Nú er sami áróður endurfluttur enda þótt fáránleiki hans blasi við hverjum sem fylgst hefur með fréttum.

Tækifæri Íslands eru óþrjótandi svo framarlega sem tekst að vinna á ríkisskuldunum. Ríkis- og bankaskuldakrísan í Evrópu er nú farin aftur á fullan skrið. Vilja Íslendingar lögfesta á sig áhættusamar kröfur í erlendri mynt rétt áður en þau mál koma öll upp á yfirborðið og í ljós kemur að aðrar þjóðir munu ekki taka á sig kröfur sem Íslendingum er ætlað að samþykkja án dóms og laga?

**Vexti til Breta eða virkjun til okkar?**

Áfallnir vextir Icesave III jafngilda kostnaði við Búðarhálsvirkjun

Verði Icesave III samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu á laugardaginn þarf ríkissjóður Íslands strax að greiða Bretum og Hollendingum 26,1 milljarð króna í áfallna vexti vegna áranna 2009 – 2011. Greiðslan skal fara fram í erlendum gjaldeyri.

Þetta er aðeins fyrsta vaxtagreiðslan. Fleiri fylgja á næstu árum.

Landsvirkjun metur að heildarkostnaður við Búðarhálsvirkjun sé um 26,5 milljarðar króna, án fjármagnskostnaðar og virðisaukaskatts.

Í stað fyrstu vaxtagreiðslunnar vegna Icesave III mætti reisa Búðarhálsvirkjun.




**Segjum NEI við Icesave!**

Allur kostnaður við starfsemi Andríkis, þar á meðal gerð og birtingu þessarar auglýsingar, er greiddur með frjálsum framlögum lesenda vefsíðu félagsins, en hvorki frá stofnunum, stjórnmálaflokkum eða öðrum hagsmunahópum.

Andríki
www.andriki.is

AF NETINU

## Alíslensk reiði

Það er ekki bara í drykkjuveislum sem rökræður eru stundaðar með þessum hætti, heldur sér maður dæmi þess alla leið inn á Alþingi. Engin miðja er til, menn eru annaðhvort með eða á móti og síðan er barist á banaspjótum, málefnin verða mjög fljótt persónuleg og öllum brögðum er beitt til að hafa andstæðinginn undir.

Rökræður á Íslandi eru því alltaf í formi glímu. Á hinn bóginn stunduðu forfeður okkar sína glímu á Alþingi með þeim hætti að þeir byrjuðu á að handsala hvor öðrum grið, og þótti það mikið níðingsverk að láta kné fylgja kviði. Var þetta einmitt gert til að tryggja að leikurinn yrði ekki of persónulegur og leiddi ekki til mannvíga utan vallar. Kannski er kominn tími til að fylkingar á Íslandi handsali hvor öðrum grið, og jafnvel, einhvern daginn, læri að hafa það sem sannara reynist?

**Valur Gunnarsson dv.is/blogg/skotgrofin**

# Opið bréf frá foreldrum til fræðslustjóra

Sérskólar

**Ásta Kristrún Ólafsdóttir, Jóna Á. Gísladóttir, Nick A. Cathcart-Jones, Róbert Jack og Svafa Arnardóttir**
foreldrar barna með þroskahömlun

Kæri Ragnar. Við biðlum til þín um að sýna miskunn og mannúð og sjá til þess að öllum börnum með þroskahömlun standi til boða skólavist í sérskóla. Ekki bara sumum. Við gerum athugasemdir við skýringar frá menntasviði á þrengdum inntökuskilyrðum í Öskjuhlíðarskóla:

1. Sagt er að ný inntökuskilyrði í Öskjuhlíðarskóla séu ekkert annað en staðfesting á því hvernig nemendahópurinn sé nú.

Þetta er ekki rétt. Í skólanum eru börn sem falla utan ramma núgildandi skilyrða. Auk þess hefur börnum verið synjað um skólavist á forsendum nýju skilyrðanna.

2. Sagt er að þróunin sé og verði sú að börn með þroskahömlun gangi í almennan skóla.

Af hverju er menntasviðið svona visst um þessa þróun? Er það af því að það sér fram í tímann eða af því að það telur sig hafa fundið hina einu sönnu menntastefnu um aldur og ævi? Hvorugt getur talist boðlegt. Foreldrar hljóta að eiga að koma að þessari þróun.

3. Sagt er að „skóli fyrir alla“ sé stefna borgarinnar í skólamálum.

Sú stefna felur ekki í sér að það megi eða eigi að meina þroskaheftum börnum um skólavist í sérskóla. Það er hins vegar brot á grunnskólalögum að bjóða þessum sömu börnum hvorki upp á sérdeild né sérskóla (sjá 17. grein grunnskólalaga frá 2008 og 2. grein reglugerðar frá 2010 um nemendur með sérþarfir) og það stríðir gegn 76. grein stjórnarskrárinnar um rétt allra til fræðslu við sitt hæfi.

4. Sagt er að mörg lönd í kringum okkur hafi tekið upp þessa stefnu.

Sú staðreynd að einhver hallist að einhverri stefnu eru ekki næg rök fyrir því að hún sé alls staðar og alltaf við hæfi. Það verður að vera sveigjanleiki í kerfinu og eins verður að svara málefnalegum rökum þegar þau eru borin fram, sérstaklega þegar reynslan sýnir að hlutirnir ganga ekki upp og mörg þroskaskert börn njóta sín ekki sem skyldi í almennum skólum. Með samanburði við önnur lönd má þó benda á að yfirvöld í Noregi, sem fóru með þessa stefnu yfir strikið fyrir um það bil tveimur áratugum, eru að átta sig á mistökunum og þar er nú rætt um að endurreisa sérskóla. Þá eru sérskólar víða annars staðar við lýði, til dæmis í Hollandi ganga um það bil 9,6% barna í sérskóla vegna hverskyns námsörðugleika og þar þykja sérskólar sjálfsögð og eðlileg þjónusta.

5. Sagt er að almenni skólinn muni ekki sinna þroskahömluðum börnum af alvöru meðan sérskólar séu í boði.

Þessi skýring gefur til kynna að fólk í almennum skólum hafi ekki trú á sérskólalausu skólakerfi, en jafnframt að búið sé að ákveða niðurstöðuna og það eigi að þvinga fólk til fylgilags við hana. Geta það talist boðleg lýðræðisleg vinnubrögð?

Ef þú lumar á góðum og gildum rökum fyrir því að meina þroskaheftum börnum um skólavist í sérskóla fyrir þroskahefta, viljum við gjarnan fá að heyra þau. Annars biðjum við þig vinsamlegast að leiðrétta inntökuskilyrði í Öskjuhlíðarskóla þannig að öll þroskaheft börn hafi aðgang að skólanum, ekki bara sum.

„Ég segi já af því að ég vil að hjól atvinnulífsins fari að snúast.“



Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir

Já er leiðin áfram!

*www.afram.is* ***Áfram-hópurinn*** *eru þverpólitísk grasrótarsamtök fólks sem telur að best sé fyrir okkur að ljúka Icesave málinu með samþykkt fyrirliggjandi samnings í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl nk. Starf hópsins byggir á frjálsum framlögum einstaklinga og fyrirtækja og sjálfboðavinnu fjölda fólks.*

Gæða glersteinn – ótal lausnir



Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum - Flúðum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# Eyðum óvissunni – segjum já

Icesave

**Hjálmar Sveinsson**
varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar



Ég ætla að samþykkja Icesave-samninginn í þjóðaratkvæðagreiðslunni 9. apríl. Ástæðan er einföld, jafnvel þótt málið sé flókið. Samningaleiðin er farsælli fyrir þjóðina en svokölluð dómstólaleið. Samningaleiðin leiðir til lykta ágreining við vinaþjóðir okkar. Í henni felst engin uppgjöf, heldur skynsemi og breytni sem er siðferðislega sterk. Ég er sannfærður um að samninganefnd Lee Bucheit náði í desember eins góðum samningum og kostur var á. „Nei“ þann níunda apríl hleypir af stað áralöngum málaferlum. Hætt er við að það leiði til kyrrstöðu og mikillar óvissu næstu árin. Það mun rýra lífskjör almennings í landinu og draga enn meir úr tiltrú erlendra fjárfesta og lánardrottna á íslensku efnahagslífi. Dómstólaleiðin verður dýrkeypt.

Margir spyrja sig „Af hverju á ég að taka á mig skuldir einkabanka?“. Svarið er að samningurinn kemur einmitt í veg fyrir það. Hann er samkomulag um að eignir þrotabús gamla Landsbankans gangi upp í skuldbindingar Tryggingarsjóðs innistæðueigenda og fjárfesta. Þessar skuldbindingar snúast um lágmarkstyggingar fyrir sparifé fólks í öllum útibúum Landsbankans. Þar sem eignir Tryggingarsjóðs dugðu ekki til að greiða sparifjáreigendum í útibúunum í Bretlandi og Hollandi, voru tryggingarnar greiddar af þarlendum yfirvöldum. Sem stofnandi Tryggingarsjóðsins ábyrgist ríkissjóður aðeins vaxtagreiðslur og uppgjör ef eitthvað verður enn eftir af skuldbindingum sjóðsins þegar búið er að borga úr búi Landsbankans árið 2016.

Það er umdeilt meðal íslenskra lögfræðinga hvort Íslendingum beri lagaleg skylda til að ábyrgjast lágmarksgreiðslurnar. Eftirlitsstofnun EFTA hefur hins vegar gefið út það álit að Ísland beri ábyrgð á því að íslenska innistæðutryggingarkerfið geti staðið við lögbundna lágmarkstryggingu sparifjáreigenda í öllum útibúum íslensku bankanna. Allar nágranna- og vinaþjóðir okkar munu vera sömu skoðunar. Fyrir þeim vegur jafnræðisreglan þungt. Íslensk stjórnvöld bættu íslenskum sparifjáreigendum í útibúum Landsbankans upp tap sitt en ekki útlenskum sparifjáreigendum í útibúunum. Þau gerðu greinarmun á Íslendingum og útlendingum. Það kann að vera skiljanlegt út frá sjónarmiði landlægrar þjóðernishyggju en siðferðislega er það forkastanlegt.

Hvað siðferðisþáttinn varðar er gamalt og gott ráð að setja sig í spor annarra. Snúum dæminu við, eins og Hallgrímur Helgason gerði um daginn. Segjum að breskur banki hefði stofnað útibú hér á landi, lofað háum vöxtum og fjöldi Íslendinga hefði sett sparifé sitt inn á þessa reikninga, enda hefðu breskir ráðamenn og breski seðlabankastjórinn farið lofsorði um bankann og hrósað innlánastefnu hans sérstaklega. Það þarf ekki að halda áfram með dæmið en það gleymist stundum í umræðunni að Tryggingarsjóður innistæðueigenda er hugsaður til koma í veg fyrir að fólk tapi öllu sparifé sínu í bankahruni og fái ekkert bætt. Sumir andstæðingar samningsins hafa gengið mjög langt og kallað þá sem vilja staðfesta hann í þjóðaratkvæðagreiðslunni lyddur og gungur. Slíkur málflutningur einkennist annaðhvort af örvæntingu eða oflæti.

Við höfum reynslu af því að oflætið hjálpar okkur Íslendingum ekki neitt. Örvæntingin gerir það ekki heldur. Við þurfum heldur ekki að örvænta. Við staðfestum góðan samning við vinaþjóðir okkar Breta og Hollendinga, rjúfum kyrrstöðuna, eyðum óvissunni og höldum vongóð áfram inn í framtíðina.

Alicante

Flugsæti
Verð frá 66.500 kr.

Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar.

Vikulegt flug frá 14. apríl til 6. okt. 2011.

Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is

vita

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 54468 03/11

Eirberg

**Fjölþrepa bakbrettið**

- Eykur sveigjanleika
- Linar bakverki
- Bætir líkamsstöðu
- Auðvelt í notkun
- Má nota hvar sem er



Verð: 7.950 kr.

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á **laugardögum** kl. 11 - 16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is

GÆÐAFISKUR

ÍSLENSK FÆÐUBÓT

BITAFISKUR

-næring fyrir líkama og sál




**Sölustaðir:**
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga,Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737

Nýtt námskeið hefst 6. apríl.

Flemming Jessen (64) tekur þátt í fyrsta landsmóti UMFÍ fyrir 50 ára og eldri sem haldið verður í júní.

# Stuðlar að lífsfyllingu



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég hef verið viðriðinn íþróttir frá því ég man eftir mér. Ég hef verið þjálfari, liðsstjóri og flokksstjóri á landsmótum UMFÍ í gegnum tíðina en aldrei verið keppandi,“ segir Flemming Jessen, fyrrverandi skólastjóri. Hann stefnir á að taka þátt á fyrsta landsmóti Ungmennafélags Íslands fyrir fólk eldra en 50 ára, sem haldið verður á Hvammstanga dagana 24.-26. júní í umsjá Ungmennasambands Vestur-Húnvetninga.

Fyrirhugaðar keppnisgreinar eru golf, pútt, sund, frjálsar, blak, hestaíþróttir, þríþraut, bridds, boccia, skák, línudans, hjólreiðar og starfsíþróttir. Sjálfan langar Flemming að taka þátt í boccia, bridds, pútti og sundi en á sínum yngri árum stundaði hann frjálsar og sund.

„Allir sem vilja og hafa heilsu til mega vera með,“ upplýsir Flemming, sem kemur einnig að skipulagningu mótsins og er í Félagi áhugafólks um íþróttir aldraðra.

Ungmennafélagsandinn mun svífa yfir vötnum á Hvammstanga og meginmarkmiðið er að fólk taki þátt en minni áhersla er lögð á keppnina sem slíka. „Enda stuðlar öll hreyfing að aukinni lífsfyllingu,“ segir Flemming.

Fyrir utan keppni í hinum ýmsu greinum verður boðið upp á fræðsluerindi og fyrirlestra auk þess sem slegið verður upp balli.

*solveig@frettabladid.is*

天味

Austurlenskt Hádegishlaðborð

Oriental Lunch Buffet

ALL-YOU-CAN-EAT

Kr. 1590

Tian

Grensásvegur 12
568 1919



Tian

Einstaklingstilboð nr.1

Steiktar eggjanúðlur með kjúklingi

1 stk. vorrúlla eða cokedós fylgir með tilboði

990 kr.-



Alla virka daga í Hádeginu kl.11:30 - 13:30

Tian

Réttir nr.34

Sizzling

Beijing Beef

Spennandi og Topp nautakjötsréttir að hætti Tian.

1690 kr.-

Jamin hrísgrjón fylgi með



© Photosa.com

**Hreyfing** stuðlar að betri líðan og dregur úr sjúkdómshættu langt fram eftir aldri. Staðreyndin er engu að síður sú að við 75 ára aldur er einn þriðji karla og helmingur kvenna alveg hættur að hreyfa sig.











# Góður árangur endurlífgana

**Hlutfall þeirra sem lifa af og útskrifast af Landspítala eftir hjartaendurlífgun er með því hæsta sem gerist í heiminum. Íslendingar eru vel upplýstir um fyrstu hjálp að sögn Brynjólfs Mogensen yfirlæknis. Kælingarhlutfall, stuttur útkallstími og algengi farsíma skiptir máli.**

Árangur af endurlífgunum utan sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2004-2007 var umfjöllunarefni erindis sem flutt var á vísindaþingi skurð-, svæfingar- og gjörgæslulækna dagana 1. til 2. apríl. Brynjólfur Mogensen, yfirlæknir á bráðasviði Landspítala, kom að rannsókninni, sem leiddi margt áhugavert í ljós.

„Af þeim sjúklingum sem komust lifandi á Landspítala eftir endurlífgun vegna hjartaáfalls útskrifaðist fjórðungur lifandi. Það er betri árangur en í nánast öllum öðrum löndum, þar sem árangurinn er yfirleitt tíu til fimmtán prósent,“ segir Brynjólfur og bætir við að leitun sé að öðrum eins árangri.


Brynjólfur Mogensen

Ástæður þessa góða árangurs eru margþættar að mati Brynjólfs. Hann nefnir stuttan útkallstíma, gott starfsfólk á neyðarbíl, algengi farsímaeignar Íslendinga sem stytti boðunarkerfið og góða þjónustu á Landspítala. „Til dæmis var á þessum tíma farið að kæla niður sjúklinga sem lentu í hjartaáfalli. Það breytti meðferðinni til hins betra og minnkaði auk þess líkur á heilaskemmdum hjá þeim sem lifa,“ segir Brynjólfur og bætir við að ein af afleiðingum hjartaáfalls geti verið skortur á súrefni til heila, sem geti leitt til heilaskemmda. Þá var einnig komið á hjartaþræðingarvakt.

Eitt höfuðatriðið í hinum góða árangri er einnig hátt hlutfall grunnendurlífgunar, en í 62 prósentum tilvika reyndu sjónarvottar endurlífgun fyrir komu neyðarbíls.


Íslendingar eru að sögn Brynjólfs upplýstari en margar aðrar þjóðir um hjartahnoð og fyrstu hjálp. NORDICPHOTOS/GETTY

■ Af 290 einstaklingum í hjartastoppi var reynd endurlífgun hjá 280. Af þeim 193 tilvikum þar sem hjartasjúkdómur var talinn orsök voru karlar 75%, konur 25% og meðalaldur var 65,1 ár. Lifandi á sjúkrahús komust 108 sjúklingar (56%) og 49 (25,4%) útskrifuðust af sjúkrahúsi. Í 62% tilvika var grunnendurlífgun beitt fyrir komu neyðarbíls.

„Grunnendurlífgun á Íslandi er með því hæsta sem gerist í heiminum,“ segir Brynjólfur. Hann telur Íslendinga vel upplýsta um fyrstu hjálp og það verði til þess að auðvelda endurlífgun og auka hlutfall þeirra sem lifi.

Brynjólfur segir að rannsóknin hafi verið gerð yfir tímabil þar sem náið samstarf hafi verið milli læknis á neyðarbíl og sjúkraflutningsmanna. Í byrjun árs 2008 var ákveðið að fella þá þjónustu niður og því var ekki lengur læknir í neyðarbílnum.“ Hann segir ekki vitað hvort árangurinn hafi breyst við breytinguna. „Sjúkraflutningaaðilar á höfuðborgarsvæðinu eru vel menntaðir og margir hafa farið í framhaldsnám og kunna sitt verk. Rannsókn mun leiða í ljós hvort við breyttum rétt.“ *solveig@frettabladid.is*

















Brynjúlfur hefur kennt jóga í World Class í á tíunda ár og hefur iðkendum fjölgað mikið á þeim tíma. Það virðist kærkomið að geta stundað jóga í líkamsræktarstöð í bland við aðra hreyfingu. MYND/STEFÁN

# Helsti ávinningurinn er aukin líkamsvitund

**Jógatímum í World Class hefur fjölgað ár frá ári enda er eftirspurnin sífellt meiri. Tímaúrvalið er fjölbreytt og iðkendur eru af báðum kynjum og með alls kyns bakgrunn.**

Jógakennarinn Brynjúlfur Jónatansson hefur kennt jóga í World Class í á tíunda ár og merkir talsverðar breytingar á jógaiðkun landsmanna. „Þegar ég var að byrja vorum við með fimm tíma í viku og voru þátttakendur í hverjum tíma á bilinu tíu til þrjátíu. Í dag bjóðum við upp á tuttugu jógatíma í Laugum og yfir þrjátíu tíma í allt,“ segir Brynjúlfur eða Billi eins og hann er kallaður.

Hann segir aukna eftirspurn kalla á aukið framboð og að áhuginn sé mikill. „Ég held að þetta skýrist meðal annars af því að fólk kann að meta það að geta farið í jóga inni á líkamsræktarstöð og margir stunda það samhliða hlaupum, lyftingum og öðrum tímum. Þegar ég var að byrja tengdi fólk jógaiðkun svolítið við sérstaka reykelsismettaða staði og fólkið sem stundaði jóga var jafnvel álitið skrýtið. Það hefur breyst og með því að bjóða upp á það á líkamsræktarstöðvum opnast dyr fyrir alla.“

Billi segir sérstöðu World Class vera mikið úrval fjölbreyttra tíma. „Við erum með power jóga, hot jóga og flæðijógatíma, sem eru allir nokkuð krefjandi, en líka rólegri hádegis- og kvöldtíma. Þá erum við með sérstaka jógatíma fyrir hlaupara, svo dæmi séu nefnd, en þeir eru sérsniðnir fyrir hlaupahóp í World Class.“ Billi segir konur meirihluta iðkenda en að karlarnir sæki sífellt í sig veðrið. „Ég hugsa að sjötíu prósent þeirra sem sækja tímana séu konur en ég er þó að fá karlmenn á öllum aldri. Margir þeirra hafa verið í tækjunum og eru orðnir sterkir og stífir og veitir ekki af teygjunum. Ég fæ líka talsvert til mín af íþróttafólki innan um aðra.“ Billi segir nokkuð um að fólk með bakverki sæki jóga enda ganga margar stöðurnar út á að styrkja vöðvana í kringum hrygginn.

En hver er helsti ávinningurinn af því að stunda jóga? Ég held að það sé aðallega aukin líkamsvitund. Tilfinningin í skrokknum verður betri og við beitum okkur betur í daglegu lífi. Við njótum betur þess sem er þægilegt og gerum okkur frekar grein fyrir því þegar við festumst í vondri líkamsstöðu eins og fyrir framan tölvu. Þá held ég að mörgum þyki slökunin mikilvæg. Fólk æfir sig í að slaka á í amstri dagsins, sem smitar út í allt annað.“ Billi tekur fram að allir jógatímar í World Class séu í opinni stundaskrá og því hafi allir korthafar frjálsan aðgang.

## Jógafróðleikur

Jóga gengur út á jafnvægi. Unnið er jafnt með báðar hliðar, bak og kvið.

Gott er að mæta í þægilegum og mjúkum fatnaði í jógatíma.

Látið líða meira en klukkutíma frá máltíð og þangað til farið er í tíma.

Í heitu tímunum er mikilvægt að drekka mikinn vökva og bæta sér upp steinefnatap sem verður þegar líkaminn svitnar með því að borða steinefnaríkan mat. Grænmeti og grænmetissafar eru tilvaldir.

Mælt er með því að skilja keppnisskapið eftir fyrir utan tímann. Það ættu allir að geta lagað æfingarnar að sér og ef einhverjir líkamshlutar eru viðkvæmir skyldi fara varlega, sleppa æfingum eða halda stöðunum skemur. Hver æfir á sínum hraða.

World Class er með níu stöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Mesta jógatímaúrvalið er í Laugum og á Seltjarnarnesi en auk þess eru jógatímar í Ögurhvarfi, Spöng og Mosfellsbæ.



Jóga eykur líkamsvitund, sem smitast út í allar athafnir daglegs lífs.

FJÖLBREYTT JÓGA Í WORLD CLASS
Hot Yoga
Jóga
Hádegisjóga
Slökunarjóga
Hot Vinyasa
World Class Iceland
Kraftjóga
Rope Yoga
Jóga fyrir hlaupara
Nánari upplýsingar á worldclass.is eða í síma 553-0000

yoga shala
reykjavík

VOR TILBOÐ
í Yogashala
4 mánuðir á verði 3

Með þriggja mánaðarkortum sem keypt eru í apríl fylgir aukalega einn mánuður

Byrjendanámskeið á Laugardag og sunnudag (9.-10.apríl) kl. 13.30-17.00

Yndisleg yogastöð með spennandi tímum og frábærum kennurum.

Stundarskráin er á netinu www.yogashala.is



Yoga shala
Engjateig 5, 2. hæð, sími 553 0203
www.yogashala.is

# Viljum að öllum líði vel

Notalegt og gefandi andrúmsloft í fallegu hlýju umhverfi. Þannig er aðkomunni að jógastöðinni Yoga Shala, Engjateigi 5, einna best lýst. Ingibjörg Stefánsdóttir, jógakennari og leikari, segir ýmislegt spennandi á döfinni.

„Við erum farin af stað með alls konar ný og spennandi námskeið ofan á þau sem fyrir eru, svo sem meðgöngujóga, krakkajóga og jóga sem er styrkjandi fyrir bak og maga," tekur hún sem dæmi og þvertekur fyrir að jóga sé slæmt fyrir alla þá sem eru bakveikir þegar hún er spurð. „Alls ekki en það er meðal annars háð því að kennarinn sé með rétta menntun að baki," bætir hún við og tekur fram að allir kennarar á Yoga Shala stöðinni búi yfir áralangri reynslu af iðkun og kennslu jóga.



Ingibjörg, Eva og Maria taka vel á móti viðskiptavinum Yoga Shala Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mikill metnaður er lagður í starfið og til marks um það segir hún gjarnan sóst eftir hæfileikum erlendra gestakennara. Frá því í haust hefur hin sænsk-jamaíska Maria Lawino Johnson kennt á stöðinni og verður hún einmitt með byrjendanámskeið um næstu helgi. Ingibjörg gefur henni orðið.

„Ég ætlaði að vera stutt en ílengdist vegna þessu hversu frábært Ísland og íslenska þjóðin eru," segir Maria, sem hefur í starfi sínu sem jógakennari ferðast um hnöttinn þveran og endilangan og finnst landsmenn sérstaklega opnir fyrir jóga. „Þið eruð hreinskilin og tilbúin að horfast í augu við eigin kosti og galla, sem er nauðsynlegt í jóga."

Fleiri gestakennarar eru á leiðinni á stöðina á næstu mánuðum, alls staðar að úr heiminum og hver með sínar áherslur. „Einn leggur áherslu á ashtanga vinyasa, annar á forest yoga, heitt jógaflæði og innan um eru ýmis þekkt nöfn í geiranum. Andrúmsloftið er því stundum alþjóðlegt hér og allir velkomnir, enda þarf ekki að vera einhver sérstök jóga týpa eða vel að sér í þessum fræðum til að geta stundað jóga hjá okkur," útskýrir Ingibjörg og segist vilja að allir gangi út með bros á vör og sól í hjarta.

Hún getur þess að stöðin verði opin í allt sumar. Frekari upplýsingar sé að finna á yogashala.is.



„Þetta eru öflugar æfingar þó að viss slökun sé í þeim líka," segir Elín um Rope Yoga sem hún kennir í fyrirtækinu elin.is í Bæjarhrauni 2. MYND/STEFÁN

# Hug-og heilsurækt

Rope Yoga er hug- og heilsurækt sem hentar báðum kynjum á hvaða aldri sem er. Elín Sigurðardóttir í fyrirtækinu elin.is hefur kennt Rope Yoga í sjö ár, nú í Bæjarhrauni 2 í Hafnarfirði.

„Rope Yoga byggist á æfingum sem gerðar eru með hjálp banda og ganga út að styrkja óvirkustu vöðva líkamans til móts við hina aflmeiri. Þær losa um spennu, laga meltinguna og öll úrvinnsla eykst, bæði líkamlega og tilfinningalega. Því fer fólk afslappað úr tímunum og endurnært." Þetta segir Elín Sigurðardóttir um Rope Yoga sem hún iðkar og kennir í eigin fyrirtæki. Hún er þar líka með lyftingaaðstöðu og hlaupabretti og býður upp á námskeið með blöndu af Rope Yoga og TRX þjálfun sem snýst um æfingar í böndum sem hanga í loftinu. „Þær æfingar líkjast lyftingum en þar er bara unnið með eigin líkamsþunga," lýsir hún.

Elín telur Rope Yoga sérlega góða þjálfun fyrir fólk með verki í baki eða hnjám og segir marga koma til hennar á námskeið að ábendingu lækna og sjúkraþjálfara. „Það er í raun alveg sama hvað hrjáir fólk, Rope Yoga er allra meina bót og eykur liðleika og styrk enda fáum við til okkar eldra fólk, íþróttafólk í keppnisformi og allt þar á milli. Þetta eru öflugar æfingar þó að í þeim sé viss slökun líka."

Elín er íþróttafræðingur að mennt og tvöfaldur ólympíukeppandi í sundi. Fólk sækir til hennar í æfingar úr Vesturbæ Reykjavíkur, Grafarvogi og Álftanesi, auk nágrannabyggðanna. Það hefur meira að segja keyrt frá Akranesi. Hún tekur fram að Rope Yoga sé ekki aðeins líkamsrækt heldur auki líka á andlegt jafnvægi. „Hugmyndafræðin um mátt viljans, sem Guðni Guðmundsson Rope Yoga-meistari er nýbúinn að skrifa bók um, er stórt atriði í þjálfuninni," segir hún. „Við beinum fólki inn á þá línu að auka heimild sína í lífinu til velsældar, gleði og kærleika."

www.elin.is/
Rope yoga
og TRX

Námskeið hefjast
5. og 6. apríl.



Elín Sigurðardóttir
www.elin.is elin@elin.is
S: 696-4419
Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði

ROPE YOGA WORKOUT





Upphaflega var jóga miklu víðfeðmara hugtak en í dag.

# Að leita hins eilífa sannleika

**Jóga er sagt eiga uppruna sinn á gullöld Indverja fyrir 26.000 árum og hafa á þeim tíma snert öll svið tilverunnar.**

Orðið jóga er dregið af Yuj, sem á sanskrít þýðir að tengja eða sameina. Sameiningin sem orðið vísar til er á milli sjálfs einstaklingsins og alheimsvitundarinnar eða alheimsandans. Jóga gengur út á það að ná þessari sameiningu.



Jóga er sagt hafa orðið til á Indlandi fyrir nærri 26.000 árum á tímabilinu Sat Yuga sem oft er kallað gullöldin. Sat Yuga tímabilið einkenndist að sögn af algjörum friði og mikilli blessun á öllum sviðum sem leiddi til þess að fólk fór að leggja sig eftir því að uppgötva hinn eilífa sannleika og oftar en ekki gerðust menn einbúar til þess að geta einbeitt sér að leitinni að honum.

Í fornleifum frá þessum tíma hafa fundist óyggjandi merki um ástundun jóga; margar myndir af mönnum í jógastellingum hafa fundist grafnar í steina auk annars sem rennir stoðum undir þær hugmyndir sem fólk gerði sér um uppruna jógans.

Upphaflega var jóga miklu víðfeðmara hugtak en í dag. Í því fólust í raun allar lífsreglur fólks, svo sem um mataræði, hreinlæti, bænagjörð, félagslíf og vinnu, auk hugmyndafræðinnar og æfinganna sem nauðsynlegar eru til að komast í tengsl við alheiminn.

Í jóganu fólst öll afstaða mannsins til tilverunnar, auk strangrar siðfræði og reglna um iðkun hennar sem voru hornsteinar persónulegrar, félagslegrar og kosmískrar þróunar.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:**
Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462
og Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is s. 512 5432.

Ný námskeið að hefjast
Hot power yoga
– hefst þriðjudaginn 12. apríl.
Byrjendanámskeið
– hefst máudaginn 11. apríl.

JÓGA Stúdíó



Hatha jóga
Hot power yoga
Hot jóga
Slökunarjóga
Chakradans
Hugleiðsla
Heilun





Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com



Anna segir iðkendur heits jóga koma endurnærða úr hverjum tíma.

# Tónaður líkami & TÍGULEGT FAS

**Heitt jóga og heitt djúpvöðva fitness eru á meðal vinsælla námskeiða í boði hjá Hreyfingu.**

Hreyfing í Glæsibæ býður fjölbreytt úrval af æfingatímum til að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna. Þeir sem leggja upp úr vellíðan, svokallaðir „wellness“ tímar, njóta nú vaxandi vinsælda að sögn Önnu Eiríksdóttur, deildarstjóra þolfimi hjá Hreyfingu.

„Þessir tímar hafa hreinlega slegið í gegn eftir að við hjá Hreyfingu tókum í notkun nýjan og glæsilegan sal sem er hægt að hita upp í 40 gráður,“ segir Anna og tekur heitt jóga sem dæmi um æfingar sem hafa átt miklum vinsældum að fagna. „Í heitu jóga er markvisst unnið að því að styrkja og liðka líkamann með eigin líkamsþyngd í jógastöðum í 39 til 40 gráða hita. Hitinn gerir fólki kleift að komast dýpra í stöðurnar og þannig næst þessi góði árangur. Það kemur hreinlega endurnært úr hverjum tíma,“ bendir hún á og bætir við að í boði séu bæði opnir tíma og lokuð námskeið.

Bjargey Aðalsteinsdóttir og Þóra Hlín Friðriksdóttir hafa umsjón með lokuðu námskeiðunum, sem fara fram tvisvar í viku í sex vikur í senn. Það veitir aðgang að heilsulindinni, tækjasalnum, öllum opnum tímum, heitum pottum og gufuböðum. Einnig fylgir vatnsbrúsi og baðhandklæði í upphafi hvers tíma.

### HEITT DJÚPVÖÐVA FITNESS

Þá býður Hreyfing upp á glænýtt æfingakerfi í sömu línu sem er sérsniðið fyrir konur. „Það kallast heitt djúpvöðva „fitness“ eða „HD fitness“ og er ætlað þeim sem þykir tónaður líkami og tígulegt fas eftirsóknarvert,“ segir Anna, en kerfið byggir á rólegum styrktaræfingum og djúpum teygjuæfingum sem fara fram í heitum sal.

„Áherslan er að styrkja djúpvöðva í kvið og baki og lengja og styrkja alla helstu vöðva líkamans með djúpum teygjuæfingum, en eingöngu er unnið með eigin líkamsþyngd,“ segir hún og getur þess að stjörnur á borð við Jennifer Aniston og Gwyneth Palthrow hafi iðkað þær með góðum árangri.

# Heilbrigð sál í hraustum líkama

„Þetta hentar þeim sem vilja endurmóta líkama sinn og styrkja vöðvana í leiðinni,“ segir Anna Eiríksdóttir um námskeiðið Body Control Pilates, sem Hreyfing býður upp á.

Námskeiðið byggir á styrktaræfingum, liðleikaæfingum og hreyfingu sem miða að því að styrkja bak, mitti og kvið og endurbyggja jafnvægi líkamans. Anna segir námskeiðið henta þeim sem vilja þjálfa granna og langa vöðva.

„Þetta æfingakerfi hentar bæði konum og körlum, byrjendum og lengra komnum,“ bendir hún á og bætir við að æfingarnar hafi sálrænan ávinning í för með sér. „Fólk hefur haft orð á því að þær dragi úr streitu jafnt og stífleika og verkjum.“



Body Control Pilates hentar þeim sem vilja styrkja og endurmóta vöðvana.



● **Á HREYFING.IS** hefur fjöldi viðskiptavina látið ánægju sína í ljós með HD fitness námskeiðin. „Hef aldrei farið á námskeið sem gjörsamlega nær mér alveg. Yfirleitt þegar ég hef skráð mig á námskeið þá er ég farin að bíða eftir að það klárist þegar það er rétt hálfnað! En núna bíð ég eftir æfingadögunum. Anna og Ágústa eru frábærir kennarar og það er mjög gott að vera í tíma hjá þeim. Tónlistin er góð og æfingarnar krefjandi. Ég varð strax betri í bakinu eftir 3 tíma sem er frábært! Takk fyrir mig, ég kem aftur á svona námskeið ef það er í boði.“




Hot Yoga 38-40°

Þú styrkir og liðkar allan líkamann. Líkaminn hitnar sérstaklega vel í heitum salnum og gerir þér kleift að komast dýpra í stöðurnar og ná auknum liðleika og styrk. Þú svitnar mjög vel og hver tími endurnærir og fyllir þig orku og vellíðan.
**Fyrir konur og karla!**

Allar nánari upplýsingar á www.hreyfing.is



HD fitness

Heitt djúpvöðva fitness er glænýtt æfingakerfi sem hefur slegið í gegn. HD fitness fer fram í 32-35° heitum sal og byggist á rólegum styrktaræfingum ásamt djúpum teygjum. Eingöngu er unnið með eigin líkamsþyngd. Sérstakar áherslur eru á styrkingu djúpvöðva í kvið og baki og djúpar teygjuæfingar sem lengja og styrkja alla helstu vöðva líkamans. **Fyrir konur.**

Allar nánari upplýsingar á www.hreyfing.is



Body Control Pilates

Body Control Pilates sameinar líkama og sál í áhrifaríkri þjálfun sem stuðlar að því að þú styrkir alla helstu vöðva líkamans án þess að stækka vöðva. Body Control Pilates er fullkomin blanda af styrktar- og liðleikaæfingum með áherslu á að endurbyggja jafnvægi líkamas. Hámark 12 í hóp.
**Fyrir konur og karla.**

Allar nánari upplýsingar á www.hreyfing.is

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND

Álfheimar 74 Sími: 414 4000 hreyfing@hreyfing.is www.hreyfing.is



**● LEIK- OG SÖNGKONAN MADONNA** hefur sjaldan eða aldrei verið í betra formi. Það þakkar hún ötulli líkamsrækt og jógaiðkun en Madonna stundar Asthanga-jóga daglega. Æfingin varir í minnst einn og hálfan tíma og er líkamlega mjög erfið.

**● MEIRA EN KYNLÍF** Íslendingar tengja tantra gjarnan við kynlíf vegna sjónvarpsþátta sem nutu hér fádæma vinsælda fyrir nokkrum árum, þar sem nokkur pör tjáðu sig á opinskáan hátt um samlífi sitt og reynslu af tantra-æfingum. Reyndin er hins vegar sú að tantra nær yfir allsherjar æfingakerfi sem samstendur af gagnlegum jógaæfingum, hugleiðslu og sérstöku mataræði ásamt fleiru eins og frá er greint á vefsíðu Ananda Marga á Íslandi, anandamarga.is. Tilgangurinn er að öðlast hamingjuríkt vitundarástand.





**●ÆFINGAR Á MEÐGÖNGU** Hreyfing er holl á meðgöngu og margar konur nýta sér jóga til að halda líkamanum í góðu formi meðan gengið er með barn. Regluleg ástundun jóga er meðal annars talin geta hjálpað til við að losa vökva úr líkamanum og lina krampa. Æfingarnar geta hjálpað til við að halda meltingunni gangandi og minnka morgunógleði. Þá má finna æfingar til að losa um spennu kringum fæðingarveginn og undirbúa komandi fæðingu.

Eftir fæðinguna geta jógaæfingar einnig hjálpað líkamanum að ganga saman og öðlast fyrri styrk. Sjá www.healthandyoga.com



**● UNGBARNAJÓGA** nýtur vaxandi vinsælda í Bandaríkjunum þar sem margir heilsugúrúar fullyrða að það styrki böndin milli foreldris og barns, auk þess að róa börnin og hjálpa þeim að sofa betur. Algengt er að ungbarnanudd fylgi jóganu auk þess sem foreldrarnir eru látnir tala við barnið á meðan með lágri sefandi rödd.

Jógakennarar sem lagt hafa fyrir sig kennslu í ungbarnajóga halda því fram að hreyfingarnar í jóganu örvi bæði hreyfigetu og heilastarfsemi barnsins meira en aðrar æfingar sem börn eru látin gera. Snerting foreldrisins auki þess utan framleiðslu vellíðunarhormónsins oxytokins bæði hjá foreldri og barni og veiti þeim báðum djúpa ró og vellíðan.



# Möguleikarnir í eigin ræktun eru óþrjótandi

**Bjarni Óskarsson er áhugamaður um lífræna ræktun og ræktar sólber, grænmeti og fleira norður í Svarfaðardal. Hann segir hvern sem er geta farið af stað með eigin ræktun, það eina sem þurfi sé jarðskiki.**

„Ef fólk hefur aðgang að einhverjum jarðskika getur það ræktað nánast hvað sem er,“ segir Bjarni Óskarsson spurður hvernig best sé að bera sig að ef fólk langar til að koma á fót eigin grænmetisræktun. „Svo er einfalt að rækta kryddjurtir á svölunum, ef fólk hefur ekki aðgang að garði. Möguleikarnir eru óþrjótandi og með hækkandi hitastigi er farið að rækta hérna ávexti, hvað þá annað. Ég fékk meira að segja epli á tré norður í Svarfaðardal í fyrrasumar.“

Bjarni segir best að nota lífrænan áburð á ræktunina, og þar liggi beinast við að nýta skítinn. „Ef fólk kemst einhvers staðar í hrossa-, kúa-, eða hænsnaskít þá er það einn besti áburður sem hægt er að hugsa sér. Sjálfur nota ég mikið þara, fiskimjöl og kalkþörung sem áburð og það hefur gefist vel. Svo er auðvitað lykilatriði að vera með góðan safnhaug og útbúa góða safnhaugamold. Og ef þú ert með safnhaug, fiskimjöl og þaramjöl þarftu engan annan áburð. Sumir kjósa að strá smávegis af tilbúnum áburði á ræktunina, en þá getum við ekki kallað það lífræna ræktun.“



„Lykilatriði er að vera með góðan safnhaug,“ segir Bjarni Óskarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auk þess að vera með sólberjaakur sem spannar heilan hektara er Bjarni mikill áhugamaður um söfnun villtra íslenskra berja og hefur hafið framleiðslu á sultum úr íslenskum berjum auk sólberjasultunnar. „Já, við höfum verið að koma í gang átaki í þeim efnum,“ segir hann. „Það er alveg óþarfi að flytja ber inn því við eigum líklega bestu ber í heimi. Gallinn er sá að það eru ekki nema um það bil tveir mánuðir á ári sem hægt er að tína þau. Ég hef verið að vinna í því að virkja margar hendur, til dæmis skóla, íþróttafélög og skátana, auk almennings, við tínsluna. Markmiðið er að koma upp miðlægum söfnunarstöðvum víða um land þar sem tekið væri á móti berjunum og fólki greitt fyrir tínsluna. Í framhaldi af því gæti mjólkur-, bakara-, og drykkjariðnaðurinn farið að hafa aðgang að íslenskum berjum. Forsendan fyrir því að hægt sé að nýta íslensk ber í iðnaði er að framboðið sé stöðugt,“ segir Bjarni, sem auk ræktunarinnar og sultuframleiðslunnar er með endur, hænsn og bleikjutjarnir norður á Völlum og hyggur á vínframleiðslu.

*fridrikab@frettabladid.is*




NÝ SENDING AF SPARIFÖTUM

ODDFELLOW DRESSIN KOMINN

BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770

Eirberg



Ný sending af sundfatnaði komin

Opið frá kl. 9-18 og á laugardögum kl. 11-16

Stórhöfða 25
Sími 569 3100 • eirberg.is




Fermingartilboð




Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is

10 ÁRA 2001-2011



Afmælisleikur Fréttablaðsins

Sjaldan fellur eggið langt frá vinningshafanum

Skráðu þig á Vísi* fyrir 17. apríl og svaraðu einni laufléttri spurningu.

*visir.is/frettabladid

Allt sem þú þarft

Bílamarkaðurinn



PORSCHE Cayenne turbo. Árgerð 2004, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.220818.



HONDA Cr-v stw 4wd advance 147h.ö.. Árgerð 1999, ekinn 98 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 890.000. Rnr.102268.



LAND ROVER Range rover tdv8. Árgerð 2007, ekinn 61 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.900.000. Rnr.250116.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílabankinn



**100% Visa/Euro lán**
OPEL Astra-g-cc gl ecotec. Árgerð 2002, ekinn 156 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 590.000. Rnr.163972.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is



TOYOTA Rav4 4wd. Árgerð 2003, ekinn 124 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.350.000. Rnr.110689. Uppl. Toyota Kletthálsi 570-5220

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Sími: 570 5220**
**www.toyotakopavogi.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

STÓRA BÍLASALAN



**M.Benz ML500**
Árgerð 04/2006, ekinn 117þ.km, leður, lúga o.m.fl.. Frábært tilboðsverð aðeins 4.990.000kr staðgreitt! Bíllinn er á staðnum! Raðnúmer 151507. Sjá nánar á www.stora.is.



**VW Fox Dísel**
Árgerð 2008, ekinn 82þ.km, beinskiptur dísel sparibaukur! Meðaleyðsla 3,8L/100km! Bíllinn er á staðnum. Verð 1.240.000kr! Raðnúmer 131285. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

HÖFÐAHÖLLIN
Allt að 50% afsláttur af sölulaunum
Skráðu bílinn frítt hjá okkur!



DODGE RAM 2500 QUAD CAB PICKUP Árgerð 2007. Ekinn 33 Þ. MÍLUR Verð kr. 5.680.000.

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

SUZUKI



Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

TOPPBÍLAR bílasala



TOYOTA Yaris t-sport. Árgerð 2007, ekinn 46 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.790.000. TILBOÐ 2.290.000.- Mjög flott eintak! Rnr.333177.

**Toppbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**
**Sími: 587 2000**
**www.toppbilar.is**

bíll.is bestir í bílum...



NISSAN Patrol elegance 35". Árgerð 2007, ekinn 69 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Leður Húddhlíf, gluggahlífar ofl. Verð 4.990.000. Rnr.144025.



LAND ROVER Range rover sport hse TDV8. Árgerð 2008, ekinn 29 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.Bílinn er sem Nýr Verð 9.900.000. Rnr.144095.

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN



TOYOTA Land Cruiser 150 GX. 6/2010, ekinn 6 þkm, Dísel, Sjálfskiptur, Filmur, Krókur, Glugga og vindhlífar Verð 9.690.000. 3 mánaða bið eftir nýjum hjá umboði. Seljandi skoðar skipti á ódýrari bíl. Rnr.111173.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

100 bílar.is bílasala



Cadillac ESCALADE ULTRA LUXURY COLLECTION, árg.2008, ek39þús. km, Einn með öllum aukahlutum, Stórglæsilegur bíll sem lítur út sem nýr, Ásett verð 9390þús.kr, er í salnum hjá okkur,




HJÓLHÝSI, A-HÝSI, FELLIHÝSI, PALLHÝSI!!, Okkur vantar ferðavagna á staðinn og á skrá, Við sérhæfum okkur í ferðavögnum allt seldist upp síðasta sumar, Frábært 5000m2 plan með góðri nágrannavörslu og flottur 750m2 salur þar sem fellhýsin standa uppsett, Við erum ekki staddir í iðnaðarhverfi, Endilega sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Toyota Land Cruiser 90 VX, árg.'02, ek. 208 þús, dísel, sjálfskiptur, Common Rail V. 2.400.000. Engin skipti. Uppl. í s 669 9793.



**Range Rover Supercharged '07**
29þ. km, 9,9m. stgr. S. 698 4316.



Til sölu Ford Explorer árg.'97, lítið ekinn. V. 250 þús. eða tilboð. Uppl. í s. 899 3740.



VW Polo 1.2 árg.'05, ek. 63 þús. V. 790 þús. staðgr. Vantar að losna við hann strax. Uppl. í s. 772 2921.

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

**Japanskur fólksbíll óskast, t.d. Toyota, Nissan, Honda eða MMC.**
Árg. 1998-2003. Vil helst bíl í góðu standi, en má þarfnast lagfæringa. Get borgað 100-350 þúsund. Uppl. 772-5440.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Honda Gold Wing Aspanscade GL 1100 '83 fallegt hjól til sölu V. 700 Þ. kr. Uppl. í síma 699 4239.

## Vespur



Til sölu Rafmagnsvespur 904z. Gullmolinn fyrir 101. V. 185 þús. Uppl. í s. 693 3730 - geymið auglýsinguna.

## Fjórhjól




Eigum til úrval nýrra og notaðra fjórhjóla. VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

## Kerrur



Brenderup 1205S Innanmál: 203x116x35cm - burðargeta 610kg - 13" dekk -verð kr. 180.000 m/VSK. Lyfta.is - 421 4037 Njarðarbraut 1 Reykjanesbæ.

## Reiðhjól




**Kría Hjól**
Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com




## Bílaþjónusta

VAKA



Flytjum vinnuvélar og bifreiðar af öllum gerðum. VAKA SÍMI: 5676700

**GÆÐABÓN Ármúla 17a**
**Opið mán - fös 8-18**
**S. 568 4310**
**KRINGLUBÓN ekið inn stóri-litli turn.**

**Opið mán - fös 9-18, lau 10-18**
**S. 534 2455**
**Það besta fyrir bílinn þinn**
**Alþrif, djúphreinsun, mössun, teflon, blettun, bryngljái og leðurhreinsun.**

## Hjólbarðar

**!!!TIL SÖLU!!!**
Ný alveg ónotuð Firestone Dekk til sölu P 215/75 R15 Uppl: 772-6238 /Einar b

Til sölu álfelgur undan Land Cruiser 120. Tilboð. Uppl. í s. 849 4813, Grétar.

## Vinnuvélar



New Holland til sölu 3 skóflur, mótor og 2 borar fylgja. Vinnustundir innan við 100 tímar, hefur staðið inni. V. 3 milljónir + vsk. Uppl. í s. 892 8647.

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbæ.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Til sölu varahlutir í Hyundai Sonata 97, Subaru Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99. kaupi bíla til niðurrifs. Partasala smiðjuvegi 11 sími 661 5270.

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir**
**S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Vantar þér pípara? Hringdu í Rivus ehf S.8563030 rivus@rivus.is FAGLEG ÞJÓNUSTA

## Til sölu

**Til sölu glæsilegt eintak af Toyota Landcruser 120 VX.**



Sem nýr jeppi, með nánast öllum aukahlutum. Diesel vél, Árgerð 2008, ekin aðeins 31 þús. Km., 33 t. breyting, svo til ný heilsársdekk, spoiler að aftan, litaðar rúður, glugga hlífar, húddhlíf, húddmerki, dráttarkrókur og tölvukubbur sem gerir bílinn 203 hö, í stað 173 hö. +minni eyðsla. Aðeins bein sala, engin skipti.
**Staðgreiðsluverð 7,5 millj. Upplýsingar í síma: 896-5222.**

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Bókhald

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Garðyrkja

Alhliða garðaþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Tökum að okkur alhliða garðvinnu & hreinsun. Klippum og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggjum, þökuleggjum, beðahreinsum og fleira.
Vönduð vinnubrögð
- Hjörleifur í s. 844 6547
- Róbert í s. 866 9767

**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

**MINIGRAFA**
tilvalinn í garðinn gröfum fyrir öllu. Staurabor - Fleygur Fast verð eða tímavinna. Uppl. í síma 771 9800.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

Trjá- og runnaklippingar! Baldur Gunnlaugs. skrúðgarðameistari s.848-6972 eða groinn.is

**Garðaumsjón:**
Felli tré, grisja og snyrti. Hagstæð kjör. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215.

HreinirGarðar
Trjáklippingar og trjáfellingar
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
- Trjáklippingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbatæting
- Garðaúðun
- Þökulagnir
- Og margt fleira
Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Garðlist.is

## Málarar

Málningaþjónusta Reykjavíkur



**20% afsláttur út apríl**
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Haukur, S. 669 0044.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Nudd

THE BEST!!!LUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME! !869 8602.

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

GOOD MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS 659 62 69

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

## Húsaviðhald

**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.**
**Uppl. í síma 899 2420.**

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Tilboð þér að kostnaðarlausu
Upplýsingar í s: 820 8888
Löðavinna · Hellulagnir · Múrviðgerðir
Flísalagnir · Pípulagnir
Málningavinna · Smíðavinna
VERKKRAFTUR
VERKTAKAR

Steinslípun
Kjarnaborun
Steinsögun
Litli klettur
Gerum tilboð, þér að kostnaðarlausu
Litliklettur.is – s: 699-0355

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Fáðu upplýsingar í síma 567 6699
vidhald@vidhald.is

**SG Steingæði slf Alhliða húsaviðgerðir**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, pípulögn, múrverki, málingu, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum.**
**Uppl. í síma 899 2420.**

K2 Náttúruvæn
Loftstokkahreinsun



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

Flísaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir
- Rafmagn - Múrverk
-Smíðavinna- Flísalagnir
-Yfirförum ofnalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra við sjáum um allt.
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 8216839.

## Spádómar

**Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína.**
**Einkatímar.**
**Tímapantanir í s. 587 4517 Erla.**

Spái í spil ræð drauma ekkert mínútu gjald. Tímapantanir í síma. 891 8727.

**Spásími 908 6060**
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar. Hvað viltu vita á nýju ári. Opið frá 12-23 S. 894 9228 Steinunn visa/euro.

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 13.00. um helgar og 16 virka daga.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**Raflagnir, dyrasímar.**
**S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

## Til sölu

Til Sölu Phaff leðursaumsvél og rikter hausen eins saums leðursaumsvél uppl. s. 865 5613.

## Vélar og verkfæri



Saumastofur o.fl. athugið. Til sölu Barudan ísaumsvél, 6 hausa, um 20 ára ný uppgerð. Eldri 1 hausa vél getur fylgt með. Vélarnar eru góðar til að sauma logo í fatnað o.fl. Verð aðeins kr. 1500 þús. Guðjón, s. 895 2485. Tanni auglýsingavörur.

Til sölu þurk tromla 5m x 1,2m, hitari 3 fasa, olíuhitarar, Sandblásturstæki, loft pressa ca 40hö, Benz vörubíll 4 tonn + krani - gott kerruefni, Járn bitar U,I,L, rör í hestagerði og gúmmímottur breidd 80 cm uppl. S. 865 5613

## Til bygginga



**Kvistir**
Sérsmíðaðir kvistir á þök. Uppsetning tekur aðeins einn dag. Frábær fjárfesting. www.kvist.is S:846 5278.

## Verslun

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
849 0698
www.bathmate.is



teg. Fresia saumlaus í A,B,C,D skálum á kr. 7.680,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.



teg. Fresia stór í D,DD,E,FF,G skálum á kr. 7.680,-

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Ný netverslun:
www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www. tantra-temple.com

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

**NUDD - NUDD - NUDD**
TILBOÐ fyrir 1. Klukkutíma nudd. Kr. 5.500. 2 saman kr. 9.900. DETOX og fótanudd kr. 5500. DETOX 2 SAMAN kr. 9900. JB Heilsulind. S. 823 8280

## Húsgögn

Vegna plássleysis er til sölu mjúkur og þægilegur lazy-boy stóll selst ódýrt. Sími 891 8727.

## Gisting

Fullbúnar hótelíbúðir í vikuleigu í Hafnarfirði. s. 899 7004.

## Ýmislegt

ORTLIEB WATERPROOF
Reiðhjólatöskur
5 ára ábyrgð



Vatnsheldar og sterkar reiðhjólatöskur 5 ára ábyrgð, þýsk gæði. Hirzlan Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ Sími 564-5040 www.hirzlan.com

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM RVK**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

Falleg stúdíóíbúð fullbúin húsgögnum til leigu á Bæjarhrauni 16, Hfj. Uppl. í s. 899 7004.

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535.**
**www.leiguherbergi.is**

Íbúð til leigu frá 3.mai kjallaraíbúð 2herb ca.50fm í gbr. V. 90Þ m. hita og rafmagni. finnbogi@stjornublikk.is

Til leigu rúmgóð 2ja hrb. íbúð í Kópavogi, fyrir 60 ára og eldri. Uppl. 4811046 - 6925956

Til leigu 2 herbergja 70 fm íbúð á jarðhæð í fjërbýli í hamrahverfi. Leigist barnlausu pari, leiga 85þ. + hiti og rafmagn. Dýr ekki leyfð. Reyklaus íbúð. 3 mánaða banka ábyrgð. S. 567 5322.

Herbergi til leigu á Bæjarhrauni 16 Hfj. Öll aðstaða til staðar. Uppl. í s. 899 7004.

## Húsnæði óskast

Fyrirtæki óskar eftir 3ja herb. íbúð með húsgögnum. park@park.is Sími 691 4060.

Óska eftir 4-5 herbergja húsnæði til langtímaleigu í Vikur - eða Staðahverfi. Upplýsingar í síma 824 2356.

Óska eftir lítilli íbúð með húsgögnum til leigu í sumar, Helst í 101. viktorth@ gmail.com 866-5211

Er að leyta að 1-2herb. snyrtil.íbúð í 111rvk. 100þ.kr hámark Karen S:616-2917

Óska eftir einbýlishúsi til leigu í Mosó. Uppl. 660 6707.

## Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf
Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000.
Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður.
Gæludýr leyfð.
Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

## Sumarbústaðir

Óska eftir að kaupa sumarbústað við Meðalfellsvatn í Kjós. Þarf að vera í góðu ástandi með rafmagni og vatni. Gott að hluti innbús fylgi, allavega eldhús. Upplýsingar í síma 665 9806.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu falleg 3 heb. íbúð í Rimahverfi, Grafarvogi. Leiga 120 þús. hiti, rafmagn og hússj. innif. Stutt í alla þjónustu. Suðursv. m. fallegu útsýni. Uppl. síma 892 9029.

Hafnarfjörður - skrifstofur-vinnustofur. Til leigu ýmsar stærðir af skrifstofuherbergjum 20-43 m2. Nánar á www.leiga.webs.com

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Atvinna í boði

Óskum eftir meiraprófs mönnum til starfa. park@park.is Sími 615 0857.

**Hjólbarðaverkstæðið Nýbarði**
Okkur vantar starfsfólk m. reynslu á hjólbarðaverkstæðið Nýbarða í Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600 & 692 6669.

Vantar vana manneskju í þrif á hótel, vinsamlegast sendið fyrirspurn og uppl á city22a@gmail.com

fyrsta vélstjóra vantar á 30 tonna dragnótabát sem rær frá norðanverðum vestfjörðum, þarf að hafa VVY réttindi og slysavarnaskóla sjómanna. S. 892 3877.

Óskum eftir að ráða uppvaskara og aðstoðarmann í eldhús. Kvöld- og helgarvinna ca.60 tímar. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. og umsóknir sendist á: eldhus@101hotel.is

Bóndi á suðausturlandi á besta aldri óskar eftir ráðskonu/vinnukonu og er bara með sauðfé og býr einn. Gæti verið framtíðarstarf. S. 865 9919.

Hressan starfskraft vantar í fulla vinnu á kvöldin, einnig um helgar. Pizza King. S. 691 0717 / 551 7474 og 864 7318.

**CAFE OLIVER !**
Óska eftir kokkum. Mikil vinna og góð laun í boði fyrir réttan aðila. Áhugasamir sendi póst á arnar@cafeoliver.is

Spjalldömur Rauða Torgið leitar samstarfs við spjalldömur, góðir tekjumöguleikar fyrir duglegar og skemmtilegar konur. Uppl. á RaudaTorgid.is og PurpleRabbit.eu

**Verkamenn óskast**
Verkamenn óskast í hellulagnir og aðra jarðvegsvinnu. Uppl. í s. 696 6676.

**Leikskólinn Skerjagarður í Skerjafirði!**
Er að leita að leikskólakennara eða áhugasömum starfsmanni sem sýnir frumkvæði, er jákvæður og hefur brennandi áhuga á að vinna með börnum. Leikskólinn er einkarekinn, lítill og heimilislegur, tveggja deilda fyrir börn á aldrinum 18. mánaða til 6 ára. Lögð er áhersla á faglegt starf, þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í notalegu og öruggu umhverfi. Ekki er um sumarstarf að ræða. Allar nánari uppl. í s. 848 5213 og 822 1712.

## Atvinna óskast

Vanur háseti óskar eftir plássi. Með reynslu og réttindi. Uppl. í s. 862 2134.

## Fundir

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

**Aðalfundur Reykjavíkur Akademíunnar**

**Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna, verður haldinn föstudaginn 15. apríl kl. 12:15 í fundarsal félagsins að Hringbraut 121, 4. hæð.**

***Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins og stjórnarkjör.***

***Atkvæðisrétt á fundinum hafa félagsmenn sem eru viðstaddir og hafa greitt félagsgjald.***
**www.akademia.is**

## Einkamál

Ung kona vill heyra frá karlmönnum, á ákveðinn hátt. Auglýsing hennar er afar „innileg" og mjög persónuleg. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920

Ný upptaka! Það er komið vor :) Nú er komin ný upptaka hjá sögum Rauða Torgsins og þessi er virkilega, virkilega heit! Símar 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8305.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ROKKARINN KURT COBAIN** lést þennan dag (1967-1994).

*„Í dauðanum er maður fullkomlega hamingjusamur og sálin lifir einhvers staðar áfram. Ég óttast ekki dauðann. Honum fylgir alger friður og í besta falli von um að verða annar í nýju lífi.“*



*Elsku mamma, amma og langamma okkar,*

**Jóhanna Dagbjartsdóttir**
Austurvegi 5, Grindavík,
áður Ásabraut 13, Grindavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, laugardaginn 2. apríl. Útförin verður frá Grindavíkurkirkju, fimmtudaginn 7. apríl kl. 11.00.

**Dagbjört Óskarsdóttir**
**Sævar Óskarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, amma og langamma,*

**Pálína Magnúsdóttir**
til heimilis í Furugerði 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum háskólasjúkrahúsi í Fossvogi föstudaginn 1. apríl sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 8. apríl kl. 15.

**Hörður Steinsson**
**Karítas Skarphéðinsdóttir Neff**
**Pálína Ósk Lárusdóttir**
**Anna Rós Lárusdóttir**
**Rebekka Rut Lárusdóttir**
**Agnes Sigríður Sigvaldadóttir**
**og langömmubörn**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ragnar Valdemarsson**
verkstjóri Lindasíðu 29, Akureyri,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 31. mars. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 10.30. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

**Sigrún Ásdís Ragnarsdóttir**
**Jónas Magnús Ragnarsson** — **Aðalheiður Eiríksdóttir**
**Sóley Ragnarsdóttir** — **Bjarki Páll Jónsson**
**Jónas Atli Kristjánsson** — **Eydís Eva Ólafsdóttir**
**Garðar Darri Gunnarsson**
**Eiríkur Jónasson** — **Kristín Einarsdóttir**
**Sigrún Arna Jónasdóttir**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, mágkona, amma og langamma,*

**Hrefna Vilhelmína Björgvinsdóttir**
Svínaskálahlíð 11, Eskifirði,

lést laugardaginn 2. apríl síðastliðinn á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað. Útförin auglýst síðar.

**Guðmundur Björgvin Stefánsson** — **Dóra Dröfn Böðvarsdóttir**
**Viktor Stefánsson**
**Stefán Ingvar Stefánsson** — **Gunnhildur Björk Jóhannsdóttir**
**María Hjálmarsdóttir**
**Sverrir Vilbergsson** — **Elín Þorsteinsdóttir**
**Haraldur Benediktsson** — **Brynja Halldórsdóttir**
**Ingvar Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

HAUKUR GUÐLAUGSSON ÁTTRÆÐUR: HELDUR ÚTGÁFUTÓNLEIKA ORGAN FLÓRU

## Tónlistaráhuginn meðfæddur

Haukur Guðlaugsson organisti er áttræður í dag. Í tilefni þess heldur hann útgáfutónleika í Hallgrímskirkju sunnudaginn 10. apríl klukkan 16.30. Á tónleikunum mun Haukur leika valin lög af nýútkomnum diskum, Organ flóra, en á þeim er að finna upptökur á orgelleik Hauks í kirkjum víða um land.

Upptökurnar spanna allt frá árinu 1956 til ársins 2010 en annar diskanna var tekinn upp á síðustu átta árum. Haukur segir flóru íslenskra orgela fjölbreytta en hann valdi verkin með það fyrir augum að þau nytu sín sem best, í hljómburði hverrar kirkju. „Hljómburðurinn í rýminu er svo stór hluti af orgelinu,“ segir Haukur. „Gamla Dómkirkjuorgelið sem ég spilaði á hér í Reykjavík er nú komið upp í Reykholt. Það má segja að það sé allt annað hljóðfæri þar, því það er mikið meiri hljómburður í Reykholtskirkju.“

Haukur hefur spilað víða þó að flestar upptakanna á disknum séu úr kirkjum á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru þar upptökur úr Víkurkirkju og Egilsstaðakirkju og verkin eins misjöfn og þau eru mörg. Hann segir ómögulegt að gera upp á milli kirkna, hvað þá hljóðfæra.

„Hallgrímskirkjuorgelið er langstærsta hljóðfærið, með mestu möguleikana, og hljómburðurinn í kirkjunni er mikill. Gömlu harmóníumorgelin hafa líka sinn sjarma en á þau nær maður svo næmum blæbrigðum.“



**ALLS EKKI HÆTTUR** Haukur Guðlaugsson organisti heldur útgáfutónleika í Hallgrímskirkju á sunnudaginn í tilefni áttræðisafmælis síns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Haukur hóf píanónám þrettán ára og lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1951. Á árunum 1955 til 1960 nam Haukur við Staatliche Hochschule für Musik í Hamborg og lauk framhaldsnámi í Accademia di Santa Cecilia í Róm. Þá hefur Haukur stundað kórstjórn og kennslu og var söngmálastjóri Íslensku þjóðkirkjunnar frá 1974 til 2001.

Haukur hélt námskeið fyrir organista og kóra á hinu forna biskupssetri í Skálholti í 27 ár auk þess sem hann hefur staðið fyrir útgáfu um sjötíu bóka og hefta fyrir kóra og organista. Á löngum ferli hefur hann ekki bara haldið tónleika hér á landi heldur víða í Evrópu og Bandaríkjunum og leikið einleik á orgel með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Haukur er heiðursfélagi bæði í Félagi íslenskra organleikara og í Félagi íslenskra tónlistarmanna og var sæmdur riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu árið 1983. Árið 2008 hlaut hann Liljuna, sérstök tónlistarverðlaun íslensku kirkjunnar.

En er Haukur að setjast í helgan stein áttræður?

„Nei, ég vona að ég geti haldið áfram að spila, áhugann vantar ekki. Hann er meðfæddur og ég losna ekkert við hann,“ segir Haukur hlæjandi en hann grípur í orgelið á hverjum degi. „Sumir þurfa að beita sig hörðu til að æfa sig en það hefur aldrei verið tilfellið hjá mér.“ Haukur heldur upp á afmælið með fjölskyldunni, börnum, barnabörnum og barnabarnabörnum í dag.

heida@frettabladid.is



*Okkar ástkæri*

**Þórhallur Einarsson**
frá Djúpalæk, Helgamagrastræti 36, Akureyri,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri, laugardaginn 2. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jónína Þorsteinsdóttir**
**Þórdís G. Þórhallsdóttir** — **Flosi Kristinsson**
**Arna H. Jónsdóttir** — **Guðmundur V. Óskarsson**
**Sigurlaug Sigurðardóttir** — **Ari Laxdal**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma*

**Þórey Einarsdóttir**
kennari, Mávahlíð 23, Reykjavík,

sem lést á Krabbameinslækningadeild Landspítalans föstudaginn 25. mars, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík í dag kl. 15.

**Smári Þórarinsson**
**Örvar Þóreyjarson Smárason** — **Birgitta Birgisdóttir**
**Vala Smáradóttir** — **Illugi Torfason**
**Adda Smáradóttir**
**Alda Örvarsdóttir og Þórey Illugadóttir**



*Minn yndislegi eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Carl A. Bergmann**
úrsmiður Rauðhömrum 14, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar, laugardaginn 2. apríl.

**Guðrún K. Skúladóttir**
**Skúli Bergmann** — **Soffía Traustadóttir**
**Guðmundur K. Bergmann** — **Hugrún Davíðsdóttir**
**Helga Bergmann** — **Karl Dúi Karlsson**
**Bryndís Bergmann** — **Pétur Gísli Jónsson**
**Lilja M. Bergmann** — **Ólafur Þór Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eberhardt Marteinsson**
Hvassaleiti 17, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 27. mars. Hann verður jarðsunginn frá Grensáskirkju í dag þriðjudaginn 5. apríl kl. 15.00.

**Marteinn Eberhardtsson** — **Steinunn Ragna Hauksdóttir**
**Einar Eberhardtsson** — **Hellen S. Helgadóttir**
**Karen Eberhardtsdóttir**
**Hilmar Eberhardtsson**
**barnabörn og langafabörn.**

# VORDAGAR

Regatta
GREAT OUTDOORS™

# 50-80% AFSL.

# AF NÝJUM VÖRUM

# Í NOKKRA DAGA

**OPIÐ**

**VIRKA DAGA 11 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**
**SUNNUD. 13 –16**

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun

Faxafen 12 S. 533-1550.

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** dóms, **6.** utan, **8.** missir, **9.** kletta-sprunga, **11.** bókstafur, **12.** goðmögn, **14.** kál, **16.** samanburðart., **17.** hyggja, **18.** stígandi, **20.** gjaldmiðill, **21.** spaug.

**LÓÐRÉTT**
**1.** eymsl, **3.** ólæti, **4.** keppikefli, **5.** fyrir-boði, **7.** snuður, **10.** svif, **13.** veitt eftir-för, **15.** tónleikaferðir, **16.** mælieining, **19.** ætíð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** mats, **6.** án, **8.** tap, **9.** gjá, **11.** ká, **12.** tótem, **14.** salat, **16.** en, **17.** trú, **18.** rís, **20.** kr, **21.** grín.
**LÓÐRÉTT:** **1.** bágt, **3.** at, **4.** takmark, **5.** spá, **7.** njósnir, **10.** áta, **13.** elt, **15.** túra, **16.** erg, **19.** sí.

Bestun Birtingahús

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

World Class ICELAND

Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness
Laugum Reykjavík - Kringlunni Reykjavík - Húsi Orkuveitunnar Reykjavík - Spönginni Grafarvogi
Ögurhvarfi Kópavogi - Turninum Kópavogi - Lágafellslaug Mosfellsbæ
Sundlaug Seltjarnarness - Dalshrauni Hafnarfirði

**Fyrirtækjaþjónusta OFFICE 1 óskar eftir reyndum sölumanni.**

Office1 leitar að öflugum sölumanni í starf viðskiptastjóra.

Leitað er að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum til þess að starfa með öflugum og skemmtilegum hópi fólks í ört stækkandi deild innan fyrirtækisins.

**Helstu verkefni:**
- Samskipti við viðskiptavini
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina
- Öflun viðskiptasambanda
- Efling og viðhald núverandi viðskiptatengsla
- Tilboðsgerð og samningar

**Hæfniskröfur:**
- Menntun eða góð starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Áreiðanleiki
- Skipulögð og markviss vinnubrögð
- Góð framkoma og jákvæðni
- Snyrtimennska og stundvísi
- Geta unnið sjálfstætt og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð kunnátta í excel og helst í notkun OLAP teninga.
- Önnur tölvukunnátta æskileg m.a. Axapta.
- Frumkvæði í starfi, metnaður, áhugi og þjónustulund eru skilyrði.

**Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl n.k.**
**Umsóknir ásamt ferilskrá og meðmælum berist til**
**ragnar@egilsson.is**

Ég ætla að spara í ár!

Office 1

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft…

# Fermingargjöfin í ár

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Fermingarnar eru byrjaðar og já við lífsspurningunum hljóma í kirkjunum. Hvað ætli þetta unga fólk þrái mest? Hluti eða kannski eitthvað annað? Kanntu að gefa?

**SÍÐUSTU** fimm árin hafa fermingar-ungmenni í Neskirkju skrifað á blað vonir sínar og drauma um framtíðina. Þessi líklega fimm hundruð svör eru merkileg, nánast alltaf heiðarleg, sum skemmtileg og kúnstug, en önnur átakanleg. Draumar um frægð spretta fram og mörg vilja verða afreksfólk á einhverju sviði. Nokkur stefna á vit ævintýra og ætla að stunda áhættuleik og hasaríþróttir. Útlitsmál eru stundum nefnd, þau vilja gjarnan vera mjó og sæt. Vinnumál eru líka flestum ofarlega í huga. Störfin eru ekki lengur rígbundin við kyn. Og menntunareinbeitnin er skýr. Á hverju ári skrifa svo einhver, að þau þrái að eignast hest, hund eða annan álíka vin. Unglingarnir minna gjarnan á, að við eigum að vinna að vel-ferð allra jarðarbarna, stuðla að jöfnuði og vernda náttúruna.

**STÓRU** draumarnir? Hvaða gjafir þráir meirihluti fermingar-barna? Hvað er oftast nefnt? Nei, það eru ekki hörðu pakkarnir, sem eru þeim efst í huga, heldur raunveruleg dýrmæti. Fermingarungmenni þrá, að fjöl-skylda þeirra sé hamingjusöm, að öllum líði vel og að í framtíðinni eignist þau sjálf góðan maka og gjöfult fjölskyldulíf: „Mig dreymir um góða fjölskyldu.“ „Mig dreymir um að vera hamingjusöm í fram-tíðinni.“ „Ég vil verða hamingjusamur.“ „Mig dreymir um, að vera hamingjusöm til æviloka.“ „Mig dreymir um að eignast góðan mann.“ Nokkur stynja upp, að þau þrái meiri ást síns eigin fjölskyldufólks. Slíkt stingur í hjartað. Eiga ekki allir menn rétt á elsku „ástvina“?

**ERTU** á leið í búð til að kaupa fermingar-gjöf? Staldraðu við og íhugaðu fyrst óskir og þrá fermingarungmennisins. Getur verið, að það hafi nákvæmlega sömu grunnþarfir og þú? Hlutir eða hamingja? Peningar eða tími? Harðir pakkar eða meiri mýkt? Getur þú gefið eitthvað af þér, nánd, gleði, fegurð og elskusemi? Ferm-ingarungmenni eru ekki hlutafrík heldur hamingjufólk. Unglingar slá vissulega ekki hendi á móti pakka, en mikilvægast er þeim hið góða líf. Þau vilja hamingju fremur en dót. Þú mátt trúa því því þau skrifa það, staðfesta það, sjálf. Hamingjan er alltaf heimafengin og aldrei keypt. Iðkum gleðina fremur en að pakka henni inn. Það er í stíl við kirkjujá. Manstu hver er aðalspurningin í fermingunni?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

# menning

menning@frettabladid.is

**!** **DYNTIRNIR Í AGLI** Laurence de Looze, prófessor í samanburðarbókmenntum við University of Western Ontario, fjallar um þversagnakennda skapgerð Egils Skallagrímssonar í opnum fyrirlestri í stofu 101 í Odda klukkan 16 í dag. De Looze er sérfræðingur í evrópskum bókmenntum miðalda og endurreisnartímans og hefur meðal annars fjallað um sjálfsævisögulega þætti í verkum miðaldahöfundanna Juan Ruiz, Guillaume de Machaut, Jean Froissart og Geoffrey Chaucer.

# Inn í annan veruleika

Tónlist ★★★★★

**Jóhannesarpassían eftir Bach í Hallgrímskirkju**

Mótettukórinn og Alþjóðlega barokksveitin í Haag



Wagner er svo gott sem bannaður í Ísrael. Hann hafði líka megna fordóma fyrir Gyðingum, og svo elskaði Hitler hann.

Færri vita að tónsmíð eftir Bach hefur verið umdeild af svipuðum ástæðum. Það er Jóhannesarpassían, stórt verk fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit. Verkið byggir á textanum í Jóhannesarguðspjalli og fjallar um dauða Jesú Krists. Af öllum guðspjöllunum er gyðingum þar mest kennt um dauða hans. Þeir eru vondi gæinn í sögunni.

Í sumum uppfærslum á Jóhannesarpassíunni hefur textanum verið breytt, „gyðingar“ orðið að „fólkinu“. Ég gat ekki betur séð en að svipaðar leiðréttingar hefðu verið gerðar á íslensku þýðingunni í tónleikaskránni á tónleikum í Hallgrímskirkju á föstudagskvöldið.

Þetta skipti svo sem litlu máli. Jóhannesarpassían er magnað tónverk, burtséð frá því hverjir eiga sök á krossfestingunni. Kóratriðin eru fögur og sumar aríurnar svo hrífandi að það er alveg einstakt.

Ég varð ekki fyrir vonbrigðum með flutninginn nú. Leikur Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Haag var stílhreinn og akkúrat – og dálítið hlutlaus, sem hæfði ríkulegri endurómun Hallgrímskirkju prýðilega. Og Mótettukór Hallgrímskirkju söng af hástemmdri hjartahlýju, túlkunin var blátt áfram, en samt einlæg.

Einsöngvararnir stóðu sig frábærlega vel. Mesta athygli vakti frammistaða Benedikts Kristjánssonar, sem var guðspjallamaðurinn og sagði söguna. Hann söng meira og minna allan tímann, en verkið tekur um tvær klukkustundir. Mikið var á hann lagt. Hann þurfti að túlka alls konar tilfinningar með fínlegum blæbrigðum sem komu merkilega vel út hjá honum. Rödd hans var að vísu ekki sterk, en hún var falleg og túlkunin var nægilega fjölbreytt til að halda spennunni í frásögninni.

Ég verð líka að hæla Andra Birni Róbertssyni fyrir hlutverk hans sem Jesús. Andri hefur magnaða rödd og það var einfaldlega unaður að hlusta á hann syngja.

Aðrir einsöngvarar voru í minni hlutverkum, þau Þóra Einarsdóttir, Ágúst Ólafsson og Sigríður Ósk Kristjánsdóttir. Þau voru öll frábær. Ég verð sérstaklega að nefna aríuna „Betrachte, meine Seel“ sem Ágúst söng, en hún var svo falleg í meðförum hans að ég gersamlega gleymdi stund og stað.

Frammistaðan í hinum og þessum atriðum var þó ekki það sem mestu skipti. Það var heildarsvipurinn sem var málið. Hann skrifast fyrst og fremst á stjórnandann Hörð Áskelsson, sem sannar það enn og aftur að hann er einn af mestu tónlistarmönnum þjóðarinnar. Hann hélt utan um alla þræði verksins af smekkvísi og fagmennsku. Tónlistin fékk að flæða tilgerðarlaust. Og samt var hún þrungin tilfinningum. Fyrir bragðið varð Jóhannesarpassían að einhverju sem var miklu meira en tónlist. Hún var dyr inn í æðri veruleika sem ekki er hægt að lýsa með orðum. Ég var djúpt snortinn þarna um kvöldið. **Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Frábær flutningur á Jóhannesarpassíunni eftir Bach.






**RAGNHEIÐUR OG VIGDÍS** Vigdís Finnbogadóttir afhenti Ragnheiði Gestsdóttur Sögusteininn, sem afhentur var í fjórða sinn um helgina.

# Börn eru mjög skemmtilegt fólk

**Ragnheiður Gestsdóttir, rithöfundur og myndlistarkona, hlaut Sögusteininn sem afhentur var í fjórða sinn um helgina.**

„Það hefur mikla þýðingu fyrir mig að fá svona viðurkenningu frá fólki sem leggur ómælda vinnu í að vekja athygli á bókum fyrir börn,“ segir Ragnheiður Gestsdóttir, sem hlaut Sögusteininn, barnabókaverðlaun Ibby sem afhent voru á Íslandi í fjórða sinn um helgina. „Þetta er mikil hvatning.“

Verðlaunin eru veitt rithöfundi, myndlistarmanni eða þýðanda sem með höfundarverki sínu hefur auðgað íslenskar barnabókmenntir. Í umsögn dómnefndar segir að Ragnheiður hafi með skáldsögum sínum, myndskreytingum, léttlestrarefni, endursögðum ævintýrum og fleiru lagt fram mjög mikilvægan skerf til íslenskra barnabókmennta.

Ragnheiður ólst upp á bókaheimili þar sem það þótti eðlilegt að leggja ritstörf fyrir sig og segir hún það hafa án efa kveikt áhuga hennar á að skrifa fyrir börn.

„Ég reyndi ýmislegt annað, til dæmis að kenna, og fór í háskóla til að rannsaka þessi mál frá hinni hliðinni. Svo er bara svo gaman að búa eitthvað til sjálf. Börn hafa alltaf heillað mig, ég á fjögur sjálf og finnst börn mjög skemmtilegt fólk. Síðast en ekki síst finnst mér mikilvægt að þessari bókmenntagrein sé sinnt og það hefur hentað mér.“

Ragnheiður segist vera svo gott sem búin með eitt handrit að nýrri barnabók og er með nokkur önnur í bígerð.

„Ég vinn yfirleitt að nokkrum verkefnum í einu, finnst það þægilegast. Eitt er nánast frágengið en það er ekki kominn neinn útgáfudagur á það ennþá.“

Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, afhenti Ragnheiði verðlaunin, en hún hlaut 500 þúsund krónur í sigurlaun. Dómnefnd skipuðu Anna Heiða Pálsdóttir bókmenntafræðingur, Ármann Jakobsson bókmenntafræðingur og Ragna Sigurðardóttir, myndlistarkona og rithöfundur.

**bergsteinn@frettabladid.is**



**HANNES LÁRUSSON** Hannes er heiðurslistamaður Sequences 2011. Gunnar J. Árnason flytur fyrirlestur um hann í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Fyrirlestraröð Sequences hefst í dag

Myndlistarhátíðin Sequences býður upp á daglega fyrirlestra í samstarfi við Listaháskóla Íslands frá og með deginum í dag til 7. apríl. Fyrirlestrarnir verða haldnir í myndlistardeild Listaháskóla Íslands, Laugarnesvegi 91, í stofu 24, klukkan 13 til 15.

Fyrirlestrarnir fara fram á ensku og íslensku en í þeim mun þorri erlendra listamanna sem taka þátt í hátíðinni ræða verkin sín og nálgun á gjörningnum, sem aðaláhersla er lögð á á hátíðinni í ár. Gunnhildur Hauksdóttir, myndlistarmaður og varaformaður Nýlistasafnsins, stjórnar umræðum.

Í fyrsta fyrirlestrinum í dag ræðir Gunnar J. Árnason um Hannes Lárusson, heiðurslistamann Sequences 2011. Á miðvikudag fjallar Gunnhildur um „performansinn“ og augnablikið og á fimmtudag ræðir Silje Silden um samnorræna gjörningavettvanginn Nordic Tantrum.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# MEÐ VOR Í LOFTI

## MEÐ HÆKKANDI SÓL OG BETRA VERÐI!



STK. AÐEINS **295,-**

**Páskaegg**
Sniðug páskaegg til að fylla með skrauti eða einhverju góðgæti.



VERÐ AÐEINS **299,-**

**Blómakarfa**
Falleg páskaleg blómakarfa úr polyfilt efni.



4 STK. AÐEINS **399,-**

**Mjúkir páskaungar**
4 stk. mjúkir páskaungar saman í pakka.



STK. AÐEINS **299,-**

**TEBINA diskamotta**
Efni: 100% polyfilt. Stærð: 30 x 45 sm.



VERÐ AÐEINS **499,-**

**Vorblóm**
Gerviblóm í potti á frábæru verði!



1 PAKKNING AÐEINS: **100,-**

**Skrautsteinar og sandur**
Sniðugir steinar og sandur til að skreyta með.



1 STK. AÐEINS **99,-**

**RUSTIC kerti**
Margir litir. 1 stk. **99,-** 4 stk. **299,-**



4 STK. AÐEINS **499,-**

**Páskakerti**
Sniðug egglaga kerti, 4 stk. saman í pakka á frábæru verði!



1 STK. AÐEINS **499,-**

**Páskakransar**
Flottir páskakransar til að hengja á vegg.
Fjórar mismunandi gerðir fáanlegar.
Stærð: Ø 17 sm.



**Páskaservíettur**
Mikið úrval af fallegum páska-servíettum á frábæru verði!
Stærð: 33 x 33 sm.

20 STK. AÐEINS **299,-**



1 STK. AÐEINS **795,-**

**Blóm í potti**
Nokkrir litir fáanlegir. Hæð: 16 sm.



VERÐ FRÁ: **299,-**

**Eldhúslína með hænum**
Fallegt leirtau með mynd af hænu. 2 mismunandi gerðir fáanlegar.
Diskur **499,-** Skál **399,-** Kanna **995,-** Bolli **299,-**



KAPPI BREIDD 40 SM. **995,-**

LÖBER **1.295,-**

VISKUSTYKKI **695,-**

SVUNTA **1.295,-**

DÚKUR **1.495,-**

DISKAMOTTA **399,-**

**ELISABEC kappi, dúkur, löber, viskastykki, svunta og diskamotta**
Mjög sæt páskalína, með einstklega fallegu mynstri. Efni:65%polyester og 35% viscose.
Kappi br. 40 sm. Verð: **995.-** pr. mtr. Dúkur st. 85 x 85 sm. Verð **1.495,-**
Löber st. 40 x120 sm. Verð **1.295,-** Svunta verð: **1.295,-** Viskustykki verð **695,-**
Diskamotta verð **399,-**

# Nolan fær ekki nóg af Batman

Aðdáendur Bruce Wayne og hliðarsjálfs hans, Batman, geta tekið gleði sína á ný, því leikstjórinn Christopher Nolan hyggst ekki yfirgefa riddara næturinnar jafn snögglega og gefið hafði verið í skyn. Nolan er nú að undirbúa sig fyrir þriðju myndina um Batman en hinar tvær, Batman Begins og Dark Knight, hafa notið feikilega mikillar hylli meðal gagnrýnenda og áhorfenda. Nolan hafði lýst því yfir að þetta yrði hans síðasta mynd um þrotlausa baráttu Batman við þrjóta Gotham-borgar og það er allt satt og rétt.

Hins vegar láðist Nolan að nefna það að hann myndi framleiða sjálfstætt framhald þeirra mynda. Forseti Warner Bros., Jeff Robinov, upplýsti þetta í samtali við Los Angeles Times. „Við fáum þriðju Batman-myndina en síðan þurfum við að endurskoða söguna og gera eitthvað nýtt með honum. Christopher Nolan mun framleiða ásamt Emmu Thomas og það er því í þeirra höndum hvert framhaldið verður.“ Þetta minnir óneitanlega á örlög Spider-Man þríleiksins eftir Sam Raimi en nú hefur verið ákveðið að gera kvikmyndir um unglingsárin í lífi þeirrar hetju. Raimi kemur reyndar ekkert nálægt þeim.

Nolan hefur verið að safna liði fyrir þriðju myndina og þegar hefur verið staðfest að þau Anne Hathaway, Tom Hardy og Joseph Gordon-Levitt muni leika í myndinni við hlið Michael Caine og Christian Bale. - fgg



**EKKI LOKIÐ** Sögunni um Batman er ekki lokið því Christopher Nolan mun framleiða nýja kvikmynd um riddara næturinnar.

# Liam í fatahönnunarstríð

**Breski ólátabelgurinn Liam Gallagher, fyrrverandi söngvari Oasis, er þekktur fyrir allt annað en að liggja á skoðunum sínum um menn og málefni. Hann hefur nú sent Jay Z-tóninn fyrir fatalínuna hans.**

Liam Gallagher er smám saman að komast aftur upp á afturlappirnar eftir að hljómsveitin Oasis liðaðist í sundur eftir áralangar deilur Galagher-bræðranna Liams og Noels um strauma og stefnur. Hann er byrjaður í nýrri hljómsveit, Beady Eye, og hefur sett á markað nýtt tískumerki undir nafninu Pretty Green. Það hefur vakið töluverða athygli í tískuheiminum og knattspyrnustjörnur á borð við Joe Cole og David Bentley, sem báðir hafa þó mátt sætta sig við mikla bekkjarsetu hjá sínum félagsliðum, vilja nánast eingöngu ganga í fötum frá merkinu.

Gallagher, sem er sjálfur harður stuðningsmaður Manchester City, þekkir þá list best allra að vekja athygli á sjálfum sér og sínum vörum og ákvað því að beina sjónum sínum að tískumerki rapparans Jay-Z, af einhverjum ókunnum ástæðum, kannski af öfundsýki enda selur Jay -Z föt fyrir 436 milljónir punda á ári hverju undir nafninu Rocawear. Samkvæmt Daily Star finnst Liam föt rapparans ákaflega ljót. „Þú lendir bara í vandræðum við laganna verði ef þú ert í fötunum frá Jay-Z,“ hefur blaðið eftir söngvaranum, sem hefur aldrei efast um eigið ágæti, hvað þá gæði tískulínunnar sinnar.





**SKRÝTIN STRÍÐSYFIRLÝSING** Liam Gallagher er snillingur í að eignast óvini og sendi Jay-Z tóninn nú fyrir helgi. Hann vill meina að fólk verði handtekið ef það klæðist fötum frá fatalínu Jay-Z en Liam hefur sjálfur sett á fót fatamerki undir nafninu Pretty Green og hefur eignast fylgismenn á borð við Joe Cole og David Bentley. NORDICPHOTOS/GETTY



Daily Star rifjar upp í kjölfarið að Gallagher-bræðurnir gætu kannski fundið sinn samhljóm í einhliða stríðinu við Jay-Z, því fyrir þremur árum gagnrýndi Noel Gallagher rapparann harðlega fyrir að vera opnunaratriði Glastonbury-hátíðarinnar. „Sú hátíð er byggð á gítarhefð. Ef eitthvað er ekki bilað þá á ekkert að gera við það.“





| SMÁRABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| KURTEIST FÓLK | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 – 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| LIMITLESS LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 | L |
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 10.15 | 12 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| RANGO ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 5.45 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| BIUTIFUL | KL. 6 - 9 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 6 - 8 - 10 | L |
| LIMITLESS | KL. 10 | 14 |
| NO STRINGS ATTACHED | KL. 8 | 12 |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is 5% AUKAKRÓNUR
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Þriðjudagur er tilboðsdagur.

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| HOPP - ENS TAL | 6, 8 og 10 |
| KURTEIST FÓLK | 6, 8 og 10 |
| NO STRINGS ATTACHED | 8 og 10.10 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 5:40 | VIP |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D M/ ísl. Tal | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| THE WAY BACK | kl. 5:40 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tal | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 6 | 10 |
| HALL PASS | kl. 6 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| LIMITLESS | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 14 |
| UNKNOWN | kl. 5.25 - 8 - 10.35 | 16 |
| MARS NEEDS MOMS-3D ísl. Tal | kl. 5.25 | L |
| HALL PASS | kl. 8 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREU | kl. 10.35 | 10 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| SUCKER PUNCH | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| ADJUSTMENT BUREAU Númeruð sæti | kl. 8:20 - 10:30 | 10 |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS-3D ísl. Tal | kl. 6:10 | L |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:40 | L |
| TRUE GRIT Númeruð sæti | kl. 8 | 16 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

LYFJA – Lífið heil
www.lyfja.is




+15% afsláttur í apríl af 204 stykkja Nicotinell Fruit
Verð með afslætti:
2 mg 4.329 kr.
4 mg 6.119 kr.

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 54330 03/11

BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:10, 22:30 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| BLACK SWAN | 17:50, 20:00, 22:10 |
| LOVE AND OTHER DRUGS | 22:40 |
| ANOTHER YEAR | 17:40 |
| DEUS EX CINEMA: IKIRU | 20:00 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# Myndavél, stereógræjur, leikjatölva, áttaviti, Íslandskort, skákborð ...

... og auðvitað sími svo að fermingarbarnið geti hringt í þig til að segja „takk“!



Nokia 5230

## 29.900 kr.

1000 kr. inneign
á mánuði í 6 mánuði

Þægilegur og einfaldur 3GL snertisími frá Nokia. Síminn er með 2 megapixla myndavél og Ovi Maps með ókeypis leiðsögn og GPS-virkni.

Nokia C3

## 24.900 kr.

1000 kr. inneign
á mánuði í 6 mánuði

Frábærir símar fyrir ungt fólk á ferðinni - tölvupósturinn, spjallið, Facebook og Twitter við höndina öllum stundum.

Á Ovi Store er að finna um 40.000 forrit sem gera Nokia símann þinn enn skemmtilegri. Þar eru 80% af vinsælustu forritunum í farsíma, kíktu á store.ovi.com

siminn.is

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM45999

# sport

sport@frettabladid.is



**SKÓLAFÓLKIÐ** í Bandaríkjunum mun allt mæta á Íslandsmeistaramótið í 50 metra laug sem fram fer í Laugardalslauginni um næstu helgi. Búast má við gríðarlega harðri keppni um Íslandsmeistaratitilinn í mörgum greinum því Hrafnhildur Lúthersdóttir, Erla Dögg Haraldsdóttir, Árni Már Árnason og Sarah Blake Bateman koma öll heim. Þetta mót er jafnan eitt mikilvægasta mót ársins þar sem sundfólkið gerir atlögu að lágmörkum fyrir stórmót erlendis á borð við HM50, Evrópumót unglinga, Smáþjóðaleikana og EM25.

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**Keflavík-KR 104-103**

Keflavík: Magnús Þór Gunnarsson 29/4 fráköst, Thomas Sanders 21/8 fráköst/7 stoðsendingar, Hörður Axel Vilhjálmsson 16/6 fráköst/7 stoðsendingar, Andrija Ciric 13/11 fráköst, Gunnar Einarsson 12/7 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 8/8 fráköst/7 stoðsendingar/5 varin skot, Þröstur Leó Jóhannsson 5.

KR: Marcus Walker 28/9 stoðsendingar, Brynjar Þór Björnsson 20, Pavel Ermolinskij 16/17 fráköst/5 stoðsendingar, Finnur Atli Magnússon 12/8 fráköst/3 varin skot, Fannar Ólafsson 9/10 fráköst, Skarphéðinn Freyr Ingason 6, Ólafur Már Ægisson 6, Hreggviður Magnússon 6.

***Staðan í einvíginu er 2-2.***



**SHAYLA FIELDS** Hefur skorað 24,4 stig að meðaltali í leik fyrir Njarðvík í úrslitakeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Iceland Express-deild kvenna:

## Keflavík mætir í Ljónagryfjuna

**KÖRFUBOLTI** Annar leikur lokaúrslita í Iceland Express-deild kvenna fer fram í Ljónagryfjunni í Njarðvík klukkan 19.15 í kvöld en þar tekur öskubuskulið Njarðvíkur á móti bikarmeisturum Keflavíkur.

Keflavík er 1-0 yfir eftir dramatískan eins stigs sigur, 74-73, í fyrsta leiknum á laugardaginn þar sem sigurkarfa Lisu Karcic kom um leið og leiktíminn rann út.

Njarðvíkurkonur hafa unnið alls þrjá heimaleiki sína í úrslitakeppninni til þessa og hafa ekki tapað í Ljónagryfjunni í sextíu daga, eða síðan Keflavík vann þriggja stiga sigur í leik liðanna í undanúrslitum Powerade-bikarsins 4. febrúar.

Fyrsti leikurinn lofar góðu um spennandi úrslitaeinvígi en Íslandsmeistaratitilinn hefur unnist í oddaleik undanfarin tvö ár.

- óój

# Þetta geta bara Keflvíkingar

**Keflvíkingar tryggðu sér oddaleik á móti KR með því að vinna annan framlengda leikinn í röð. KR-ingar höfðu margoft náð góðu forskoti í Toyota-höllinni í gærkvöldi en Keflvíkingar voru ekkert á leiðinni í sumarfrí. Þeir komu endalaust til baka og ótrúleg þrautseigja þeirra skilaði afar sætum sigri að lokum.**

**KÖRFUBOLTI** Keflvíkingar eru á góðri leið með því að endurtaka leikinn fyrir þremur árum þegar þeim tókst að vinna seríu eftir að hafa lent 0-2 undir en það er í eina skiptið sem það hefur gerst. Keflvíkingar tryggðu sér oddaleik á móti KR á fimmtudaginn eftir 104-103 sigur í frábærum framlengdum leik í Toyota-höllinni í Keflavík í gærkvöldi.

Thomas Sanders skoraði sigurkörfu Keflavíkur eftir sóknarfrákast níu sekúndum fyrir leikslok og KR-ingar fengu síðan tvö skot til þess að tryggja sér sigur en mistókst í bæði skiptin. Gunnar Einarsson varði lokaskot Ólafs Más Ægissonar og heimtuðu KR-ingar villu en ekkert var dæmt. Marcus Walker hafði tryggt KR-liðinu framlengingu en tókst ekki að tryggja þeim sæti í lokaúrslitunum.

Leikurinn var stórkostleg skemmtun, hraður, spennandi og uppfullur af áhlaupum beggja liða, frábærum tilþrifum og endalausum sveiflum fram og til baka. Keflvíkingar voru nokkrum sinnum búnir að missa KR-liðið frá sér en þeim tókst alltaf að grafa sig aftur upp úr holunni og unnu á endanum mikinn karaktersigur.

Keflavík lenti 0-2 undir í einvíginu en hefur unnið tvo síðustu leiki í framlengingu.

„Þetta er bara langskemmtilegast svona að fara tvisvar í framlengingu á móti KR og vinna í bæði skiptin. Nú erum við bara einum leik frá því að komast í úrslit,“ sagði Sigurður Gunnar Þorsteinsson, kátur í leikslok. Sigurður var allt í öllu á báðum endum vallarins í lokin en þetta er þriðji leikurinn í úrslitakeppninni sem Keflavík vinnur í framlengingu og í þeim öllum hefði tap þýtt sumarfrí.

„Við eigum framlengingarnar, það er bara svoleiðis,“ sagði Sigurður Gunnar sem var með fyrir þremur árum þegar Keflavík sló út ÍR 3-2 eftir að hafa lent 0-2 undir. „Við vitum að eina liðið á Íslandi sem getur þetta er Keflavík. Við ætluðum bara að vinna þetta og það er það eina sem við trúum á. Við ætlum bara að vinna þessa seríu og það er það eina sem kemur til greina,“ sagði Sigurður Gunnar Þorsteinsson.



**ÓTRÚLEGA SEIGIR** Hörður Axel Vilhjálmsson og félagar í Keflavík hreinlega neita að gefast upp. Þeir unnu ótrúlegan sigur í gær sem þeir fögnuðu innilega. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Ef það var samt einhver einn maður sem ætlaði að koma sínum mönnum í oddaleikinn þá var það Magnús Þór Gunnarsson sem skoraði 29 stig í leiknum og þar af voru sjö þriggja stiga körfur sem voru flestar af svakalegri gerðinni. Hörður Axel Vilhjálmsson kom líka mjög sterkur upp í lokin þegar Andrija Ciric, hetja síðasta leiks, var kominn með fimm villur. Annars var þetta sameinað átak sem landaði þessu hjá Keflavík.

„Það er bara hluti af þessu að lenda í svona leikjum. Staðan er bara 2-2 og við vinnum á fimmtudaginn. Þetta er smá aukakrókur en það er ekki hægt að kvarta yfir svona leikjum,“ sagði KR-ingurinn Brynjar Þór Björnsson sem skoraði 16 af 20 stigum sínum í fyrri hálfleik en lenti í villuvandræðum í þeim síðari.

„Þeir hittu úr svakalega stórum skotum og héldu sér inni í leiknum þannig. Það hefði síðan alveg mátt dæma villu í þriggja stiga skotinu undir lokin því þeir hafa pottþétt slegið ef ég þekki þá rétt. Það er samt ekki því að kenna að við töpuðum því við klúðruðum þessu sjálfir,“ sagði Brynjar.

„Þetta var smá kæruleysi hjá okkur undir lokin að missa þetta niður en við hættum að sækja og þá kann ekki góðri lukku að stýra. Það er bara gaman að fá þetta í oddaleik og þetta verður stuð,“ sagði Brynjar.

Pavel Ermolinskij virtist vera að klára leikinn í fjórða leikhlutanum en það er vel þekkt að það þarf mikið átak til þess að senda Keflvíkinga í sumarfrí. Það hafa Keflvíkingar sýnt í þessari seríu og það sýndu þeir margoft þegar á móti blés í gær.

Körfuboltinn er samt aðalsigurvegarinn því tveir síðustu leikir hafa verið stórkostleg skemmtun og menn geta varla beðið eftir oddaleiknum á fimmtudagskvöldið. Einn af þeim er Keflvíkingurinn Hörður Axel Vilhjálmsson.

„Nú er öll pressan á KR, þeir voru 2-0 yfir og vilja ekki tapa þessu 3-2. Ég get ekki beðið eftir þessum leik og vil helst fara að spila hann núna,“ sagði Hörður Axel.

KR-ingar gleðjast örugglega að fá tvo daga til að fara yfir sinn leik en allir körfuboltaáhugamenn geta hins vegar varla beðið eftir rosalegu fimmtudagskvöldi.

ooj@frettabladid.is




## Kynningarfundur um umhverfismál

Norðurál og Elkem Íslandi halda opinn kynningarfund um umhverfismál og framleiðslu fyrirtækjanna á Grundartanga. Kynning verður að Hótel Glymi að Hvalfjarðarströnd, fimmtudaginn 7. apríl n.k. og hefst klukkan 13:00.

Á fundinum munu fyrirtækin kynna niðurstöður mengunarvarna og umhverfisvöktunar á Grundartanga fyrir árið 2010. Einnig mun liggja frammi eintök af ársskýrslu umhverfisvöktunarinnar á Hvalfjarðarsvæðinu fyrir iðjuverin á Grundartanga, sem unnin var af verkfræðistofunni Eflu.

Áhugasamir eru hvattir til að koma á fundinn.

Elkem Ísland NORÐURÁL Century ALUMINUM EFLA VERKFRÆÐISTOFA


Kolbeinn Sigþórsson er ekki alvarlega meiddur:

## Verð fljótur að jafna mig

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Kolbeinn Sigþórsson fór meiddur af velli í leik AZ Alkmaar um helgina. Eftir leikinn gaf þjálfari liðsins í skyn að meiðsli Kolbeins væru það alvarleg að hann spilaði kannski ekki meira í vetur.

„Ég spurði hann út í þetta og hann segist ekki hafa svarað alveg þannig. Hann sagði líklegt að ég væri tognaður en ef ég væri óheppinn væri veturinn kannski farinn hjá mér,“ sagði Kolbeinn um þessi ummæli en hann er sem betur fer ekki alvarlega meiddur.

„Það er ekkert að mér. Ég var tæklaður illa í ökklann. Ég reyndi að halda áfram en gat það ekki. Fyrst ég gat hreyft mig eftir tæklinguna óttaðist ég aldrei að þetta væri eitthvað alvarlegt. Ég er aðeins tognaður og þarf að hvíla mig í eina til tvær vikur. Ég verð fljótur að jafna mig á þessu,“ sagði Kolbeinn brattur en það hefði verið mikið áfall fyrir U-21 árs landsliðið ef hann hefði meiðst alvarlega.



**EKKI ALVARLEGT** Kolbeinn verður kominn aftur á ferðina eftir nokkra daga. NORDICPHOTOS/AFP

Kolbeinn hefur spilað einkar vel í vetur og verið iðinn við markaskorun. Talsvert hefur verið greint frá áhuga annarra félaga á honum og hafa nöfn eins og Newcastle og Feyenoord verið nefnd í því sambandi.

„Ég finn fyrir miklum áhuga. Ég get ekki neitað því. Ég er annars ekkert að velta mér upp úr slíku og einbeiti mér að því að spila fótbolta. Svo sjáum við bara hvað gerist í framhaldinu.“ - hbg

Cristiano Ronaldo hjá Real Madrid og Gareth Bale hjá Tottenham eru báðir tæpir fyrir leik kvöldsins:

# Verða stjörnurnar með á Bernabeu í kvöld?

**FÓTBOLTI** Real Madrid og Tottenham mætast í kvöld í fyrri leik sínum í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar og fyrir leikinn eru menn með miklar vangaveltur um hvort aðalstjörnur liðanna verða með í kvöld. Cristiano Ronaldo hjá Real Madrid og Gareth Bale hjá Tottenham eru báðir að glíma við tognun aftan í læri og stjórarnir José Mourinho og Harry Redknapp taka áhættu með því að nota þá í kvöld.

„Það hefur ekki verið svona stór leikur á Santiago Bernabeu í langan tíma og það er eðlilegt að hugsa ekki um neitt annað en þennan leik,“ sagði José Mourinho á blaðamannafundi fyrir leikinn, þar sem hann velti vöngum um að fara gegn ráðum læknaliðs síns og tefla Ronaldo fram í leiknum. Þegar er ljóst að Karim Benzema verður ekki með og þá eru þeir Angel di Maria og Marcelo í kapphlaupi eins og Ronaldo um að verða leikfærir fyrir kvöldið.



Harry Redknapp, stjóri Tottenham, þarf einnig að taka stóra ákvörðun um hvað hann ætlar að gera með Gareth Bale, sem er eins og Ronaldo að ná sér eftir tognun aftan í læri. Bale hefur lítið spilað frá því í janúar því áður var hann meiddur í baki.

„Bale er frábær íþróttamaður og ég horfði á hann hlaupa á föstudaginn þegar hann sagðist vera aðeins á 70 prósenta hraða en leit út fyrir að geta flogið. Hann leit út eins og Carl Lewis,“ sagði Harry Redknapp.

Bale er staðráðinn í að spila og viss um að hann mæti Ronaldo í kvöld. „Ég mun biðja hann um treyjuna eftir leikinn. Ég hef alltaf fylgst með honum og reynt að læra af honum. Við erum líkir leikmenn hvað varðar kraft og hraða. Ég sé hann gera hluti og reyni að leika þá eftir,“ sagði Bale.

Hinn leikur kvöldsins er á milli Evrópumeistara Inter Milan og Schalke. **- óój**



**CRISTIANO RONALDO** Má ekki spila samkvæmt mati læknaliðs Real Madrid en er staðráðinn í því að vera með.



**STEFÁN GÍSLASON** Segir farir sínar ekki sléttar af Dönum. NORDICPHOTOS/AFP

Stefán Gíslason:

## Fer ekki aftur til Danmerkur

**FÓTBOLTI** Stefán Gíslason á ekki góðar minningar frá tíma sínum hjá Bröndby, né heldur af Dönum. Stefán gerði upp tíma sinn í Danmörku í afar löngu viðtali við sporten.dk.

„Við höfum búið í fjórum löndum og alltaf tekið nýrri menningu með opnum huga. Reynslan í Danmörku varð þess valdandi að þangað förum við aldrei aftur,“ sagði Stefán, sem var um tíma fyrirliði liðsins en á skömmum tíma breyttist allt. Félagið vildi losna við hann en það gekk ekki þrautalaust.

„Ástandið var mjög sérstakt þarna. Ég fór með krakkana á leikskólann og fór svo á æfingu. Það var meiri leikskólastemning á æfingasvæðinu en nokkurn tímann í leikskólanum. Það er allt annað í gangi þarna en í Noregi. Drengirnir mínir hafa komið heim af vellinum útataðir í ælu þökk sé sauðdrukknum manni sem sat fyrir aftan þá. Sá hafði einnig sett sígarettuösku í hárið á þeim. Honum stóð alveg á sama þegar konan mín kvartaði við hann,“ sagði Stefán, en hann er ekki hrifinn af því hversu mikið er drukkið á dönskum völlum.

„Drykkjumenningin í kringum danska boltann er ekkert sem Danir geta stært sig af. Það er heldur ekkert eðlilegt við að 12-13 ára stelpur séu að senda leikmönnum SMS og foreldrunum finnst það eðlilegt þar sem þær vilja ræða fótbolta. Þær hafa engan áhuga á að ræða fótbolta. Hvað er eiginlega málið? Þetta eru börn, fjandinn hafi það.“ **- hbg**

Sænski körfuboltinn:

## Sundsvall í undanúrslit

**KÖRFUBOLTI** Íslendingaliðið Sundsvall Dragons tryggði sér í gær sæti í undanúrslitum sænsku úrvalsdeildarinnar er það lagði Jämtland, 83-67, í oddaleik.

Hlynur Bæringsson var afar sterkur í liði Sundsvall og skoraði 16 stig, tók 7 fráköst og gaf 3 stoðsendingar.

Afmælisbarnið Jakob Örn Sigurðarson var einnig góður en hann skoraði 12 stig, tók 4 fráköst og gaf 5 stoðsendingar. **- hbg**




## > Michelle Rodriguez

„Ég á mér viðkvæma hlið."

***Michelle Rodriguez leikur í spennumyndinni The Fast and the Furious, en myndin fjallar um leynilögreglumann sem þarf að komast í klíku ólöglegra kappakstursmanna í Los Angeles til að koma upp um glæpahring og er hún á Stöð 2 Bíó kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KRISTJANA ARNARSDÓTTIR SKAMMAST SÍN EKKI FYRIR AÐ FÍLA GLEE

# *Fyndnir og frábærir krakkar í Glee*

Eitt af því sem mér finnst alltaf óstjórnlega fyndið þegar kemur að sjónvarpsþáttum eða kvikmyndum, er þegar persónurnar byrja að syngja og dansa eins og ekkert sé eðlilegra. Engar æfingar liggja að baki, þetta gerist bara. Að þessu sögðu mætti gefa sér að mér þætti söngþátturinn Glee algjör skelfing en svo er nefnilega ekki. Einn af hápunktum vikunnar er þegar það kemur nýr Glee á Stöð 2 og ég get skellt mér upp í sófa, hækkað í botn og fylgst með unglingunum afgreiða hvern „hittarann" á eftir öðrum með stæl. Ég á meira að segja stundum erfitt með að bíða í heila viku sem líður á milli þátta og fletti því Glee upp á leitarsíðum Google til þess að horfa á klippurnar úr næsta þætti.

Krakkarnir í Glee gera nefnilega þetta sem mér finnst svona óstjórnlega fyndið. Skyndilega skellur á lag og allir syngja og dansa líkt og þetta hafi verið löngu samið, en í raun og veru gerist þetta bara hjá þeim. Yfirleitt syngja þau þekkt lög og gera það í langflestum tilfellum ótrúlega vel. Ég stend mig ansi oft að því að fara á Youtube og slá inn Glee-útgáfuna fram yfir þá upprunalegu. Og mér finnst ekkert skömmustulegt að viðurkenna það.



## SJÓNVARPIÐ

**15.20 Meistaradeild í hestaíþróttum** (e)
**15.35 Þýski boltinn** (e)
**16.35 Íslenski boltinn** (e)
**17.20 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (9:12) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Skordýrin í Sólarlaut** (42:43)
**18.23 Skúli skelfir** (35:52)
**18.34 Kobbi gegn kisa** (20:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Skólahreysti** (3:6) Í Skólahreysti keppa grunnskólar landsins sín á milli í hinum ýmsu greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.
**20.40 Að duga eða drepast** (22:31) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum.
**21.25 Icesave – um hvað er kosið?** Umfjöllun um afleiðingar þess að þjóðin samþykki eða felli lögin um ríkisábyrgð vegna Icesave.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Njósnadeildin** (4:8) (Spooks VIII) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Tími nornarinnar** (2:4) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Groomsmen**
**10.00 Proof**
**12.00 Red Riding Hood**
**14.00 The Groomsmen**
**16.00 Proof**
**18.00 Red Riding Hood**
**20.00 The Fast and the Furious**
**22.00 You Don't Mess with the Zohan**
**00.00 The Hoax**
**02.00 Glastonbury**
**04.15 The Fast and the Furious**
**06.00 Ask the Dust**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The New Adventures of Old Christine** (11:22)
**10.40 Wonder Years** (5:17)
**11.05 Burn Notice** (1:16)
**11.50 Flipping Out** (1:9)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (6:24)
**13.25 America's Got Talent** (26:26)
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (1:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (4:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (22:23) Stórskemmtilegur gamanþáttur um Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar.
**20.10 The Big Bang Theory** (1:23) Ný þáttaröð. Þriðja serían af þessum stórskemmtilega gamanþætti um ævintýri nördanna viðkunnanlegu Leonard og Sheldon.
**20.35 How I Met Your Mother** (2:24) Í gamanþættinum How I Met Your Mother fáum við að kynnast vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin.
**21.00 Bones** (2:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings.
**21.45 Burn Notice** (16:16)
**22.40 Daily Show: Global Edition**
**23.10 Pretty Little Liars** (19:22)
**23.55 Grey's Anatomy** (17:22)
**00.40 Ghost Whisperer** (3:22)
**01.25 How She Move**
**02.55 Impulse**
**04.35 Bones** (2:23)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Iceland Expressdeildin 2011**
**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu.
**18.00 Meistaradeildin - upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Tottenham** Bein útsending frá leik Real Madrid og Tottenham Hotspur í Meistaradeild Evrópu. Þetta er fyrri leikur liðanna í 8 liða úrslitum. Á sama tíma fer fram leikur Inter og Schalke sem er í beinni á Sport 3.
**20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**21.05 Meistaradeild Evrópu: Inter - Schalke** Útsending frá leik Internazionale og Schalke í Meistaradeild Evrópu. Þetta er fyrri leikur liðanna í 8 liða úrslitum. Leikurinn er sýndur í beinni útsendingu á Sport 3 kl. 18.30.
**22.55 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Tottenham**
**00.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 QPR - Sheffield Utd.**
**14.35 West Ham - Man. Utd.** Útsending frá leik West Ham og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
**16.20 Birmingham - Bolton** Útsending frá leik Birmingham City og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
**18.05 Premier League Review** Flottur þáttur um enska úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**19.00 Fulham - Blackpool** Útsending frá leik Fulham og Blackpool í ensku úrvalsdeildinni.
**20.45 Man. City - Sunderland** Útsending frá leik Manchester City og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.
**22.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.00 WBA - Liverpool** Útsending frá leik West Brom og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.20 Spjallið með Sölva** (7:16) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (7:16) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**17.10 Dr. Phil**
**17.55 Got To Dance** (13:15) (e)
**19.00 Being Erica** (8:13) (e)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (34:39)
**20.10 Matarklúbburinn** (2:7) Hrefna Rósa Sætran snýr aftur í nýrri þáttaröð af Matarklúbbnum.
**20.35 Innlit/ útlit** (5:10) Sesselja lítur á vinnustofu Hugleiks Dagssonar listamanns og Bergrún Íris ræðir við Unu Hlín sem rekur verslunina Royal Extreme. Fröken Fix lítur svo inn til Sigríðar Arnardóttur dagskrárgerðarkonu ásamt mörgu fleiru.
**21.05 Dyngjan** (8:12) Konur kryfja málin til mergjar í Dyngjunni, glænýjum sjónvarpsþætti undir stjórn kjarnakvennanna Nadiu Katrínar Banine og Bjarkar Eiðsdóttur. Í þættinum verður m.a. fjallað um heilsuna, mataræði og hreyfingu.
**21.55 The Good Wife** (11:23) Þáttaröð með stórleikkonunni Julianna Margulies sem slegið hefur rækilega í gegn.
**22.45 Makalaus** (5:10) (e)
**23.15 Jay Leno**
**00.00 CSI** (12:22) (e)
**00.50 Heroes** (2:19) (e)
**01.35 The Good Wife** (11:23) (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Shell Houston Open** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.50 Shell Houston Open** (1:4)
**15.50 Champions Tour** (3:25)
**16.45 Ryder Cup Official Film 2004**
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour - Highlights** (13:45)
**19.45 Dubai World Championship** (4:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (6:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**18.50 Bak við tjöldin: Söngkeppni framhaldsskólanna** Hér verður fylgst með keppendum á æfingum, í upptökum og mörgu fleiru sem lagt var fyrir þá á sérstakri æfingahelgi sem haldin var í mars.
**19.30 The Doctors**
**20.15 Gossip Girl** (8:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Jamie Oliver's Food Revolution** (2:6) Í þessari Emmy-verðlaunaþáttaröð ferðast sjónvarpskokkurinn geðþekki til Bandaríkjanna í þeim ásetningi að berjast gegn offitu, hjartasjúkdómum og sykursýki.
**22.45 The Event** (14:23) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök. Ásamt kærustu sinni lendir hann á flótta og áður en þau vita af eru þau orðin flækt í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.
**23.30 Nikita** (5:22)
**00.15 Bak við tjöldin: Söngkeppni framhaldsskólanna**
**00.55 Gossip Girl** (8:22)
**01.40 The Doctors**
**02.25 Sjáðu**
**02.50 Fréttir Stöðvar 2**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jónu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Arngrímur Jóhannsson, flugstjóri og forseti Flugmálafélags Íslands, um Kanselínatlögu yfirvalda að einkaflugi.
**21.00 Græðlingur** Við klippum og klippum og klippum með Gurrý.
**21.30 Svartar tungur** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór heitir úr þingsal.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA 2001-2011




SKRÁÐ FÉLÖG HAFA TVÖ ÁR TIL AÐ KOMA KYNJAHLUTFÖLLUNUM Í LAG

STJÓRNARHÆTTIR FYRIRTÆKJA

NÝSKÖPUN – FIMM ATRIÐI UM SÝNINGAR

**MARKAÐURINN KEMUR ÚT Á MORGUN!**




**Allt sem þú þarft ...**

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30**
**Real Madrid - Tottenham**

Það er komið að fyrstu leikjunum í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Stórlið Real Madrid tekur á móti Tottenham á Spáni og á sama tíma mætast Inter og Schalke í Míanó en sá leikur er sýndur beint á Sport 3.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Stjórnarskrá að eigin vali **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.17** Fimm fjórðu **23.08** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**08.55** Deal or No Deal **09.30** Deal or No Deal **10.05** EastEnders **10.35** Top Gear **11.30** Keeping Up Appearances **12.00** ,Allo ,Allo! **12.35** Fawlty Towers **13.05** Dalziel and Pascoe **13.55** Dalziel and Pascoe **14.45** Deal or No Deal **15.20** Deal or No Deal **15.55** Keeping Up Appearances **16.25** ,Allo ,Allo! **17.00** Fawlty Towers **17.30** Inspector Lynley Mysteries **18.20** Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** The Office **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Live at the Apollo

## DR 1

**12.30** Kongehuset indefra **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Kasper & Lise **14.30** Lille Nørd **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Kender du typen **18.30** Cirkus Revyen - En stor familie **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Maria Wern. Fremmed fugl **20.45** Maria Wern. Fremmed fugl **21.30** Gintberg på kanten **22.00** Når himlen bryder sammen

## NRK 1

**12.05** Puls **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** NRK nyheter **14.10** Nummer 1 **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Vår aktive hjerne **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Ut i naturen **18.15** Kjærlighetshagen **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Brennpunkt **20.30** Nurse Jackie **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.45** Ari og Per **22.15** Bakrommet. Fotballmagasin **22.45** Skavlan

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Djursjukhuset **10.35** Det söta livet **11.20** En melodi om våren **12.40** Flight of the Conchords **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Notes From the Underbelly **14.30** Så ska det låta **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Huset fullt av hundar **19.00** Veckans brott **20.00** Dox **21.25** Två kockar i samma soppa **22.15** Gynekologen i Askim




Fimm rétta
HOLI
hátíðarmatseðill
4.990 kr.

*FORRÉTTUR*

Pollichatu-lax
*Lax marineraður í blöndu af chillí, kúmmíni, kóríander, túrmerik, engiferi og hvítlauk. Grillaður í bananalaufi*

*AÐALRÉTTIR*

Barra-kebab
*Lambafillet, marinerað í hvítlauk, rauðu chillí, fenugreek og ferskri myntu. Vinsælasti lambaréttur Norður-Indlands*

*og*

Murg Chili Hussainee
*Einstök blanda af grænu chillí, hnetum, sinnepsfræjum, saffran og rjóma setur þennan kjúklingarétt í sérflokk*

*og*

Aloo Lucknowi
*Hægeldaðar kartöflur í ljúffengri blöndu af kúmmíni, kóríander, fenugreek, engiferi og hvítlauk*

*MEÐLÆTI*

Raitha
*Salat úr heimalagaðri jógúrt og gúrkum*

*og*

Basmati-hrísgrjón

*og*

Naan-brauð
*Gómsæti úr tandoori-ofninum*

*EFTIRRÉTTUR*

Crème Brûlée
*Indversk útgáfa af þessum klassíska rétti með kókos- og engiferbragði*

# HOLI-hátíð
## á Austur-Indíafjelaginu
### *– gleði, litir og dásamlegur matur*

Um þessar mundir halda Indverjar Holi-hátíðina sína og Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli í apríl á hreint frábæru verði: **4.990 kr.**

***Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð. Borðapantanir í síma 552 1630.***





*HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrungann. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvað annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.*

*Hverfisgata 56, 101 Reykjavík*
*Sími: 552 1630*

*Opið:*
*sun.-fim. 18:00 - 22:00*
*fös. og lau. 18:00 - 23:00*

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is






**AVATAR 3D Blu-Ray FYLGIR MEÐ!** Blu-ray Disc

# SJÓNVARPSTILBOÐ

**Panasonic TXP42GT20 - Full HD 3D**
42" Full HD 3-D THX NeoPlasma sjónvarp með 1920x1080p upplausn, THX, Vreal Pro5 Engine - High Contrast Filter, 600Hz Intelligent Frame Creation, Infinite Black 5.000.000:1 (Native) skerpa, Pro 24p Smooth Film/ Play Back, 0.001 msec svartíma, x.v Colour, Progressive Scan, VIERA CAST nettengingu, Digital Cinema Colour 3D Colour, Motion Pattern Noise Reduction 3D Comb Filter, C.A.T.S háskerpu HDTV DVB-T stafrænn móttakari (MPEG4), kortalesari, 2 x USB tengi fyrir Wi-Fi/HDD upptöku, 2x Scart (með RGB), 4 HDMI, innbyggður gervihnattamóttakari, PC tengi ofl.

**Panasonic**
**ideas for life**

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 329.990

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég færi á Saffran og fengi mér sesar-salatið þar. Það er alveg rosalega gott en því miður fer ég ekki nógu oft þangað.“*

Eyrún Helga Guðmundsdóttir, klippari.

# Finnar kaupa óséðan Heimsendi

„Ég hef alltaf verið heillaður af Finnum. Ég hef að vísu aldrei komið þangað, en er alltaf á leiðinni,“ segir leikstjórinn Ragnar Bragason.

Finnska ríkissjónvarpið YLE hefur keypt sýningarréttinn á sjónvarpsþáttunum Heimsendi án þess að hafa séð svo mikið sem einn þátt. Leikstjórinn Ragnar Bragason vinnur nú að handriti þáttanna ásamt Pétri Jóhanni Sigfússyni, Jörundi Ragnarssyni og Jóhanni Ævari Grímssyni. Þeir voru einnig á bak við Vaktaþættina víðfrægu, ásamt borgarstjóranum Jóni Gnarr, en eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafa þættirnir Nætur-, Dag- og Fangavaktin verið sýndir á YLE við góðan orðstír.

„Það er kominn góður fílingur eftir sýningar á Vaktaseríunum,“ segir Ragnar. „Þetta er sami hópurinn og sama fyrirtæki á bak við Heimsendi og þeir treysta því. Ætli þeim hafi ekki litist vel á hugmyndina.“

Tökur á Heimsendi hefjast í byrjun júní. Þættirnir gerast á geðdeild og verða teknir upp á Kjalarnesi á yfirgefnu geðdeildinni Arnarholti. Sýningar hefjast í október. - afb



**ARNARHOLT Á KJALARNESI** Þættirnir Heimsendir eftir Ragnar Bragason og félaga gerast á geðdeild og verða teknir upp á Arnarholti. Finnska ríkissjónvarpið hefur keypt sýningarrétt á þáttunum þrátt fyrir að tökur hefjist ekki fyrr en í sumar.








**SKRIFA HANDRIT** Auddi, Egill og Hannes vinna nú að handriti við kvikmyndina Leynilögga, en stikla myndarinnar sló í gegn á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

AUÐUNN BLÖNDAL: MIG HEFUR ALLTAF DREYMT UM AÐ GERA BÍÓMYND

# Ætla að gera hasarmynd úr Leynilöggustiklunni

„Ég er mjög spenntur og hlakka mikið til að skrifa þetta – mig hefur alltaf dreymt um að gera bíómynd,“ segir sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal.

Auddi er byrjaður að skrifa handrit að hasarmyndinni Leynilögga ásamt Agli Einarssyni, Hannesi Þór Halldórssyni og Huga Halldórssyni. Stikla við myndina sló í gegn á dögunum, en hún var framleidd fyrir sérstaka stiklukeppni Audda og Sveppa sem fór fram í þætti þeirra á Stöð 2. Verkefnið er á byrjunarstigi en Sena hyggst koma að því sem meðframleiðandi.

„Við erum komnir með þráð í gegnum myndina – um hvað hún á að fjalla,“ segir Auddi. „Fólk sá náttúrlega mikið af því í *treilernum*. Við verðum samt að passa okkur á því að það verði ekki allt gefið upp í honum.“

Auddi og félagar stefna að því að handritið verði tilbúið í sumar, en þá fer lengra ferli í gang; klára þarf fjármögnun og ganga frá öðrum lausum endum. Ef allt gengur upp yrði myndin frumsýnd á næsta ári.

Fjölmargir þekktir leikarar komu fram í stiklunni og Auddi segir þá vera spennta fyrir því að koma fram í kvikmyndinni. Á meðal þeirra sem komu fram í stiklunni eru Gísli Örn, Björn Hlynur, Hjalti Úrsus, Steindi Jr., Ingvar E., Heiðar Austmann og Íris Björk, kærasta Audda og fyrrverandi ungfrú Reykjavík, Hörður Magnússon, Hemmi Gunn og Egill Einarsson, sem leikur elskhuga Audda. „Það eru allir tilbúnir að leika þessi hlutverk í bíómynd. Mönnum finnst það mjög fyndið,“ segir Auddi.

Miðað við stikluna verður myndin lögguhasar en augljóst er að grínið verður aldrei langt undan. „Við viljum að hún svínlúkki þannig að það séu flott hasaratriði, en aldrei stutt í grínið,“ segir Auddi, sem bjóst aldrei við viðbrögðunum sem stiklan fékk, en þau urðu til þess að handritsskrif hófust. „Það ræddu margir um að þeir vildu sjá *treilerinn* sem bíómynd.“

atlifannar@frettabladid.is






# Til Los Angeles á fund Charlies

„Við erum að fara að heimsækja Charlies-stelpurnar, sem við erum búnir að vera að vinna með,“ segir Pálmi Ragnar Ásgeirsson úr upptökustjórateyminu StopWaitGo.

Pálmi og félagar héldu til Los Angeles í gær, en þar taka Klara, Alma og Steinunn í stúlknahljómsveitinni Charlies á móti þeim. Félagarnir ætluðu í svipaða ferð í fyrra en hún datt upp fyrir. Þeir hyggjast vera í þrjár vikur úti í sólinni og hafa í nógu að snúast.

„Við erum að fara á fundi og reyna að koma okkur á framfæri úti – efla tengslin við fólkið sem við erum búnir að vera í samstarfi við í tvö, þrjú ár án þess að hafa hitt,“ segir Pálmi. Ásamt því að hafa samið og útsett lög fyrir Charlies hafa strákarnir unnið með söngvaranum Friðriki Dór auk þess að hafa unnið lagið Geðveikt fínn gaur með grínistanum Steinda Jr., en það naut mikilla vinsælda.

Spurður hvort markmiðið með ferðinni sé að koma ár sinni þannig fyrir borð að þeir geti samið og útsett fyrir erlenda listamenn segir Pálmi svo vera. „Það er möguleiki. Við erum að fara að hitta alls kyns fólk sem getur komið okkur í samband við hina og þessa,“ segir hann. „Ég þori ekki að lofa neinu, en það er markmiðið til lengdar. Við erum að fara á alls kyns fundi með hinum og þessum sem við verðum að sjá hvað kemur út úr.“ - afb



**EFLA TENGSLIN** StopWaitGo-drengirnir Pálmi Ragnar Ásgeirsson, Ásgeir Orri Ásgeirsson og Sæþór Kristjánsson fóru til Los Angeles í gær, en þar ætla þeir að efla tengslin við tónlistarbransann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# LAGERSALA 5. - 10. apríl

66° NORÐUR

**50 - 80% afsláttur**

KRAKKAR 2-14 ára



**Rán léttur jakki og buxur**
Jakki: áður: 7.800 kr. | **nú: 3.800 kr.**
Buxur: áður: 5.000 kr. | **nú: 2.500 kr.**

KRAKKAR 2-14 ára

Einnig rautt



**Bragi dúnvesti**
áður: 15.800 kr. | **nú: 7.500 kr.**

KRAKKAR 2-14 ára

Fleiri litir



**Baldur peysa**
áður: 9.800 kr. | **nú: 3.800 kr.**

HERRAR (L - XL)



**Glymur öndunarjakki**
áður: 64.900 kr. | **nú: 17.500 kr.**

DÖMUR (S - XL)

Einnig rauð & svört



**Logn regnkápa**
áður: 15.500 kr. | **nú: 4.000 kr.**

DÖMUR (S - XL)



**Vindur jakki**
áður: 39.800 kr. | **nú: 15.000 kr.**

www.66north.is

**Faxafeni 12 (2.hæð):** Þrið. - föst. 9 – 18 I Laug. 11 – 16 I Sunn. 12 – 16
**Glerárgata 32, Akureyri:** Þrið. - föst. 9 – 18 I Laug. 11 – 16

# FRÉTTABLAÐIÐ

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR | PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Swinton keypti páskaegg

Leikkonan **Tilda Swinton** er stödd hér á landi í myndatöku fyrir tímaritið W, samkvæmt vefsíðunni Menn.is. Swinton ferðast með elskhuga sínum, listmálaranum Sandro Kopp, en eiginmaðurinn, leikskáldið John Byrne, bíður heima. Sátt ríkir um þetta fyrirkomulag hjónanna og hefur hún rætt það opinberlega. Swinton kom við í Hagkaupi í Skeifunni á sunnudag og keypti sér páskaegg af stærstu gerð. Þá sást hún bregða sér inn á Hótel Óðinsvé, en þar á bæ vildi enginn tjá sig um leikkonuna bresku þegar Fréttablaðið hafði samband.



### Paradís í Karíbahafinu

Hjónin **Gunnar Þorsteinsson** og **Jónína Benediktsdóttir** taka þessa dagana forskot á sumarsæluna með siglingu á skemmtiferðaskipi um Karíbahaf. Í fyrradag sóttu þau Gunnar og Jónína samkomu á skipinu en í gær hófst dagurinn með líkamsrækt og hollum morgunmat, að því er Jónína greinir frá á Facebook-síðu sinni. „Nú er það að sigla á björgunarbát í land. Ekkert nema gaman hér í Karabíska hafinu og lífið einfalt og þægilegt. En við söknum jú barnanna og vinanna. Ef þið viljið finna ódýrar svona ferðir farið inn á lastminute.com á síðustu stundu," útskýrir Jónína, sem jafnframt upplýsir að eiginmaðurinn sé orðinn „helmassaður".

- afb, gar



## Mest lesið vísir

1. Gríðarlegt áfall fyrir drenginn
2. Harmleikur hjá fjölskyldu Bubba
3. Keypti eldspýtur og lím – listinn allur birtur á morgun
4. Karlmönnum með kvíða komið til bjargar
5. Þakhluti rifnaði af Boeing þotu





HEITIR & KALDIR Dagar Í APRÍL

VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Í NÍU MÁNUÐI

ÚRVAL HEIMILISTÆKJA Á TILBOÐSVERÐI




· AEG OFN [B-3051-5-W]
· AEG HELLUBORÐ [HK-634000 XB]
LISTAVERÐ: 219.800,-
TILBOÐSVERÐ: 175.840,-
20% afsláttur




· AEG OFN [B-3051-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [HK634000 XB]
LISTAVERÐ 232.800,-
TILBOÐSVERÐ: 186.240,-
20% afsláttur




· AEG OFN [B-4101-5-M]
· AEG HELLUBORÐ [HK634070 XB]
LISTAVERÐ 285.800,-
TILBOÐSVERÐ: 228.640,-
20% afsláttur

Tefal
POTTAR OG PÖNNUR







AF ÖLLUM AEG GAS-HELLUBORÐUM




TILBOÐ! Kr. 299.900,-
SAMSUNG RSH5UTTS
„AMERÍSKUR" · Titanium Silver
Verð: ~~369.900.-~~
Kælir/frystir · Aldrei að afþýða

EINSTAKT TÆKIFÆRI!!

TILBOÐSVERÐ Á KÆLI- OG FRYSTISKÁPUM

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



KANNAÐU ÚRVALIÐ!

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

GÓÐ ÞJÓNUSTA GOTT VERÐ

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |